



Réttarhöld yfir katalónskum aðskilnaðarsinum hófust í Madrid í gær. Ágætis stemning virtist á meðal ákærðu í dómsal. Verjendur þeirra sögðu réttarhöldin hins vegar pólitísk og kvörtuðu yfir því að hafa ekki enn fengið öll gögn í hendur. Fyrir utan mótmæltu bæði spænskir sambandssinnar og katalónskir sjálfstæðissinnar. Sjá nánar á síðu 2. NORDICPHOTOS/AFP

Ríkið tapaði aftur í Strassborg

Ríkið refsaði Ragnari Þórisssyni tvisvar fyrir sama skattalagabrot segir Mannréttindadómstóll Evrópu. Ragnari dæmdar rúmar tvær milljónir króna. Fallist var á endurupptöku dóms Hæstaréttar í líku máli.

DÓMSMÁL Ragnar Þórisson, stofnandi vogunarsjóðsins Boreas Capital, hafði betur gegn íslenska ríkinu fyrir Mannréttindadómstól Evrópu í gær en dómstóllinn taldi íslenska ríkið brotlegt fyrir að dæma Ragnar tvívegis til refsingar fyrir sama brot sem fer í bága við 4. gr. 7. viðauka Mannréttindasáttmála Evrópu.

Ragnar var dæmdur í tveggja ára skilorðsbundið fangelsi og til greiðslu sektar upp á 21 milljón í Hæstarétti árið 2014 fyrir skattalagabrot en honum hafði áður verið gerð refsing af hálfu ríkisskattstjóra með 25 prósentu álagi ofan á endurálagningu árið 2010. Brot

hans fólst í því að hafa ekki talið fjármagnstekjur til skatts árið 2007.

Málsvörn sína í Hæstarétti hafði Ragnar meðal annars byggt á sömu rökum og forsendur Mannréttindadómstólsins byggja á en Hæstiréttur féllst ekki á að það færi í bága við bann við endurupptekinni málsmeðferð „þótt stjórnvöld hafi áður gert manni að greiða skatt af álagi á skattstofn og sama manni sé síðan í öðru máli gerð viðurlög vegna sömu málsatvika“.

Þessu er Mannréttindadómstóllinn ekki sammála. Dómurinn lítur svo á að sú framkvæmd skatt-yfirvalda að leggja álag komi ekki

» Ragnar Þórisson var dæmdur í tveggja ára skilorðsbundið fangelsi og til greiðslu sektar upp á 21 milljón í Hæstarétti árið 2014 fyrir skattalagabrot en honum hafði áður verið gerð refsing af hálfu ríkisskattstjóra.

endilega í veg fyrir að hefja megi sakamálarannsókn vegna sama brots. Slíka rannsókn má þó ekki hefja hafi fyrri rannsókninni þegar verið lokið. Er íslenska ríkinu gert að greiða Ragnari 5.000 evrur í miskabætur og 10.000 evrur í málskostnað eða rúmar tvær milljónir króna samtals.

MDE hafði áður dæmt ríkinu í óhag fyrir sams konar brot í máli Jóns Asgeirs Jóhannessonar og Tryggva Jónssonar og fóru þeir í framhaldinu fram á endurupptöku á dómi Hæstaréttar. Fallist var á þá beiðni í fyrra og er mál þeirra nú rekið fyrir Hæstarétti að nýju. – að

Arionbréf í sölu

VIÐSKIPTI Kaupþing, stærsti hluthafi Arion banka, áformar að selja að lágmarki tíu prósentu hlut í bankanum á komandi vikum. Hluturinn verður seldur í gegn um tilboðsfyrirkomulag. Miðað við núverandi gengi bréfa er tíu prósentu hlutur í Arion metinn á um 14,5 milljarða. – hae / sjá Markaðinn

Borgi til baka

VIÐSKIPTI Seðlabankinn ætti að rétta hlut þeirra sem sættu sektum af hálfu bankans eða gerðu sátt við hann undir þvingun án gilda viðurlagaheimilda.

Þetta er mat Birgis Tjörva Péturssonar lögmanns. Álit umboðsmanns Alþingis sé áfelliðsdómur yfir stjórn-sýslu bankans. – kij / sjá Markaðinn



Íslandsbanki

Fyrirtækjafræðsla Íslandsbanka

Fræðslufundir um málefni lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Skráning og dagskrá næstu funda á islandsbanki.is/fyrirtækjafraedsla

Veður



Breytileg átt 5-10 fyrir hádegi en snýst í norðan 8-15 síðdegis með eljum á stöku stað. Talsverð slydda um landið SA-vert eftir hádegi, en snjókoma NA-til undir kvöld. Styttir að mestu upp fyrir austan.
SJÁ SÍÐU 14

Samkeppni



Hallgrímskirkja fær þó nokkra samkeppni þessa dagana enda teygja nokkrir voldugir kranar sig nú upp til himins í nágrenni háhýsisins. Hið háresta guðshús finnur þó vart fyrir neinni minnimáttarkennd. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

FRÉTTABLAÐIÐ
+PLÚS

Fleiri myndir úr Reykjavík gærdagsins eru á +Plús-síðu Fréttablaðsins. Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaði.is.

Réttarhöldin sögð vera farsí

SPÁNN Réttarhöldin yfir leiðtogum katalónsku sjálfstæðishreyfingarinnar hófust við hæstarétt Spánar í Madrid í gær. Málið má rekja til sjálfstæðisatkvæðagreiðslu og -yfirlýsingar haustið 2017. Áratuga fangelsisvistar er krafist fyrir meinta uppreisn og uppreisnaráróður.

Verjendur fóru með opunarorð sín og ræddu einna helst um tvennt. Annars vegar sökuðu þeir spænsk stjórnvöld um mannréttindabrot. Hins vegar kvörtuðu þeir yfir meintri hlutdrægni dómstólsins, sögðu réttarhöldin pólitísk og fóru fram á frestun þar sem verjendur hafa enn ekki fengið öll gögn í hendur.



Quim Torra, forseti Katalóníuhéraðs.

Quim Torra, forseti Katalóníu, sagði á blaðamannafundi að hann færi fram á að alþjóðlegum samtökum yrði heimilað að stunda eftirlit með hinum „farsakenndu réttarhöldum“. Þeirri beiðni hefur hæstiréttur áður hafnað og sagt nóg að þeim sé sjónvarpað.

„Nú er fyrsta degi réttarhalda, sem aldrei hefðu átt að fara fram, lokið. Það að við séum að horfa upp á kjörna fulltrúa fyrir dómi er árás á lýðræðið,“ sagði Torra.

Torra krafðist þess einnig að Pedro Sanchez forsætisráðherra mætti til alvöru viðræðna til þess að ræða um nýja atkvæðagreiðslu um sjálfstæði. Ellegar gætu katalónskir flokkar ekki stutt fjárlagafrumvarp hans í atkvæðagreiðslu á þinginu í dag. Fá hann ekki þann stuðning er talið að frumvarpið verði fellt og að stjórn sósíalista boði til nýrra kosninga. – þea

Srí Lanka vill ráða tvo böðla

SRÍ LANKA Ríkisstjórn Srí Lanka auglýsir nú eftir tveimur böðlum. Reuters greindi frá þessu í gær en Maithripala Sirisena forseti lýsti því yfir í síðustu viku að hann vildi taka upp dauðarefsingar í eyríkinu á ný til þess að refsa fikniefnasmyglurum, -framleiðendum og -sölum.

Átakið sem Sirisena ætlar að ráðast í er líklega að filippseyskri fyrirmynd. Rodrigo Duterte forseti hefur háð grimmilegt stríð gegn fikniefnakaupmönnum og hefur þarlend lögregla drepit þúsundir, jafnvel án dóms og laga.

Dauðarefsingu hefur hins vegar ekki verið beitt á Srí Lanka í 43 ár, jafnvel þótt landslög heimili beitingu hennar. Samkvæmt Reuters sagði síðasti böðull landsins upp störfum árið 2014, hafði þá aldrei tekið neinn af lífi. Eftirmaður böðulsins, ráðinn á síðasta ári, mætti svo aldrei til starfa. – þea

Veik króna refsaði IKEA á metsöluári

Þrátt fyrir metveltu á síðasta rekstrarári dróst hagnaður IKEA á Íslandi verulega saman milli ára. Þórarinn Ævarsson, framkvæmdastjóri IKEA, segir að þessa mótsögn megi nær alfarið að skrifa á sviptingar í gengi krónunnar.

VIÐSKIPTI „Það má algjörlega heimfæra þetta á krónuna,“ segir Þórarinn Ævarsson, framkvæmdastjóri IKEA á Íslandi. Hann segir að þrátt fyrir metár í sölu, þar sem heildarvelta nam 11,4 milljörðum króna, hafi EBIT-hagnaður engu að síður dregist saman um næstum helming. Var á síðasta rekstrarári 613 milljónir samanborið við 1.175 milljónir árið áður.

„Síðasta rekstrarár var metár í sölu, bæði í krónum talið og rúmmetrum, sem er raunar betri mælieining en krónan því menn geta alltaf hækkað og lækkað verð en hver einasta vara sem við seljum er mæld.“

Síðasta rekstrarári IKEA lauk hinn 1. september síðastliðinn og segir Þórarinn að laun og annar rekstrarkostnaður hafi verið í takt við væntingar. En kostnaður seldra vara, sem er afleiðing veikari krónu, hafði þau áhrif að framlegðin dróst þetta mikið saman.

„Kostnaðarverð seldra vara jókst um tæpa 1,3 milljarða og rúmlega étur upp alla söluaukningu ársins.“ Þórarinn bendir á að líkt og fyrr festi IKEA verð sín ár fram í tímann í árlegum vörubæklingi sínum. Raunar rúmlega það.

„Við ákveðum verðin fyrir árið allt að 3-5 mánuðum áður en vörulistinn er gefinn út. Þá vorum við á sterkasta stað en svo húrraðist krónan niður eftir það. Við erum búin að skuldbinda okkur 16 mánuði fram í tímann og ég þarf að taka veðmál 16 mánuði fram í tímann um hvernig þróunin á krónunni verður.“

Hann segir veitingastaðinn vissulega eiga stóran hluta metársins út frá veltu en þar gildi önnur lögmál



Þrátt fyrir metveltu á síðasta rekstrarári dróst hagnaður IKEA saman um nærri helming. Gengisfalli krónunnar er kennt um. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ég þarf að taka veðmál 16 mánuði fram í tímann um hvernig þróunin á krónunni verður.

Þórarinn Ævarsson, framkvæmdastjóri IKEA



En kemur ekki til greina að breyta þeirri aðferð að festa verð verslunarinnar svo langt fram í tímann í ljósi þess að krónan rokkað sífellt til og frá?

„Ég held að þrátt fyrir að þetta sé mjög erfitt á köflum þá sé þetta mjög ljúf svipa líka. Það þýðir að ef illa árar þá get ég ekki farið að hækka verð eins og allir gera og það þýðir að ég þarf að taka til annars staðar. Og það er bara ofsalega hollt. Það er óhollt að í hvert skipti sem krónan hikstar, þá hækka allir verðin. Það þýðir hærri verðbólgu fyrir alla. Ég býst ekki við að breyta þessu þó þetta skeri okkur vissulega þrengri stakk en öðrum.“

mikael@frettabladid.is

Valentine's Day
Every story has a bead

TRILL BEADS
THE ORIGINAL SINCE 1976

11.980 KR.

HJARTA ARMBAND
sterling silfur



14.700 KR.

ARMBAND
með ástargauki & rósakvars



Ófeigur • Skólavörðustíg 5 • ofeigur.is • S: 5511161



10 BLAÐALJÓSMYNDAVEÐLAUN




7 TILNEFNINGAR TIL BLAÐAMANNAVEÐLAUNA



2 BLAÐAMANNAVEÐLAUN



1 VEFVERÐLAUN



*Tilnefningar fyrir árin 2015-2017

FYRIR TILSTYRK ALMENNINGS Í 4 ÁR

Almenningur hefur viðhaldið **Stundinni** með áskriftum og styrkjum frá febrúar 2015.

Stundin var stofnuð með hóp fjármögnun og er óháð hagsmunablokkum.

Með því að kaupa áskrift styrkir þú sjálfstæða rannsóknarblaðamennsku.

STUNDIN

STENDUR MEÐ ÞÉR

STUNDIN.IS/ASKRIFT - SÍMI: 415 2000

Óskar þess að stjórnarmenn geri grein fyrir hækkunum forstjóra

STJÓRNS ÝSLA Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, hefur sent stjórnunum fyrirtækja í eigu ríkisins bréf þar sem þess er farið á leit að þær geri grein fyrir því hvernig brugðist var við tilmælum ráðuneytisins um að gæta varkarni við launaákvæðanir.

Fyrirgreind tilmæli voru send í janúar 2017 og síðan ítrekuð í júní 2017. Samtímis var bréfið sent Bankasýslu ríkisins. Áður voru ákvæðanir um kjör forstjóra ríkisfyrirtækja teknar af kjararáði en



Bjarni Benediktsson, efnahags- og fjármálaráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

» Fjármálaráðherra gaf 2017 fyrirmæli um launamál fyrirtækja í ríkiseigu.

með breytingum á lögum um ráðið færðist það vald til stjórna fyrirtækjanna, eða Bankasýslu ríkisins í tilfelli ríkisbankanna, þann 1. júlí 2017.

Sú tilfærsla hafði meðal annars í för með sér að laun forstjóra ISAVIA hækkðu um 36 prósent, forstjóra

Íslandsþósts um 25 prósent og forstjóra Landsbankans og Landsvirkjunar um tæp 60 prósent. Þá var sagt nýverið frá því í Fréttablaðinu að laun bankastjóra Landsbankans hefðu hækkað um sautján prósent 1. apríl í fyrra og hafa þau hækkað um 82 prósent frá því að starfið færðist undan kjararáði.

Í hópi stjórnarmanna sem fá bréf fjármálaráðherra nú er Svanhildur Hólm Valsdóttir, aðstoðarmaður fjármálaráðherra, en hún á sæti í stjórn Íslandsþósts. – jõe



Sjúkrabíll. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fær að vita hverjir klöguðu

DÓMSMÁL Heilbrigðisstofnun Suðurlands, HSU, ber að upplýsa lækni um nöfn tveggja einstaklinga sem tilkynntu stofnuninni um að hann hefði verið í annarlegu ástandi í útkalli í lok maí 2015. Læknirinn var á bakvakt þegar hann var kallaður út, á vettvangi var lögregla og sjúkraflutningamenn.

HSU bærust tvær tilkynningar frá fólki sem var á vettvangi. Læknirinn var sendur í leyfi í nokkra daga. Hann vildi vita hverjir hefðu tilkynnt en fékk synjun frá HSU.

Vísaði hann synjuninni til úrskurðarnefndar upplýsingamála sem úrskurðaði í lok janúar að læknirinn fengi að vita hverjir tilkynntu um meint ástand hans. – ab

Skilorð fyrir að nauðga kærustu

DÓMSMÁL Átján ára piltur var í Héraðsdómi Reykjaness dæmdur í tveggja og hálfis árs skilorðsbundið fangelsi fyrir að nauðga fjórtán ára stúlku í febrúar 2017. Pilturinn var þá 16 ára og hafði verið í fjögurra mánaða sambandi með stúlkunni.

Pilturinn var einnig dæmdur fyrir ólöglega nauðung fyrir að hafa læst herbergi stúlkunnar. Hann handlék hníf, tók stúlkuna hálstaki, sló höfði hennar utan í vegg og nauðgaði henni. Stúlkun bar að hann hefði glott á meðan.

Fram kemur í dómnum að frásögn ákærða um það að hann hafi fengið samþykki stúlkunnar hafi breyst þrisvar. – ab

Telur ögurstundu renna upp í kjaraviðræðum í næstu viku

Forseti ASÍ segir að reynt sé að púsla myndinni í kjaraviðræðum saman á mörgum vígstöðvum en engar tillögur í skattamálum liggi fyrir frá stjórnvöldum. Fundað verður hjá ríkissáttasemjara í dag og vonast stéttarfélagin til að SA sýni á einhver spil varðandi launaliðinn. Langlundargeð þeirra sé á þrotum.

KJARAMÁL „Það hefur verið vitað allan tímann að stjórnvöld eru ákveðinn lykill að þessu máli. Við erum ekki að fara að semja um launahækkanir ef þær brenna svo bara upp annars staðar, hvort sem það er í skattkerfinu eða á húsnæðismarkaðnum. Hver sú niðurstaða verður á eftir að koma í ljós,“ segir Drífa Snædal, forseti ASÍ, um stöðuna í kjaraviðræðum.

Hún segir ýmislegt undir í samtali aðila vinnuástandarinnar við stjórnvöld. „Það er verið að reyna að púsla saman myndinni á mörgum vígstöðvum en ég er ekki búin að sjá neinar tillögur frá stjórnvöldum í skattamálunum.“

Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins (SA), telur skilaboð stjórnvalda skýr. „Mér finnst stjórnvöld hafa gefið mjög skýrt til kynna að forsenda fyrir aðkomu þeirra sé sú að kjarasamningar séu á lokametrunum og að þeir séu skynsamlegir.“

Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness, segir það ljóst að krafa sé gerð um að menn hafi í byrjun næstu viku einhverja vitneskju um hvað stjórnvöld ætli að gera.

Fundað verður í deilu SA og fjögurra stéttarféлага hjá ríkissáttasemjara í dag. „Það var talað um að Samtök atvinnulífsins myndu koma með eitthvað varðandi launaliðinn þannig að við verðum bara að sjá hvernig þeir bregðast við þar. Ég held það liggi alveg fyrir að langlundargeð stéttarfélaganna sé nú að



Halldór Benjamín Þorbergsson og Vilhjálmur Birgisson heilsast á fundi hjá ríkissáttasemjara. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Það hefur verið vitað allan tímann að stjórnvöld eru ákveðinn lykill að þessu máli.

Drífa Snædal, forseti ASÍ

verða að þrotum komið og hef trú á því að ögurstund muni renna upp í næstu viku,“ segir Vilhjálmur.

Halldór Benjamín var ekki tilbúinn til að greina frá því hvað SA ætli að koma með að borðinu. „Við

sjáum hverju fram vindur á fundinum. Það er samt mikilvægt að það verði leitt til lykta hvernig við sjáum þessar kjaraviðræður þróast áfram.“

Efling kynnti í gær niðurstöður könnunar sem gerð var meðal félagsmanna sinna. Tæp 80 prósent þeirra telja kröfugerð félagsins sanngjarna og sama hlutfall er hlýnt því að fara í verkfall til að knýja á um þær kröfur. Þá sögðust 63 prósent félagsmanna hafa miklar eða mjög miklar fjárhagsáhyggjur.

Vilhjálmur segir þessar niðurstöður segja meira en mörg orð um stöðuna. „Það er í mínum huga alveg ljóst að verkalýðshreyfingin er tilbúin að láta kné fylgja kviði í því að skapa þessu fólki áhyggjulausara umhverfi en það þarf að búa við í dag. Það þurfa allir, atvinnurekendur, stjórnvöld og verkalýðshreyfingin, að vera með í þessari vegferð. Ef menn gera það ekki er alveg ljóst í hvað stefnir. Þetta er engin hótun, þetta er staðreynd.“
sighvatur@frettabladid.is



Nýtt

ERT ÞÚ MEÐ
HÁLSBÓLGU?
Strefen®

Bólgueyðandi og
verkjastillandi munnuði
við særindum í hálsi



Strefen 16,2 mg/ml munhólsúði, lausn inniheldur flurbiprofen. Strefen er notað sem skammtímameðferð til að draga úr einkennum bráðra hálsástanda hjá fullorðnum. Einn skammtur (3 úðaskammtar) aftast í hálsinn á 3-6 klst. fresti eftir þörfum, upp að hámarki 5 skammtar á 24 klst. tímabili. Ráðlagt er að nota lyfið að hámarki í þrjú daga.

Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

TILVALDAR GRÆJUR

Einnig til sölu í netverslun Ormsson.is



TEAC

PLÖTUSPILARI MEÐ USB SVARTUR

Stöðugur platti úr áli. Beinn tónarmur. Kemur með MM-type AT95E nál frá Audio Technica. Nál er útskiptanleg. Innbyggður formagnari sem hægt er að fara framhjá. Innbyggður 16-bit/48kHz USB digital til að færa plötur yfir á stafrænt form við PC tölvu.

Kr. 55.900,-



Pioneer

HLJÓMTÆKJASTÆÐA

Útvarp með bluetooth, geisladiska- og USB tengi

Kr. 35.900,-



VSX-531D-B

Pioneer

HEIMABIÓ MAGNARI SVARTUR

5x 130W (6 Ohm). 4xHDMI inn. 1xHDMI út

VERÐ ÁÐUR ~~Kr. 63.900,-~~

TILBOÐ ~~Kr. 51.000,-~~



PD-10AE-S

Pioneer

HI-RES GEISLASPILARI SILFUR.

192kHz/24-bit DAC AKM 4482VT. Sérstaklega hljóðlátt drif. MP3 stuðningur af CD-R og CD-RW Random og Repeat afspilunarstillingar. Útgangur: RCA Analog.

Kr. 38.900,-



S-807



**HÁTALARI 3 WAY/
100w/200W/
SVARTUR**

Tíðnisvið: 42Hz – 26kHz. Næmni: 90dB. Viðnám: 8 Ohm. Af: max 200W. Dolby Atmos möguleiki.

VERÐ ÁÐUR ~~Kr. 77.900,- parið~~

TILBOÐ ~~Kr. 58.900,- parið~~



SE-MJ561BT-S

Pioneer

BLUETOOTH ÞRÁÐLAUS HEYRNATÓL

Tíðni (L): 9Hz, (H): 22000Hz. Þyngd: 160 gr

Kr. 11.900,- pr.stk



MRX-5-B/W

Pioneer

ÞRÁÐLAUST HLJÓMTÆKI HVÍTT/SVART

2 Way (77 mm Woofer x 2 + 26 mm Tweeter). Hátalari með Bluetooth og þráðlausri WiFi tengingu. Stuðningur við Spotify, Tuneln og Deezer streymisþjónustur. Aux-in.

VERÐ ÁÐUR ~~Kr. 59.900,- pr.stk~~

TILBOÐ ~~Kr. 29.950,- pr.stk~~



Pioneer

PL-990

PLÖTUSPILARI SVARTUR

Mótordrífinn plötuspilari Sjálfvirkur að öllu leiti. Virkar fyrir 33 og 45 snúninga plötur. Innbyggður formagnari. RCA útgangur, áfóst snúra.

Kr. 27.900,-



Pioneer

A-40AE-S

MAGNARI - SILFUR

2x60W . 7 hljóð inngangar ásamt PHONO. Innbyggður PHONO formagnari (MM Type).

Kr. 64.900,-



XW-SX50-B

Pioneer

PARTÝ HLJÓÐKERFI

Tengi: Bluetooth, USB, Audio in. Af: 2 x 60W, (1kHz, THD 10%, 4 ohm). Bassa og diskant hljóðstýring, keðjutenging. Mál: (BxHxD) 26,2x59,2x28,1 cm. Þyngd: 12kg

Kr. 62.900,- boxið



DEH-S100UB

Pioneer

BÍLGEISLASPILARI S100UBG 4X50W

4X50 W MOSFET magnari. Útvarp með 24 stöðva minni. Spilar MP3, WMA, WAV, FLAC, CD-R/RW. AUX og USB tengi á framhlið. Android Media Compatible. (Snúra fylgir ekki) EQ, Tónstillir fyrir bassa, mið- og hátóna.

VERÐ FRÁ ~~Kr. 14.900,- pr.stk~~



Opnunartímar:

Virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-15



ormsson

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

Netverslun

ORMSSON.IS



ORMSSON

Greiðslukjör

Vaxtalaust

í allt að 12 mánuði

ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535	ORMSSON PRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751	KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500	SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559	ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000	ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515	ORMSSON VÍK -EGILSSTÖÐUM SÍMI 4712038	ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900	ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160	GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333	TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211	OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300
--------------------------------	--	------------------------------	----------------------------------	--------------------------------	-------------------------------	---------------------------------------	--	--	-------------------------------------	------------------------------------	------------------------------

Braut gegn skólasystur

DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjanes dæmdi í síðasta mánuði ungan mann í tveggja ára skilorðsbundið fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn skólasystur sinni í útskriftarferðalagi vorið 2015. Var maðurinn sakfelldur fyrir að hafa, þegar hann var nýorðinn 16 ára, káfað innanklæða á brjóstum, rassi og kynfærum skólasystur sinnar, stungið fingri inn í leggöng hennar gegn vilja hennar þar sem hún lá sofandi til hliðar við hann á dýnu á gólfi skálans þar sem gíst var.

Samkvæmt dómnum þarf pilturinn að greiða stúlkunni 1,5 milljónir í miskabætur og riflega 1,6 milljónir í sakarkostnað. – smj



Konu var byrðuð ólyfjan á öldurhúsi.

Varað við lyfjabyrlurum

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Suðurnesjum hefur til rannsóknar kynferðisbrot þar sem grunur leikur á að konu hafi verið byrðuð ólyfjan á skemmtistað í Reykjanesbæ þannig að hún hafi ekki getað spornað við því að brotið væri gegn henni.

Samkvæmt tilkynningu frá lögreglu í gær hefur lögreglu borist af því spurnir að fleiri konur hafi lent í sömu aðstæðum á skemmtistöðum í umdæminu að undanförunu án þess að kærur hafi borist vegna þeirra tilvika.

Lögreglan vill af þessu tilefni vekja athygli á þessu og hvetja fólk til að sýna fyllstu aðgát en telja má víst að verulega truflað fólk blandi efnum út í drykki fólks á skemmtistöðum með þessum afleiðingum. Jafnframt beinir lögreglan því til starfsfólks á skemmtistöðum að fylgjast vel með gestum, kalla eftir aðstoð lögreglu og aðstoða gesti eftir atvikum ef einhver grunur leikur á lyfjabyrlun. – smj



Frá útibúi Íslandspósts í Pósthússtræti sem fyrirtækið lokaði eftir síðustu jólavertíð. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Pósturinn varði 121 milljón í lögmannsþjónustu á sex árum

Árið 2017 fékk lögmaður Íslandspósts, Andri Árnason hjá Juris, meira greitt en forstjóri fyrirtækisins, 31 milljón króna. Samtímis hafa laun stjórnarmanna og forstjóra hækkað um riflega fimmtíu prósent. Störf lögmannsins fyrir Íslandspóst hafa að miklu leyti falist í meðferð fjölda mála fyrir samkeppniseftirlitinu.

VIÐSKIPTI Á síðastliðnum sex árum hefur Íslandspóstur ohf. (ÍSP) greitt lögmannsstofunni Juris rúmlega 121 milljón króna vegna starfa Andra Árnasonar, eins eigenda stofunnar, fyrir fyrirtækið. Þetta kemur fram í svari ÍSP við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Hæstar urðu greiðslurnar til Juris vegna starfa Andra árið 2017. Þá námu þær tæplega 31 milljón króna. Til samanburðar námu laun Ingimundar Sigurpálssonar, forstjóra ÍSP, það ár um 20 milljónum króna samkvæmt ársreikningi.

Störf Andra fyrir félagið hafa að stórum hluta falist í að gæta hagsmuna ÍSP við meðferð mála sem tengd eru fyrirtækinu fyrir Samkeppniseftirlitinu. Á tímabili hafði Samkeppniseftirlitið til rannsóknar níu meint brot ÍSP á samkeppnislögum. Meðferð þeirra lauk með sátt fyrirtækisins við eftirlitið í febrúar 2017. Þar játaði ÍSP engin

» Forstjóri Íslandspósts fékk 20 milljónir í laun árið 2017 en lögmanni fyrirtækisins var á sama tíma greidd 31 milljón króna.

brot og var ekki gerð sekt en þurfti aftur á móti að gripa til ýmissa aðgerða til að bæta samkeppnishætti sína og samkeppnisaðstæður á póstmarkaði.

Fyrirtækið ÍSP var fært undir gildissvið upplýsingalaga í ársbyrjun 2013 og hefur Pósturinn tekið þann pólinn í hæðina að afhenda ekki gögn sem urðu til fyrir það tímamark. Af svari fyrirtækisins nú má sjá að greiðslur til Juris hafi farið hækkaði eftir því sem nær dró endalokum rannsóknar SKE. Greiðslurnar námu tæpum tíu milljónum árið 2013, fjórtán milljónum



Andri Árnason, lögmaður hjá Juris.

2014, 24 milljónum bæði árið 2015 og 2016 og loks rúmum átján milljónum í fyrra.

Vinna Andra fyrir Póstinn hefur ekki aðeins takmarkast við meðferð mála hjá SKE heldur hefur hann einnig komið að málum sem eru til meðferðar hjá Póst- og fjarskiptastofnun, úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála og að endingu málum ÍSP fyrir almennum dómstólum. Þá vann Andri einnig umsögn Póstsins við frumvarp til nýrra pósthjónustulaga sem er til meðferðar fyrir þingi og andmæli ÍSP í málum fyrir úrskurðarnefnd um upplýsingamál.

Fyrir jól fór ÍSP fram á það við ríkið að fá heimild til að taka allt að 1,5 milljarða neyðarlán til að mæta bráðum lausafjörvanda. Nú þegar hefur fyrirtækið fengið 500 milljónir króna að láni. Lánið hyggst ÍSP endurgreiða með afturvirkri 2,6 milljarða króna framlagi úr jöfnunarsjóði alþjónustu þó allt bendi til að ekki séu uppfyllt lagaskilyrði til úthlutunar úr sjóðnum. Þá skuldar fyrirtækið nú þegar Landsbanka Íslands, sem er að nær öllu leyti í eigu ríkisins, riflega milljarð króna.

Samhliða versnandi fjárhagsstöðu hafa laun stjórnarmanna og forstjóra Íslandspósts tekið nokkrum hækkunum en frá árinu 2014 og til ársins 2017 hafa laun forstjórans hækkað alls um rúm fimmtíu prósent. Laun stjórnarmanna hafa hækkað um 65 prósent frá árinu 2014 til ársins 2018.

joli@frettabladid.is

KAUPA & PRÓFA


ELKO.IS/BROSTRYGGING



SAMSUNG
55" UHD SNJALLSJÓNVARP
UE55NU7105XXC

134.995

EDA 12.033 KR. Á MÁNUÐI
M.V. 12 MÁN. VAXTAL. - ALLS 144.400 KR. - ÁHK 13,30%



TCL
55" UHD SNJALLSJÓNVARP
55DP600

69.995

EDA 6.427 KR. Á MÁNUÐI
M.V. 12 MÁN. VAXTAL. - ALLS 77.125 KR. - ÁHK 19,80%

VERÐ FRÁ:
15.915
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI

SAMSUNG
THE FRAME 43" - 65" SNJALLSJÓNVÖRP
UE43LS03NXXC UE49LS03NXXC UE55LS03NXXC UE65LS03NXXC

43"
179.995

EDA 15.915 KR. Á MÁNUÐI
M.V. 12 MÁN. VAXTAL. - ALLS 190.975 KR. - ÁHK 11,53%

55"
239.995

EDA 21.090 KR. Á MÁNUÐI
M.V. 12 MÁN. VAXTAL. - ALLS 253.075 KR. - ÁHK 10,32%

SJÓNVARP EÐA LISTAVERK?
AFHVERJU EKKI BÆÐI!

ELKO

GRANDI-LINDIR-SKEIFAN-ELKO.IS

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

Matarmiklar súpur
FULLELDAÐAR
Aðeins að hita




1 kg

Umhverfisvænni
UMBÚÐIR
Sömu góðu súpurnar

1.598
kr. 1 kg

Mexíkósk Kjúklingasúpa, 1 kg
Ungversk Gúlassúpa, 1 kg
Íslensk Kjötsúpa, 1 kg

**MINNA PLAST
MINNI MENGUN**



BONUS EKKERT BRUÐI



Opnunartími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
Bónus Smáratorgi: Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00 – Verð gildir til og með **17. febrúar** eða meðan birgðir endast.


+PLÚS



MYNDIR/ANTON BRINK

Mannlíf í Reykjavík

Ljósmyndari Fréttablaðsins ferðaðist um borgina í gær og festi Reykvíkina á filmu. Víða var unnið að stórfamkvæmdum, höfnin iðaði af lífi og vegfar- endur fóru sína leið.



Kúltúrin í klessu



Ólöf
Skaftadóttir
olof@frettabladid.is

Fréttir af hækun mánaðarlauna bankastjóra Landsbankans um 1,2 milljónir hinn 1. júlí 2017 og aftur um 550 þúsund í apríl 2018 koma á versta tíma inn í viðkvæmar kjaraviðræður. Verkalýðsforystan hefur gagnrýnt hana harkalega, líkt og var fyrirséð. Framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins hefur einnig gagnrýnt ákvörðunina og kallað hana taktlausu. Undir sjónarmið beggja er vel hægt að taka í þetta sinn.

Stjórnámálemenn hafa einnig nýtt sér tækifærið undanfarna daga og gagnrýnt mjög launahækkun bankastjórans. Þar á meðal eru þingmenn og ráðherrar. Þótt launahækkun bankastjórans sé fullkomlega taktlaus og beinlínis hættulegt innlegg inn í þungan kjaravetur virðast stjórnámálemennirnir sem það gagnrýna einfaldlega of auðvelt skotmark, sérstaklega fyrir popúlsta. Forsætisráðherra, sem kallaði launahækkun bankastjórans „óverjandi“, hefur ívið meira í mánaðarlaun en forsætisráðherra Bretlands, Theresa May, þar sem um 66 milljónir manna búa. Það er vitaskuld umhugsunarefni, en það dæmir hana ekki sjálfkrafa úr leik þegar rætt er um kjaramál.

Vandi vinnuarkadarins er miklu djúpstæðari en samningar um launahækkanir nú. Kúltúrin er allur í klessu. Þeir sem hafa sig mest í frammi úr ranni verkalýðsforystunnar leggja sig fram um að þagga niður í öllum þeim sem dirfast að koma fram á völinn með skynsamur og hófstilttar skoðanir, og lemja þá niður með gifuryrðum og dónaskap. Ef marka má fullyrðingar sumra verkalýðsforingja má ekki einu sinni hlusta á seðlabankastjóra fjalla almennt um íslenskan efnahag. Einn verkalýðsforingjanna lýsti borðleggjandi málflutningi Más Guðmundssonar um að verkföll og launahækkanir umfram svigrúm yrðu hagkerfinu áfall sem „sjokkerandi“. Dæmði seðlabankastjóra svo úr leik því hann er með svo há laun.

Á hinum endanum situr bankaráð Landsbankans og virðist telja það forsvaranlega hugmynd og heppilegan tíma til þess að hækka laun bankastjóra ríkisbanka um 82 prósent, þvert á öll fyrirmæli úr fjármálaráðuneytinu sem fór fram á að fyrirtæki í ríkiseigu gættu varkárni við launaávarðanir. Forsætisráðherra, sem ætlar að vanda um við bankaráðið, er svo aftur ótrúverðug í augum þeirra sem hafa hæst í kjarabaráttunni.

Umræðan um kjaramál, og raunar umræðan um svo margt annað, er komin í miklar ógöngur. Eins og hundur sem eltir skottið á sér. Menn skipa sér í fylkingar, öskra og æpa út í tómið og svo kemur nýr fréttadagur og sagan endurtekur sig. Þetta getur ekki verið vænlegt til árangurs.



Umræðan um kjaramál, og raunar umræðan um svo margt annað, er komin í miklar ógöngur. Eins og hundur sem eltir skottið á sér.

Halldór



Frá degi til dags

Bárufri

Hljóðritarinn ógurlegi, Bárá Halldórsdóttir, brá sér til Danmerkur þannig að nú er heldur betur lag fyrir vænisjúka kjörna fulltrúa að skandalisera í friði. Engin hætta er á ferðum á meðan Bárá spókar sig í hversdagsklæðum sem í annarri vidd geta talist dulargervi. Eins og hún bendir sjálf á á Facebook þá hrekkur skammt að reyna að „dulbúast sem útlendingur“ í Danmörku. Bárá verður sjálf-sagt seint njósnari í eigin föðurlandi og enn síður í útlöndum þar sem hún getur þó engan veginn siglt undir fölsku flaggi verandi erlendur ferðamaður.

Lágt að falla ...

Brynjar Nielsón, sem áður hefur séð ástæðu til þess að taka skýrt fram að hann eigi ekkert í Piratanum Snæbirni Brynjarssyni sem kom sér út í kuldann með dólghætti á Kaffibarnum, tekur syndaselinn á beinið á Facebook. „Piratar eru vöð á nægðir með að sinn maður axli ábyrgð og segi af sér. Menn sem hafa komið inn í þingsalinn í forföllum þingmanna eru ekki að segja neitt af sér enda ekki kjörnir þingmenn. Ef þessi ágæti þingmaður vill koma á framfæri hvað hann er siðferðislega ábyrgur ætti hann frekar að afsala sér listamanna-launum.“ Enginn veit hvað ekki átt hefur fyrir en ekki misst hefur, hvað Snæbjörn athugi. thorarinn@frettabladid.is

Þöggun á þöggun ofan



Bolli
Héðinsson
hagfræðingur

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SVS) telja sig hafa komist í feitt með frásögnum af 30 ára gömlum blaðgreinum eftir mig þó að um leið lýsi það mikilli málefnafátækt að gera mér upp skoðanir sem ég hvorki hef nú né hef nokkurn tíma haft. Sjálfsagt er tilgangurinn að þagga niður gagnrýni mína um að þjóðin fái ekki þann arð af sjávarútvegsauðlindinni sem henni ber. Bekktar aðferðir útgerðanna til að þagga niður í folki eru að segja því upp skiprúmi eða hringja í vinnuveitendur „óþægilegra“ einstaklinga og krefjast brottrekstrar þeirra. Meira að segja „læk“ á sjónarmið andstæð útgerðinni á Facebook geta sett störf manna í hættu.

Sérkennilegar textaskýringar

Nú fara aðferðir þeirra í nýjar hæðir þegar leitað er í gömlum blöðum. Ég er SFS þakklátur fyrir að að rifja upp þessar gömlu blaðagreinar og get ég verið ánægður með framsýni mína og skoðanir sem þar birtast.

Grein mín í Sjómannablaðinu Vikingi fjallaði um að eftir að kvótakerfinu var komið á þá dugði það eitt og sér ekki til að fækka skipum þannig að greinin yrði arðbær. Enn voru of mörg skip á höttunum eftir of fám fiskum svo fleira þurfi að koma til. Sú lagfæring kerfisins átti sér stað stuttu síðar. Ef einhverjir vilja kynna sér greinina þá er hana að finna hér: http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=313629&pageId=4882494&lang=is&q=Bolli%20Hedinnsson

Hins vegar grein í Ægi þar sem ég bendi á að með öllu sé ótækt að Hafrannsóknastofnun sé gerð að blóraböggli rangra stjórnvaldsáskvarðana. Stjórnvaldsáskvarðanir um hámarksafli verði að vera í höndum kjörinna ráðamanna sem þurfi að standa skil gjörða sinna frammi fyrir kjósendum og að sjálfsgöðu eigi þeir að styðjast við ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar: http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=290017&pageId=4247565&lang=is&q=Bolli%20Hedinnsson

Svo að næst þegar á að reyna að koma höggi á mig þá detta mér í hug útvarperindi mín „um daginn og veginn“ frá áttunda áratugnum, þar er af nógu að taka. Eins gott að SFS eru öflug samtök með nægan pening til að grufna í segulbandasafninu.



Nú fara aðferðir þeirra í nýjar hæðir þegar leitað er í gömlum blöðum.

Styrkir

til verkefna og viðburða sem efla atvinnulíf og nýsköpun

Við auglýsum eftir umsóknum um styrki á málefna sviðum ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Styrkirnir eru ekki ætlaðir einstaklingum.

Umsóknarfrestur til 11. mars.

Allar nánari upplýsingar á an.is



ATVINNUVEGA- OG
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

Hver er þinn áttaviti?



Katrín Olga Jóhannesdóttir formaður Viðskiptaráðs Íslands

Í gömlum viðskipta- og hagfræðibókum er heimurinn einfaldur. Fyrirtæki eru rekin til að skila hagnaði og þurfa til þess að fjárfesta vel, halda aftur af kostnaði og framleiða góða vöru. Þessi mikla einföldun er stundum gagnleg og á við sem slík. Við erum þó sífellt að læra betur hversu mikil einföldun þetta er.

Það er oft talað um að við lifum á miklum óvissutímum og sjaldan jafn oft og í dag. Við horfum á

tollastríð úti í heimi, breytingar á markaðsaðstæðum, ófyrirsjáanlegar pólitískar ákvarðanir og forðamaular áskoranir í loftslagsmálum. Í þessari síbylju og stormi getur verið erfitt að fóta sig og gera áætlanir sem geta orðið úreltar um leið og blekið þornar.

Þurfum við ekki einfaldlega að standa storminn af okkur? Stundum þurfum við að gera það. Staðreyndin er þó sú að óvissa er viðvarandi ástand. Það er þekkt óvissa, eins og hvernig kjarasamningar munu fara, og svo óþekkt óvissa um framtíðaráskoranir, sem eru handan við hornið og enginn getur spáð fyrir um. Ofan á þetta eykst álagið á toppstykkið með sífellt meiri kröfum nútímasamfélagsins sem kallar á athygli, einbeitingu og frjóa hugsun í hvívetna sem er sífellt trufluð af áreiti snjalltækja.

Mannskepnan þróaðist ekki til að lifa í þessu umhverfi svo við þurfum að finna leiðir til að komast af nútímasamfélagi. Er nema von að kulnun hafi verið orð ársins 2018?

Samhliða þessari þróun stöndum við sem samfélag frammi fyrir gríðarstórum áskorunum sem hafa varanleg og gríðarleg áhrif um alla framtíð. Auðvelda leiðin er að slá úrlausn þeirra á frest og horfa bara á næsta þingfund, næstu kosningar, næsta ársfjórðungsuppgjör eða næsta aðalfund. Vandinn við auðveldu leiðina er að hún er ekki endilega rétta leiðin og ýtir okkur yfir í það að hamast eins og hamstrar á hjóli sem slökkva elda í hverju horni.

Annar aðalfyrirlesari Viðskiptaþings, sem fram fer á morgun, Valerie G. Keller framkvæmdastjóri EY – Beacon Institute, hefur leitast

við að finna þau tæki og töl sem við þurfum í þessu umhverfi. Til þess hefur hún helgað sig því starfi að aðstoða stofnanir og fyrirtæki við að finna hinn sanna tilgang með langtímahugsun að leiðarljósi. Sá tilgangur er ævinlega eitthvað æðra en einfaldur hagnaður samkvæmt gömlu og góðu skólabókunum.

Hinn aðalfyrirlesarinn, Paul Polman, sem er nýstíginn til hliðar sem forstjóri neysluvörurísans Unilever eftir 10 ára starf, hefur unnið eftir svipaðri nálgun og Valerie boðar. Á ferli sínum setti Paul langtímahugsun, umhverfismál og samfélagsábyrgð í öndvegi svo tekið hefur verið eftir. Þessi breytta nálgun var þó ekki auðveld og mætti það nokkurri andstöðu þegar Unilever hætti að birta ársfjórðungsuppgjör til að einblína á langtímahugsun. Sú andstaða

hefur þó að líkindum horfið með tímanum því markaðsvirði félagsins meira en tvöfaldaðist í hans valdatíð. Ef forstjóri stórfyrirtækis sem selur hversdagslegar vörur á við majónes, sturtusápur og pakkasúpur getur komið á þessari nálgun og náð þessum árangri, geta það allir.

Saga Unilever sýnir okkur að við þurfum fleiri áttavita til að halda kúrsi í heimi óvissu og til að vera í sátt við samfélagið – gera réttu hlutina en ekki endilega þá auðveldu. Venju samkvæmt þarf að sýna ábyrgð í rekstri, skila góðu búi, og gera upplýstar áætlanir, en við sjáum sífellt betur að meira og annað þarf til að feta farsælan veg þegar skyggni er nánast ekkert. Þurfum við sterkari tilgang? Að lifa eftir staðreyndavitund? Á Viðskiptaþingi munum við leitast við að finna hvaða áttavita við þurfum á þeirri leið.

Þríeykið D, B og M; mestu þjóðernisseggir Evrópu!?



Ole Anton Bieltvedt kaupsýslumaður

Á dögunum birtist grein – skemmtilegt nokk á Net-Mogga –, um það, að einn öfgafyllsti hægriflokkur Norðurlanda, Svíþjóðardemókratarnir, hefði hætt að berjast gegn ESB-aðild Svía.

Færðu þeir stefnuna yfir í það, að berjast fyrir breytingum á ESB innan frá, í stað þess, að berjast fyrir úrsögn. Svíþjóðardemókratar sáu auðvitað sæng sína upp reidda með það, að barátta fyrir útgöngu væri vonlaus, en skoðanakannanir í Svíþjóð sýna, að 77% landsmanna eru ánægðir með veru Svíþjóðar í ESB, en aðeins 7% óánægð.

Það eru ekki bara Svíþjóðardemókratar, sem eru að sjá að sér og breyta sinni ESB-stefnu, ESB í vil, heldur líka flestir aðrir þjóðernis- og hægri-öfga-flokkar í Evrópu. Má þar nefna Enhedslisten í Danmörku, AfD í Þýskalandi, FÖP í Austurríki, Lega Nord og 5-stjörnu hreyfinguna á Ítalíu, Front National í Frakklandi o.s.frv.

Þessir flokkar sjá nú loks, að eina framtíðarlausnin fyrir Evrópu – með tilliti til samvinnu, efnahagslegra hagsmuna, velferðar, friðar og öryggis – er náð og sterkt samband evrópskra þjóðríkja; ESB. Það treystir sér enginn lengur til að standa gegn þessari sameiningu, enda um eða yfir 70% Evrópubúa ánægð með ESB og evruna.

Lengst norður í Dumbshafi húka þó menn, lengst inni í hugmyndafræðilegum afdölum, sem ekki hafa enn séð eða skilið þessi sannindi; þríeyki afturhaldsseggja: Sjálfstæðismenn, Framsóknarmenn og Miðflokkur.

Í fyrra lífi hafa foringjar þessara flokka eflaust tekið þátt í hópreið bændu til Reykjavíkur til að mótmæla því, að Ísland yrði, á sínum tíma, sett í símasamband við útlönd.

Ekki hugsa þessir menn út í eða skilja eftirfarandi staðreyndir:

Fyrir 100 árum voru jarðarbúar 2 milljarðar og Evrópubúar 500 milljónir; 25% jarðarbúa. Í dag eru jarðarbúar 7,5 milljarðar, en Evrópubúar eru enn 500 milljónir; 7% jarðarbúa. Um næstu aldamót munu jarðarbúar verða um 11,5 milljarðar, en Evrópubúar verða enn aðeins 500 milljónir, 4,3% jarðarbúa. Hvernig eiga Evrópubúar að geta varið siðmenningu sína og lífshætti, lýðræðið, velferð sína og velmegun, öryggi og landamæri, ef þeir standa ekki saman sem ein sterk og órofa fylking í framtíðinni? Hvernig halda þjóðernisseggir, að færi fyrir Evrópu, ef hún væri öll uppskipt, hver þjóð í sérhagsmunabaráttu fyrir sig og

ágreiningur og átök milli þjóðríkja?

Við gengum 70-80% í ESB með EES-samningnum 1994, og með þátttöku í Schengen-samkomulaginu má segja, að þessi aðild hafi aukizt í 80-90%. Sjá afturhaldsseggir ekki hvað þessi þátttaka og aðild hefur skilað okkur miklu með tilliti til efnahags og velferðar, með tilliti til frjálsræðis – við getum farið frjálslega um allt að 30 önnur lönd, sett þar að og starfað, ef við viljum, stundað þar nám að vild, mest allt án landamæra- og vegabréfaeftirlits – og m.t.t. friðar og öryggis, en ESB ásamt með NATO hefur tryggt frið og velferð í Evrópu nú í 75 ár, og, að næsta skref hljóti að vera full ESB-aðild, þannig, að við fáum okkar eigin kommissar í Brussel, 6 menn á Evrópuþingið svo við getum látið rödd Íslands heyrast, látið að okkur kveða á réttum stöðum og haft áhrif í Evrópu, en eins og staðan er nú, án 100% aðildar, erum við algjörlega áhrifalaus.

Það stærsta þó, sem þessi þjóðernis- og þröngsýnisöfl sjá ekki eða skilja ekki, er, að með fullri aðild og upptöku evru myndu nýir og betri tímar renna upp í okkar landi, með stöðugleika og öryggi, menn myndu vita, hvar þeir stæðu í sínum fjármálum í nútíð og framtíð, með lágvöxtum og stórfelldum vaxtasparnaði og með enn fjölbreyttari verzlun og þjónustu, en við höfum nokkru sinni áður kynnt eða notið.

Sem betur fer liggur fyrir, að skýr meirihluti þjóðarinnar, 56%, vill taka upp evruna.

Er brýnt, að þetta fólk fari að fjalla um málið í daglegri umræðu, og að það gæti þess vel hvaða stjórnmalaflokkur það kys í framtíðinni. Fordast verður með öllu D, B og M. Alveg sérstaklega M. Fyrir síðustu kosningar bauðst M til að gefa landsmönnum banka, væntanlega til að auka fylgi sitt. Það segir nóg um M.

MENNTADAGUR ATVINNULÍFSINS 2019

FIMMTUDAGINN 14. FEBRÚAR KL. 8.30-12.00
Í HÖRPU – NORÐURLJÓSUM

LÆSI

Dagskrá

8.30 Velkomin. *Halldór Benjamín Þorbergsson*, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins
Ávarp. Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands
 Læsi til framtíðar – staða, ástæður og möguleikar. *Hermundur Sigmundsson*, prófessor við Háskólann í Prándheimi í Noregi og HR

STIKLAÐ Á STÓRU
 Að skilja nútímann. *Katrín Atladóttir*, borgarfulltrúi og hugbúnaðarverkfræðingur
 Fjármálalæsi. *Ómar Örn Magnússon*, kennari og verkefnastjóri við Hagaskóla
 Menningarlæsi: *Ætlarðu í alvörinni að kyssa mig þrisvar?* *Margrét Lára Friðriksdóttir*, mannauðsstjóri Össurar

MENNTAVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS 2019
Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra afhendir verðlaunin

10.00 Kaffi og meðlæti. Fræðslusjóðir og fræðsluáðilar kynna sig á Menntatorgi
 10.30 Málstofur: A) Kennslustofa 21. aldarinnar. B) Staða stráka í lífi og starfi
 Fundarstjóri: *Signý Sif Sigurðardóttir*, forstöðumaður fjárstýringar hjá Landsvirkjun

Vinsamlegast skráið þátttöku á vef SA: www.sa.is

Hveitibrauðsdagarnir búnir



Paris Saint-Germain vann 0-2 sigur á Manchester United í fyrri leik liðanna í 16-liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu í gærkvöldi. Þetta var fyrsta tap United undir stjórn Ole Gunnars Solskjær. Þetta var jafnframt fyrsti sigur fransks liðs á Old Trafford í Evrópukeppni. Presnel Kimpembe og Kylian Mbappé skoruðu mörk PSG með sjö mínútna millibili í seinni hálfleik. Paul Pogba var rekinn af velli undir lok leiksins. NORDICPHOTOS/GETTY

Nýtt lið í úrslitum um helgina

Mikil körfuboltaveisla er fram undan næstu daga í Laugardalshöll þar sem leikið verður til úrslita í bikarkeppni meistaraflokks kvenna og karla. Þá verður líka leikið í yngri flokkum.

KÖRFUBOLTI Það kemur í ljós í kvöld hvaða lið leika til úrslita í Geysisbikar kvenna í körfubolta. Þá mætast annars vegar Breiðablik og Stjarnan og hins vegar Valur og Snæfell. Ljóst er að allavega eitt lið mun leika til úrslita í keppninni í fyrsta skipti í sögunni.

Valur, sem lék til úrslita árið 2013 og laut þá í lægra haldi fyrir Keflavík, mætir Snæfelli sem er eina liðið af þessum fjórum sem þekkir það að vinna bikarmeistarátitil. Það gerðist árið 2016. Þá var Baldur Þorleifsson aðstoðarþjálfari Inga Þórs Steinþórsónar, en nú er Baldur í brúnni hjá Snæfellsliðinu.

„Það er mikill heiður að fá að stýra Snæfelli í bikarúrslitum og það eru forréttindi að fá að spila þennan leik. Við erum að fara að leika við mjög öflugan andstæðing sem verður erfitt að leggja að velli,“ segir Baldur í samtali við Fréttablaðið um leikinn í kvöld.

„Í þeim leikjum þar sem við höfum farið eftir því leikplani sem sett hefur verið upp hefur okkur gengið vel. Þegar þú mætir jafn sterku liði og Valur er, þá er ofboðslega mikilvægt að fara eftir leikplaninu. Það verður lykhillinn að sigrinum. Snæfell er mikill körfuboltabær og ég er viss um að bæjarbúar munu fjölmenna og styðja okkur til sigurs.“



Hér að ofan má sjá fulltrúa liðanna sem leiða saman hesta sína í undanúrslitum Geysisbikarsins í körfubolta kvenna og berjast um sæti í úrslitum.

Valur mætir í þennan leik með blússandi sjálfstraust, en liðið hefur haft betur í síðustu tíu leikjum sínum og fann síðast fyrir þeirri tilfinningu að tapa leik í lok nóvember á síðasta ári. Guðbjörg Sverrisdóttir, leikmaður Vals, segir hins vegar að það verði dagsform og baráttuandi sem muni ráða úrslitum.

„Ég er mjög spennit fyrir þessum leik og það er fátt annað sem hefur komist að í huga mér undanfarna

daga. Ég mæti til vinnu og reyni að einbeita mér þar, en ég er mestmegnis að hugsa um þennan leik og leiðir til þess að vinna hann. Þetta mun ráðast af því hvaða lið mætir betur stemmt til leiks, nær upp betri baráttu og hittir á betri dag. Ég finn fyrir mikilli stemmingu og samhug í þá átt að fara alla leið og vinna bikarinn í fyrsta skipti í sögu félagsins,“ segir Guðbjörg um verkefnið.

Hinum megin eru það nýliðar

» Af þeim liðum sem leika til undanúrslita er það einungis Snæfell sem hefur orðið bikarmeistari. Valur hefur leikið til úrslita.

sem mætast og leika til bikarúrslita. Liðin hafa átt ólíku gengi að fagna í vetur, en Stjarnan er að berjast um að komast í úrslitakeppni Domino's-deildarinnar á meðan Blikar verma botnsætið. Bæði Sóllilja Bjarnadóttir, leikmaður Breiðabliks, og Danielle Rodriguez, leikstjórnandi Stjórnunnar, voru aftur á móti sam-mála um að það sem á undan hefði gengið í vetur skipti engu máli í þessum leik.

„Þó svo að það hafi gengið illa í vetur finnst okkur við hafa spilað á köflum vel og eiga meira skilið. Við förum fullar sjálfstrausts inn í þennan leik og höfum trú á að við getum unnið. Ég hef áður farið í höllina með Val í meistaraflokki og það er sterkur kjarni leikmanna í hópnunum sem hefur orðið bikarmeistarar í yngri flokkum. Við erum því vanar þessari umgjörð og stærð leikjanna og það verður ekkert vesen að höndla verkefnið,“ segir Sóllilja.

„Það er mikill spenningur í öllu félaginu þar sem bæði kvenna- og karlalíðin eru í undanúrslitum og svo einnig nokkrir yngri flokkar. Við höfum aldrei komist alla leið í úrslitin og ég hef aldrei áður leikið bikarúrslitaleik þannig að eftirvæntingin er mikil. Þetta verður hörku-leikur og stada liðanna í deildinni skiptir engu máli. Við verðum að eiga toppleik til þess að vinna,“ segir Danielle Rodriguez.

hjoarvar@frettabladid.is

Nýjast

Olís-deild kvenna



Fram - ÍBV 39-27

Markahæstar: Pórey Rósa Stefánsdóttir 8, Ragnheiður Júlíusdóttir 8/4, Unnur Ómarsdóttir 8, Steinunn Björnsdóttir 8 - Ester Óskarsdóttir 6, Ásta Björt Júlíusdóttir 5/1, Greta Kavaliuskaite 5, Arna Sif Pálsdóttir 4.

Valur - Stjarnan 23-23

Markahæstar: Sandra Erlingsdóttir 5/3, Lovisa Thompson 4, Diana Dögg Magnúsdóttir 4, Íris Ásta Pétursdóttir 2 - Kristín Guðmundsdóttir 10, Pórey Anna Ásgeirsdóttir 4, Elísabet Gunnarsdóttir 2.

Haukar - Selfoss 27-20

Markahæstar: Hekla Rún Ámundadóttir 6, Berta Rut Harðardóttir 5/2, María Pereira 4, Berta Lind Jóhannsdóttir 4 - Hulda Dís Prastardóttir 5, Perla Ruth Albertsdóttir 5, Sarah Sörensen 3, Carmen Palamaríu 3.

Meistaradeild Evrópu



16-liða úrslit

Man. Utd. - PSG 0-2

0-1 Presnel Kimpembe (53.), 0-2 Kylian Mbappé (60.).

Rautt spjald: Paul Pogba, Man. Utd. (89.).

Roma - Porto 2-1

1-0 Nicolò Zaniolo (70.), 2-0 Zaniolo (76.), 2-1 Adrián López (79.).

Þróttarar í þjálfaraleit

FÓTBOLTI Gunnlaugur Jónsson er hættur þjálfun meistaraflokks karla hjá Þrótti R. Í tilkynningu kemur fram að Gunnlaugur hafi óskað eftir því að láta af störfum af persónulegum ástæðum og vegna anna á öðrum vettvangi.

Gunnlaugur tók við Þrótti skömmu fyrir síðasta tímabil eftir að Gregg Ryder hætti störfum. Undir stjórn Gunnlaugs enduðu Þróttarar í 5. sæti Inkasso-deildarinnar. Þeir fóru á mikið flug um mitt tímabil, voru ósigraðir í átta leikjum í röð og gerðu sig líklega í baráttunni um Pepsi-deildar sæti.

Þórhallur Siggeirsson, sem var aðstoðarmaður Gunnlaugs, tekur tímabundið við liðinu. - íps

Willum á leið til BATE Borisov

FÓTBOLTI Breiðablik hefur samþykkt tilboð hvítrússnesku meistaranna BATE Borisov í Willum Þór Willumsson, efnilegasta leikmann Pepsi-deildar karla í fyrra.

Willum heldur til Hvíta-Rússlands á næstu dögum þar sem hann mun skoða aðstæður hjá BATE Borisov sem hefur orðið meistari í Hvíta-Rússlandi 13 ár í röð.

Willum, sem er tvítugur, skoraði sex mörk í 19 leikjum í Pepsi-deildinni á síðasta tímabili. Hann lék sinn fyrsta A-landsleik í síðasta mánuði og hefur auk þess leikið fyrir yngri landsliði Íslands. - íps



Við skoðum
allar gerðir af
bifreiðum



Fólksbilar/jeppar



Felli -og hjólhýsi



Mótorhjól



Tjaldvagnar/kerrur



Vatnsvernd



Vörubílar



Eftirvagnar



Sendibílar



Hestakerrur



Hópbílar

Frumherji hefur opnað nýja glæsilega skoðunarstöð að Hádegismóum 8

Við aukum enn á gæði þjónustu okkar í glæsilegum húsakynnum með fyrsta flokks tækjabúnaði. Í stöðinni eru allar gerðir og stærðir af ökutækjum skoðaðar.

Við bjóðum góða
þjónustu og hagstæð
kjör á skoðunum



Ný skoðunarstöð Frumherja er staðsett að Hádegismóum 8 - 110 Reykjavík - S. 570 9201

IS OV 20 342



Ökutæki eiga að fara í bifreiðaskoðun í þeim mánuði sem síðasti tölustafur á skráningarkerki vísar til.

Ef ekki hefur gefist kostur á að færa ökutækið til almennrar skoðunar í skoðunarmánuði, skal það í síðasta lagi fært til skoðunar fyrir lok annars mánaðar þaðan í frá.



Frumherji
www.frumherji.is

TÍMAMÓT



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Kristjónu Magneu Jónatansdóttir

Vallargötu 6, Súðavík.

Halla Valdís Friðbertsdóttir
Hinrik Halldór Friðbertsson
Ingibjörg Jóna Friðbertsdóttir
Ægir Páll Friðbertsson

Árni Marinósson
Guðmunda Norðfjörð
Árni Zophoniasson

barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og systir,

Þórdís (Billý) Tryggvadóttir

er látin.

Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Aspar- og Beykihlíðar fyrir einstaka umönnun og hlýju.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,

Ketill, Ásdís, Sólveig og Anna Hildur



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Þuríður Þorsteinsdóttir

Úthlíð 12,

lést á Landspítala Háskólasjúkrahúsi sunnudaginn 10. febrúar. Útförin fer fram frá Háteigskirkju mánudaginn 18. janúar kl. 13.00.

Laufey Barðadóttir
Margrét Barðadóttir
Þorsteinn Barðason

Ævar Guðmundsson
Guðrún Þ. Björnsdóttir

börn, barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkæra móðir okkar og dóttir,

Aðalheiður Hulda Jónsdóttir

Staðarhrauni 2, Grindavík,

lést á heimili sínu fimmtudaginn 7. febrúar. Útförin fer fram frá Grindavíkurkirkju föstudaginn 15. febrúar kl. 14. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á þjóðaráttakið Ég á bara eitt líf.

Súsanna Margrét Gunnarsdóttir

Marius Máni Karlsson

Jón Emil Karlsson

Jón Guðmundsson og Súsanna Demusdóttir



Bróðir okkar,

Anton Haukur Gunnarsson

frá Þingeyri,

lést á hjúkrunarheimilinu Hrafnistu 31. janúar. Útför hans fer fram frá Áskirkju föstudaginn 15. febrúar kl. 13.00.

Nanna Magnúsdóttir
Kolbrún Gunnarsdóttir
Sigríður Sturludóttir
Atli Sturluson

Halldóra Magnúsdóttir
Daniel Guðmundsson
Örn Sturluson
Hrönn Sturludóttir

Viltu birta minningargrein á frettabladid.is?

Minningargreinar skal senda á timamot@frettabladid.is.
Birting er endurgjaldslaus og opin öllum á frettabladid.is/timamot

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055.



Eliza Reid forsetafrú, Celia Harrison og Sesselja Jónasardóttir, Elvar Logi Hannesson og Dögg Mósesdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

List í ljósi er okkar barn

Eyrarrósinn, viðurkenning fyrir afburða menningarverkefni á landsbyggðinni, var afhent í gær í fimmtánda sinn suður í Garði. Hana hlaut hátíðin List í ljósi á Seyðisfirði.

Þvílíkur heildur, var það fyrsta sem ég hugsaði þegar ég heyrði að hátíðin okkar, List í ljósi, hlyti Eyrarrósina í ár," segir Seyðisfirðingurinn Sesselja Jónasardóttir, sem ásamt Celiu Harrison tók við verðlaununum úr hendi Elizu Reid, forsetafrúar og verndara Eyrarrósarinnar, í gær suður í Garði. Eyrarrósinn er veitt árlega fyrir afburða menningarverkefni utan höfuðborgarsvæðisins. Sesselja segir þetta vera þriðju rósina sem kemur til Seyðisfjarðar því LungA hátíðin og Skaftfell hafi áður

hlotið hana. „Þetta er mikil viðurkenning fyrir menningarbæinn okkar.“

Sesselja segir að þær Celia Harrison, vinkona hennar, hafi stofnað List í ljósi fyrir fjórum árum. „Celia átti hugmyndina. Hún er frá Nýja-Sjálandi og hafði verið með svipaða hátíð þar áður en hún kom til Seyðisfjarðar í listamanna-residensiu. Þegar hún sagði mér frá henni sagði ég strax: „Þetta skulum við gera hér!“ og List í ljósi er okkar barn. Við vorum tvær í upphafi en fáum æ fleiri til liðs við okkur með hverju ári. Það eru 65 sem taka þátt í hátíðinni sem hefst nú á

föstudaginn. Klukkan 18 þann dag verða öll ljós slökkt á Seyðisfirði, bæði götuljós og húsaljós og listaverkin munu lýsa upp bæinn frá klukkan sex til tíu, alls um þrjátíu verk.“

Leiklistar- og listahátíðin Act Alone á Suðureyri og stuttmyndahátíðin Northern Wave / Norðanáttin í Snæfellsbæ hlutu tilnefningu til Eyrarrósarinnar og 500 þúsund króna verðlaunafé hvor. Tvær milljónir króna féllu List í ljósi í skaut, auk verðlaunagrips sem hannaður er af Friðriki Steini Friðriks-syni vöruhönnuði.

gun@frettabladid.is



Ástkæri sonur minn, faðir okkar og bróðir,

Sigurður Hólmsteinn Magnússon

lést 6. febrúar.

Útförin fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 15. febrúar kl. 13.00.

Kristjana Karlsdóttir
Steinn Darri Sigurðarson
Nökkvi Már Sigurðarson
Carmen María Sigurðardóttir
Sigríður Sif Magnúsdóttir
María Kristín Magnúsdóttir
Karl Magnús Magnússon
og fjölskyldur.



Ástkær dóttir okkar, sambýliskona, fösturamma, systir, mágkona og frænka,

Harpa Lind Pálmarsdóttir

lést á gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi miðvikudaginn 6. febrúar. Útför hennar fer fram frá Þorlákaskirkju föstudaginn 15. febrúar kl. 14.00. Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólkinu á gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi fyrir auðsýnda hlýju og umönnun.

Pálmar Björgvinsson
Pétur Rúnar Guðmundsson

Jón Magnússon
Ingvar Oddgeir Magnússon

Pálmar Ægir Pálmarsson
Sigrún Huld Pálmarsdóttir

og systkinabörn.

Sigrún Guðmundsdóttir
Pétur Rúnar Guðmundsson og synir

Kristín Anna Jónsdóttir

Ingibjörg Jónsdóttir

Guðmundur Hjartarson



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Bragi Magnússon

trésmíðameistari frá Kirkjubæ á Akranesi,

lést á Höfða, hjúkrunar- og dvalarheimili, 26. janúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Sérstakar þakkir til starfsfólks Höfða fyrir góða umönnun og hlýju.

Katrin G. Ólafsdóttir

Pálina Ósk Bragadóttir

Valgerður Ó. Bragadóttir

Hólmfríður M. Bragadóttir

Helgi Bragason

Viðir Bragason

Guðrún Bragadóttir

Þorsteinn Bjarnason

Guðjón Heimir Sigurðsson

Páll Ingvarsson

Sigrún Halldórsdóttir

og afabörn.



Ástkæra eiginkonan mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Björg Ólöf Berndsen

áður til heimilis að Langagerði 114,

lést þann 8. febrúar sl. á hjúkrunarheimilinu Eir. Útför hennar fer fram frá Kristskirkju, Landakoti, föstudaginn 15. febrúar kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Barnaspítalásjóð Hringins.

Benedikt Ólafsson

Ólafur Benediktsson

Kristín Benediktsdóttir

Birna E. Benediktsdóttir

Hilmar Þórarinnsson


barnabörn og barnabarnabörn.

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 13. febrúar 2019

6. tölublað | 13. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL




ROLEX

OYSTER PERPETUAL
DATE 34




MICHELSEN
ÚRSMÍÐIR

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.michelsen.is

Lokakafli Reynis hjá Creditinfo að hefjast

Reynir Grétarsson stofnaði Creditinfo ásamt öðrum fyrir 22 árum. Nú teygir fyrirtækið anga sína til 35 landa og er með um 400 starfsmenn. Hann segir að það sé ekki komið að því að selja 78 prósentu hlut sinn í fyrirtækinu en það stýttist í það.



Ég á um 80 prósentu hlut en þarf ekki að eiga svo mikið í fyrirtækinu.



»2

Sala á stórum hlut í Arion banka í pípunum

Kaupþing áformar að selja að lágmarki tíu prósentu í bankanum á komandi vikum. Hluturinn verður seldur í gegnum tilboðsfyrirkomulag. Vogunarsjóðum mun bjóðast að selja í samfloti með Kaupþingi.

»4

Gamli Byr greiðir Íslandsbanka nærri milljarð

Íslandsbanki og Gamli Byr hafa náð sáttum í ágreiningsmáli um virði útlánasafns sem bankinn keypti af Byr og ríkissjóði 2011. Ríkið fær, beint og óbeint, um þrjá milljarða í sinn hlut.

»8

Íslandsvinurinn Buchheit lætur gott heita

Bandaríski lögmaðurinn Lee Buchheit, sem er Íslendingum góðkunnur, lætur af störfum í næsta mánuði. Hann hefur á fjörutíu ára ferli aðstoðað stjórnvöld í skuldugum ríkjum í glímuni við vogunarsjóði.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

SAINT LAURENT

Optical Studio

SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK



Módel: Brynja Dan

Sameiningin auki virði Haga um tíu prósent

Greinendur Capacent meta gengi hlutabréfa í Högum á 60,6 krónur á hlut í nýju verðmati eða allt að 38 prósent hærra en markaðsgengi bréfanna eins og það var eftir lokun markaða í gær. Telja þeir kaup smásölurísans á Olís, sem gengu í gegn í lok nóvember í fyrra, auka virði félagsins um 10 prósent.

Í verðmati ráðgjafarfyrirtækisins, sem Markaðurinn hefur undir höndum, er bent á að lægri framlegð og minni sala á þriðja ársfjórðungi rekstrarárs félagsins – frá ágúst til nóvember í fyrra – skýri lakari afkomu Haga á tímabilinu. Ljóst sé að félagið hafi ekki komið allri gengisveikingu krónunnar strax út í verðlag. Þá bendi flest til þess að lægri framlegð sé til marks um aukna samkeppni á smásölu-markaði.

Greinendur Capacent nefna að við kaup Haga á Olís muni velta félagsins aukast um ríflega 40 prósent og verða, samkvæmt áætlun Capa-

cent, um 108,6 milljarðar króna fyrsta heila starfsárið. Sameiningin bjóði upp á töluverða möguleika til hagræðingar og þá geti tækifæri falist í breiðu vöruúrvali og þróun netverslunar.

Verðmat sérfræðinga Capacent á sameinuðu félagi hljóðar upp á 73,5 milljarða króna, eða sem samsvarar 60,6 krónum á hlut, en til samanburðar er verðmat á óbreyttum rekstri Haga um 55,2 krónur á hlut. Nemur munurinn um tíu prósentum. Greinendurnir taka þó fram að mikil óvissa ríki enn um rekstur sameinaðs félags. – **kij**



38%

hærra meta greinendur Capacent gengi Haga en það var við lokun markaða í gær.

Finnur Árnason, forstjóri Haga.

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFEÐLAG 365 miðlar ehf., Kalkofnsvegi 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 550 5000

Ritstjóri Hörður Egiðsson hordur@frettabladid.is

Ábyrgðarmaður Kristín Þorsteinsdóttir

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is



TIL SÖLU VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUFYRIRTÆKI

Verzlun ásamt skerpingarverkstæði, sem þjónustað hefur byggingariðnaðinn í 35 ár er til sölu.

Reksturinn er tvískiptur, Innflutningur, sala á sagarblöðum, fræsítönnum og öðrum verkfærum fyrir tré- og málmíðnaðinn annars vegar og hins vegar skerping á sagarblöðum og ýmsum bitverkfærum fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

Fyrirtækið hefur ávallt verið leiðandi á sínu sviði og hefur yfir að ráða fullkomnum tölvustýrðum skerpingarvélum fyrir flestar gerðir sagarblaða og verkfæra.

Velta fyrirtækisins var um 40 milljónir á síðasta ári og felast talsverðir stækkunarmöguleikar í auknum innflutningi.

Allur núverandi rekstur er til sölu ásamt vélum, vörubirgðum og viðskiptasamböndum. Í dag starfa tveir starfsmenn hjá fyrirtækinu.

NÁNARI UPPLÝSINGAR Í SÍMA 564 2488 OG skarpur@simnet.is

Undirbýr sölu á stórum hlut í Arion

Kaupþing, stærsti hluthafi Arion banka, áformar að selja að lágmarki tíu prósent hlut í bankanum á komandi vikum. Hluturinn verður seldur í gegn um tilboðsfyrirkomulag. Vogunarsjóðum mun bjóðast að selja í samfloti með Kaupþingi samkvæmt hluthafasamkomulagi.

Kaupþing, stærsti hluthafi Arion banka með um þriðjungshlut, undirbýr nú sölu á stórum hlut sínum í bankanum, að öllum líkindum að lágmarki samtals tíu prósent hlut. Gert er ráð fyrir að salan fari fram á næstu vikum, mögulega strax síðar í þessum mánuði, samkvæmt heimildum Markaðarins. Miðað við núverandi gengi bréfa Arion banka á hlutabréfamarkaði er tíu prósent hlutur í bankanum metinn á um 14,5 milljarða króna.

Áform Kaupþings gera ráð fyrir að söluferlið fari fram með tilboðsfyrirkomulagi (e. accelerated bookbuild offering) þar sem hlutur í bankanum verða seldir í gegn um fjárfestingarbanka og verðbréfafyrirtæki til fjárfesta á verði sem er nálægt því sem bréfin eru að ganga sölu og kaupum á á markaði. Slíkt ferli felur í sér að tilboð er þá gefið út til hóps fjárfesta og þeim gefinn mjög stuttur frestur, aðeins einn eða tveir dagar, til að skrá sig fyrir hlutum í bankanum.

Kaupþing og vogunarsjóðurinn Attestor Capital, sem fer núna með 7,15 prósent hlut í Arion banka, seldu sem kunnugt er samanlagt um 29 prósent hlut í hlutafjárútbóði bankans í júní í fyrra. Við skráningu Arion banka í kjölfarið á hlutabréfamarkaði í Svíþjóð og á Íslandi var Kaupþingi, ásamt Attestor, Taconic Capital, Och-Ziff Capital og Goldman Sachs, óheimilt að eiga viðskipti með bréfin í bankanum í sex mánuði. Þeim söluhömlum lauk 20. desember síðastliðinn. Goldman og vogunarsjóðirnir þrír komu fyrst inn í hluthafahóp Arion banka þegar þeir keyptu tæplega 30 prósent hlut af Kaupþingi í bankanum í mars árið 2017.

Selji Kaupþing tveggja prósent hlut eða meira í Arion banka, eins



Hlutabréfaverð Arion hefur hækkað um 13 prósent frá áramótum.

32,67%

er núverandi eignarhlutur Kaupþings í Arion banka.

og félagið stefnir að, þá mun vogunarsjóðunum og Goldman Sachs bjóðast að koma inn í þau viðskipti og selja á sama gengi í hlutfalli við skráða eignarhluti þeirra í bankanum (pro rata). Það er á grundvelli samkomulags sem Kaupþing og aðrir stærstu hluthafar Arion banka gerðu með sér um skipulegt söluferli eftir að söluhömlum yrði aflétt, samkvæmt heimildum Markaðarins. Ólíklegt er hins vegar talið að aðrir en Attestor muni á þessum tímabili selja í samfloti með Kaupþingi en vitað er að vogunarsjóðurinn lítur ekki á eignarhlut sinn í Arion banka sem langtímafjárfestingu.

Þrátt fyrir að samanlagður eignarhlutur Kaupþings og Taconic Capital, sem á 9,99 prósent hlut í Arion banka, sé tæplega 43 prósent þá takmarkast heildar atkvæðisréttur þeirra í bankanum við þriðjungshlut. Það grundvallast á ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um að Kaupþing og Taconic séu

skilgreindir sem tengdir aðilar, en vogunarsjóðurinn er langsamlega stærsti hluthafi eignarhaldsfélagsins með nærri helmingshlut. Kaupþing horfir því til þess, ekki hvað síst af þessum sökum, að selja sem fyrr segir að lágmarki tíu prósent hlut í bankanum.

Ekki hefur enn verið ákveðið hvaða bankar og verðbréfafyrirtæki verða fengnir sem ráðgjafar Kaupþings við söluferlið. Fastlega er hins vegar gert ráð fyrir því að þar verði einkum um að ræða þá sömu og voru söluáráðgjafar við hlutafjárútbod Arion banka á síðasta ári, samkvæmt heimildum Markaðarins. Á meðal þeirra sem hafa unnið að því síðustu vikur að fá fjárfesta, innlenda sem erlenda, til að koma að kaupum á stórum hlut Kaupþings í Arion banka eru Fossar markaðir, Kvika banki og Íslenskir fjárfestar.

Arion banki mun birta uppgjör sitt fyrir árið 2018 eftir lokun markaða í dag, miðvikudag, en á fyrstu níu mánuðum ársins var hagnaður bankans rúmlega 6,1 milljarður og dróst saman um 41 prósent frá sama tíma fyrir ári. Þá var arðsemi eigin fjár á tímabilinu aðeins 3,9 prósent. Hlutabréfaverð bankans stendur núna í 79,8 krónum á hlut og hefur hækkað um 13 prósent frá áramótum. hordur@frettabladid.is

Bætir við sig í Marel fyrir um milljarð

Fjárfestingasjóður í stýringu evrópska vogunarsjóðsins Teleios Capital bætti í liðinni viku við sig ríflega tveimur milljónum hluta í Marel, að virði um 940 milljónir króna, og fer nú með samanlagt 7,3 milljónir hluta í félaginu, samkvæmt nýjum lista yfir stærstu hluthafa þess. Jafngildir það um 1,07 prósent eignarhlut.

Með kaupunum í síðustu viku varð sjóðurinn, sem ber heitið Teleios Global Opportunities, sautjándi stærsti hluthafi Marel. Markaðsvirði eignarhlutar sjóðsins nemur tæplega 3,3 milljörðum króna miðað við núverandi gengi hlutabréfa í félaginu.

Eins og fram hefur komið í Markaðinum keypti fjárfestingasjóðurinn í lok síðasta mánaðar hann



Árni Oddur Þórðarson, forstjóri Marel.

3,3

milljarðar króna er markaðsvirði eignarhlutar Teleios Global Opportunities í Marel.

samanlagt fjórar milljónir hluta á genginu 402 krónur á hlut. Síðan þá hefur gengi bréfanna hækkað um hátt í 11 prósent en þar af hafa bréfin hækkað um ríflega 10,5 prósent í verði eftir að félagið birti sterk uppgjör fyrir fjórða fjórðung 2018 fyrir réttu viku.

Þess má geta að markaðsvirði Marel fór í fyrsta skipti yfir

300 milljarða króna á mánudag. Teleios Capital, sem var stofnaður árið 2013, var með eignir upp á samtals um einn milljarð Bandaríkjadala, jafnvirði um 120 milljarða íslenskra króna, í stýringu síðastliðin haust en sjóðurinn fjárfestir einkum í skráðum evrópskum félögum í Norður- og Norðvestur-Evrópu. – **kij**



Til leigu

Atvinnuhúsnæði fyrir umfangsmikla starfsemi.

Reitir bjóða til leigu 2.819 m² atvinnuhúsnæði við Klettagarða 6. Aðkoma við húsið er eins og best verður á kosið, bæði fyrir gesti og atvinnutæki. Um er að ræða rúmgóðan og háan sal með þremur innkeyrsluhurðum og minni sal með innkeyrsluhurð. Skrifstofurýmið var endurnýjað fyrir örfáum árum og starfsmannaaðstaða er mjög góð. Húsnæðið er laust til afhendingar.

Nánari upplýsingar veitir Halldór Jensson sölustjóri í 840 2100 eða halldor@reitir.is.

Reitir eru stærsta fasteignafélag landsins á sviði útleigu atvinnuhúsnæðis. Við leigjum út yfir 140 eignir af öllum stærðum og gerðum um allt land.

Kringlan 4-12

103 Reykjavík

www.reitir.is

575 9000

REITIR

Velkomin til starfa

Greiðir Íslandsbanka nærri milljarð

Íslandsbanki og Gamli Byr hafa náð sáttum í ágreiningsmáli um virði útlánasafns sem bankinn keypti af Byr og ríkissjóði 2011. Gamli Byr greiðir bankanum 975 milljónir. Ríkið fær, beint og óbeint, yfir þrjá milljarða króna í sinn í hlut á grundvelli sáttarinnar.

Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is
Kristinn Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is



Gamli Byr og Íslandsbanki hafa komist að samkomulagi um að ljúka með sátt dómsmáli sem bankinn höfðaði á hendur félaginu vegna ofmats á verðmæti útlánasafns sem bankinn keypti af Byr og ríkissjóði haustið 2011.

Gamli Byr, sem lauk nauðasamningum í janúar árið 2016, mun þannig geta hafið útgreiðslur til hluthafa sinna, sem eru að stærstum hluta þýskir bankar og sparisjóðir, en slitabúið er það eina sem gekkst undir stöðugleikaskilyrði stjórnvalda sumarið 2015 og hefur ekki enn getað greitt hluthöfum sínum út þá fjármuni sem liggja inni í félaginu.

Samkvæmt samkomulaginu, sem deilendur skrifuðu undir síðasta föstudag eftir nokkurra mánaða sáttaviðræður, greiðir Gamli Byr Íslandsbanka 975 milljónir króna gegn því að bankinn falli frá kröfum sínum gagnvart félaginu. Á sama tíma mun Gamli Byr inna af hendi fyrstu greiðslu til sinna kröfuhafa, þar á meðal Íslandsbanka sem á um átta prósent krafna í félaginu, samkvæmt skuldabréfum sem gefin voru út til kröfuhafa í kjölfar nauðasamnings Gamla Byrs sem samþykktur var í ársbyrjun 2016.

Íslandsbanki hafði upphaflega lagt fram kröfu á hendur Gamla Byr upp á 6,7 milljarða króna auk vaxta og einn milljarð gegn ríkinu auk vaxta en bankinn taldi að ofmat á verðmæti lánasafns Byrs hefði valdið sér fjártjóni. Bankinn borgaði samtals 6,6 milljarða króna á sínum tíma fyrir allar eignir Byrs.

Gunnar Þór Þórarinnsson, stjórnarformaður Gamla Byrs og eigandi ráðgjafarfyrirtækisins Askur Consulting í Lundúnum, kveðst í samtali við Markaðinn fagna því að niðurstaða hafi náðst í málinu.

Stefnt að útgreiðslum í mars

Í bréfi sem stjórn Gamla Byrs skrifaði hluthöfum félagsins fyrr



Í samkomulaginu er kveðið á um að Gamli Byr greiði Íslandsbanka 975 milljónir króna sem fullnaðargreiðslu á kröfu bankans og að bankinn falli í kjölfarið frá dómskröfum sínum á hendur félaginu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Gunnar Þór Þórarinnsson, stjórnarformaður Gamla Byrs.

í vikunni og Markaðurinn hefur undir höndum segist stjórnin telja að samkomulagið sé vel viðunandi fyrir hluthafana. Stjórnin hafi jafnframt áður en samkomulagið var endanlega samþykkt ráðfært sig óformlega við meirihluta hluthafanna sem hafi stutt það.

Í bréfinu kemur enn fremur fram að stefnt sé að því að hefja fyrstu útgreiðslur til hluthafa Gamla Byrs í næsta mánuði. Hluta greiðslanna verði hins vegar frestað þangað til sátt náist annars vegar í deilum um vestari hluta Héðinsreitsins í Reykjavík og hins vegar um skadleysissjóð fyrrverandi slitastjórnar Gamla Byrs.

975

milljónir króna er sáttgreiðsla Gamla Byrs til Íslandsbanka.

Samkomulag Íslandsbanka, sem er alfarið í eigu ríkisins, og Gamla Byrs gerir það einnig að verkum að síðarnefnda félagið mun loks geta greitt stöðugleikaframlag til íslenska ríkisins sem verður að óbreyttu rúmlega tveir milljarðar króna.

Heildareignir slitabúsins, sem eru í formi innstæðna á bankareikningum og í peningamarkaðssjóðum, nema um 7,8 milljörðum króna en samkvæmt stöðugleikaskilyrðum ber búinu að greiða 26 prósent af eignunum í stöðugleikaframlag.

Ljóst er að ríkið mun fá – á grundvelli sáttarinnar sem nú liggur fyrir – um þrjá milljarða króna í sinn hlut. Má segja að greiðslan verði þrjúþætt: í formi stöðugleikaframlags, sáttgreiðslu til Íslandsbanka og útgreiðslu til bankans sem kröfuhafa í slitabúinu.

Lítið ágengt framan af

Eins og fjallað hefur verið um í Markaðinum komust dómkvaddir matsmenn að þeirri niðurstöðu í lok síðasta árs að hátt í 1.500 lán í lánasafni Byrs, sem Íslandsbanki tók yfir og matsmönnum var falið að verðmeta, hefðu verið ofmetin um ríflega 2,2 milljarða króna í bókum sparisjóðsins um mitt ár 2011. Til samanburðar gerði bankinn, eins og áður sagði, kröfu á hendur Gamla Byr upp á tæplega 7 milljarða króna.

Í bréfi sem stjórn Gamla Byrs sendi hluthöfum í tilefni af matsgerðinni sagði hún að niðurstaða

Það er skoðun stjórnar Gamla Byrs að samkomulagið sé viðunandi niðurstaða fyrir hluthafa Gamla Byrs.

Úr bréfi stjórnar Gamla Byrs til hluthafa

matsmannanna væri skýrt merki um að krafa Íslandsbanka væri „verulega uppsprengd“.

Engu að síður sagðist Gamli Byr telja að skýrsla matsmannanna væri háð ýmsum annmörkum. Hún leiðrétti ekki þá bresti sem væru á skaðabótakröfu Íslandsbanka og undirstrikaði hve mikil óvissa ríkti um kröfu bankans. Matsgerðin væri því til þess fallin að skjóta styrkari stöðum undir kröfu Gamla Byrs um að málinu yrði vísað frá dómi.

Samhliða dómsmálinu, sem rekið hefur verið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur frá því í desember árið 2013, áttu Íslandsbanki og Gamli Byr reglulega í óformlegum viðræðum um sátt í málinu. Lítið ávannst hins vegar í sáttaviðræðunum framan af, enda bar mikið á milli, en sem dæmi hafnaði bankinn síðasta haust tillögu Gamla Byrs að sáttum, eins og greint var frá í Markaðinum.

Til marks um þöfið í viðræðunum sagðist stjórn Gamla Byrs í bréfi til hluthafa í júní í fyrra telja „óraunsætt“ eins og sakir stæðu að deilendur kæmust að samkomulagi sem báðir gætu sætt sig við.

Sagðist stjórnin enn fremur hafa ástæðu til þess að ætla að Íslandsbanki væri að reyna að „þreyta“ hluthafana, sem voru orðnir langþreyttir á deilunni, og neyða þá til þess að gangast undir sátt sem væri í engu samræmi við staðreyndir málsins.

Austurrískir og þýskir bankar og sparisjóðir, sem eru upprunalegir lánveitendur sparisjóðsins, eiga um 60 prósent krafna í Gamla Byr, íslenskir lífeyrissjóðir um 22 prósent og þá á Íslandsbanki sjálfur um 8 prósent.

Vill að Seðlabankinn rétti hlut þeirra sem sættu sektum

Seðlabanki Íslands ætti að hafa frumkvæði að því að rétta hlut þeirra sem sættu sektum af hálfu bankans eða gerðu sátt við bankann undir þvingun í tilvikum þar sem gildar viðurlagaheimildir voru ekki til staðar.

Þetta er mat Birgis Tjörva Péturssonar, héraðsdómslögmanns og eins eigenda Lögmannna Lækjargötu. „Hafi einhverjir aðilar þurft að sæta slíku eiga þeir hinir sömu án nokkurs vafa rétt á því að fá endurgreiðslu eða bætur vegna tjóns sem af því hefur hlotist,“ segir hann í samtali við Markaðinn og bætir við:

„Þar að auki, í þeim tilfellum þar sem Seðlabankinn stundaði rannsóknarathafnir gagnvart einstaklingum og fyrirtækjum, sem gátu aldrei stefnt að neinu lögmatu markmiði, vegna þess að nauðsynlegur lagagrundvöllur var ekki til staðar fyrir bankann, þá getur Seðlabankinn hæglega hafa bakað sér bótaábyrgð.“

Í nýlegu áliti umboðsmanns Alþingis, sem kom til vegna kvörtunar af hálfu Þorsteins Más Baldvinssonar, forstjóra Samherja, er farið hördum orðum um stjórn-



Birgir Tjörvi Pétursson héraðsdómslögmaður. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

sýslu Seðlabankans í málum sem varða gjaldeyrisreglur bankans.

Er meðal annars bent á að stjórnendur bankans hafi ekki gert umboðsmanni grein fyrir afstöðu ríkissaksóknara um að engin nothæf refsheimild hefði verið

fyrir hendi vegna gjaldeyrisbrota.

Birgir Tjörvi segir að álit umboðsmanns sé sannarlega áföllisdómur yfir stjórnsýslu Seðlabankans. Þar sé lýst stjórnsýslu sem feli í sér alvarleg brot gegn einstaklingum og fyrirtækjum sem

Þarna er í mínum huga lýst stjórn-sýslu sem felur í sér alvarleg brot gegn einstaklingum og fyrirtækjum sem hafa sætt rannsóknum að ósekju.

Birgir Tjörvi Pétursson, héraðsdómslögmaður og einn eigenda Lögmannna Lækjargötu

hafi sætt rannsóknum að ósekju.

Hann kveðst þekkja dæmi þess að Seðlabankinn hafi efnt til rannsókna á meintum brotum á gjaldeyrisreglum bankans eftir að starfsmönnum bankans hafi mátt vera orðið ljóst – meðal annars vegna mikilla breytinga á gjaldeyrislögum sem hafi þurft að ráðast í og afdráttarlausrar afstöðu ríkissaksóknara – að reglurnar hefðu ekki næga lagastöð.

„Áfram hélt bankinn þó að efna til rannsókna á málefnum einstaklinga og fyrirtækja á tímabili

þar sem hann hafði engar heimildir til þess. Það er mjög alvarlegt mál í mínum huga.

Auðvitað hefði maður kosið að sjónarmið umboðsmanns hefðu komið fyrr fram. Honum er hins vegar vorkunn að einhverju leyti vegna þess sem hann bendir á, sem er jafnframt grafalvarlegt, að bankinn virðist hafa haldið frá honum upplýsingum,“ nefnir Birgir Tjörvi.

Það vekir sérstaka athygli hve hördum orðum umboðsmaður fari um samskipti sín við Seðlabankann. Í þeim samskiptum hafi bankinn beitt rangfærslum og útúrsláningum til þess að réttlæta gerðir sínar.

„Mér kemur mikið á óvart hve lítið hefur verið gert með þessa þungu gagnrýni umboðsmanns.“

Spjótum hefur verið beint að stjórnvöldum undanfarið í málum sem telja má léttvægari, þar með talið að Seðlabankanum sjálfum, án þess að ég sé að gera lítið úr öðrum málum. Miðað við þær auknu kröfur sem mér sýnist alls staðar verið að gera til stjórnvalda þessi misseri er ég hissa á hve vel þeir sem báru ábyrgð á gjaldeyris- eftirliti bankans hafa sloppið.“ – kj

RAFMAGNSBORÐ

Á FRÁBÆRU
VERÐI



Öll rafmagnsborð
Hirzlunnar eru með
minnistýringu
sem hámarkar
notagildi borðsins.

Verð frá kr.

54.900

Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37 Sími: 564-5040 www.hirzlan.is

TULLI SKILRÚM



Margar stærðir til á lager,
hægt að sérpanta í mörgum
litum og áklæðagerðum.

Verð frá kr.
39.900

SKJÁ- ARMAR



11.900 KR.

20.900 KR.



„Ég vil geta fengið hugmynd um morguninn og fólk hefst handa við að hrinda henni í framkvæmd á hádegi,“ segir Reynir Grétarsson, stjórnarformaður Creditinfo. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ég var ekki lengur rétti forstjórinn

Reynir Grétarsson, aðaleigandi Creditinfo, vék úr starfi forstjóra eftir 20 ár og réð Ítala árið 2017. Neistinn var farinn. Við það fékk fyrirtækið tækifæri til að endurnýja sig. Í kjölfarið varð viðsnúningur á rekstrinum og stefnt er því að EBITDA tvöfaldist í ár.

Helgi Vífill
Júliússon
helgivifill@frettabladid.is



Creditinfo hefur sótt fram á vanþróaðri mörkuðum sem eru í örum vexti. Það er með skrifstofur í 26 löndum, þar af eru ellefu í Afríku. Ef meðtalin eru lánakerfi sem fyrirtækið rekur fyrir seðlabanka sem meðal annars eru í Oman og Srí Lanka er starfsemin í 35 löndum. Í þeim mörkuðum eiga stór alþjóðleg fyrirtæki erfitt um vik að keppa við íslenska fyrirtækið sem lengi hefur haft höfuðstöðvar á Höfðabakka. Þetta kemur fram í ítarlegu viðtali Markaðarins við Reyni Grétarsson, stjórnarformann og aðaleiganda Creditinfo með um 78 prósentu hlut.

Starfsmenn eru um 400 eftir 21 ár í rekstri. Veltan jókst um 15 prósent á milli ára og var um 38 milljónir evra, jafnvirði 5,2 milljarða króna árið 2018. Til samanburðar var Creditinfo með starfsemi í 14 löndum við upphaf árs 2013, meðal annars á Grænhöfðaeyjum, í Kasakstan og Úkráinu. Fjöldi starfsmanna var þá 250.

Creditinfo aðstoðar lánastofnanir við að stýra áhættu tengdri útlánum. Gögnum er safnað og breytt í upplýsingar sem eru not-

aðar við ákvarðanatöku. Það er misjafnt hve mikil þjónusta er í boði í hverju landi.

Stefnt á að EBITDA tvöfaldist á árinu

Reynir segir að reksturinn hafi gengið mjög vel á árinu 2018. Hagnaður fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta (EBITDA), hafi verið um 5 milljónir evra, jafnvirði tæplega 700 milljóna króna, samkvæmt bráðabirgðauppgjöri, og stefnt sé að því að sá hagnaður verði tíu milljónir í ár, um 1.400 milljónir króna.

Reksturinn hafi hins vegar gengið illa árið 2017 og því hafi verið ráðist í mikilvæga uppstokkun á rekstrinum. Það ár tapaði fyrirtækið 310 milljónum króna, samkvæmt ársreikningi.

„Við opnuðum í mörgum nýjum löndum og fjárfestum mikið í nýrri þekkingu og tækni en fjárfestingarnar skiludu sér ekki. Við töpuðum jafnframt miklu á að fjárfesta í fjártækniyfirtæki í London. Við brugðumst of seint við sumum af vandamálunum en komum betra lagi á reksturinn á árinu 2017. Við biðum meðal annars með að opna í nýjum löndum á meðan við vorum að ná tökum á rekstrinum. Við opnuðum reyndar á Barbados í fyrra – það er ekki hægt að hætta alveg. Á sama tíma lokuðum við skrifstofunni í Rúmeníu sem við höfðum rekið í fimmtán ár.

Fjárfesti í tveimur fyrirtækjum í hvíldinni

Reynir fjárfesti nýverið í tveimur fyrirtækjum, fjártækniyfirtækinu Two Birds, og stafræna markaðsfyrirtækinu Svartagaldri. Þau eru með aðsetur í sama húsi og Creditinfo. Hann getur því auðveldlega hlaupið á milli fyrirtækjanna þriggja.

„Eftir að störfum mínum lauk sem forstjóri Creditinfo sumarið 2017 fór ég að hvíla mig og hugsa málin. Ég komst að þeirri niðurstöðu að mig langaði að gera eitthvað á einstaklingsmarkaði og stofnaði fjártækniyfirtækið Two Birds ásamt fleirum. Fyrstu vörurnar fara brátt í loftið, nú erum við einkum að horfa til fasteignamarkaðarins. Það eru sex starfsmenn og svo er vinnu úthýst til Indlands,“ segir Reynir. Hann á 75 prósentu hlut í Two Birds og það sem eftir stendur er í eigu annarra fjárfesta og starfsmanna. 75 milljónir króna hafa verið lagðar í fyrirtækið en stefnt er að því að fjárfestingin verði yfir 100 milljónir. „Við erum á lokametrunum,“ segir Reynir. Reynir á einnig meirihlutann í Svartagaldri. „Það var hópur fólks sem vann hjá fyrirtæki í stafrænni markaðssetningu og vildi hefja eigin rekstur en skorti

fjármagn. Ég sagði: Já, ég er til í að fjármagna fyrirtækið ef ég má eiga meirihlutann. Stofnkostnaður var lítill og fyrirtækið skilaði hagnaði eftir þrjá mánuði. Það góða og slæma við þann rekstur er hve mikil verðmæti eru fólgin í starfsmönnunum sjálfum. Þeir byrja einfaldlega að bjóða sína þekkingu. Svartagaldur minnir á tannlækna-stofu þar sem verðmætin eru fólgin í starfsmönnunum. Þegar umsvifin aukast þarf að fjölga starfsmönnunum.

Á sama tíma þarf Two Birds að fjárfesta ríkulega áður en tekjur fara að berast en þá er líka kominn skalanleiki og erfiðara fyrir keppinauta að taka viðskiptin af þér. Ef einhver vill gera það sama þarf að ráðast í sömu fjárfestingu, og þegar það er samkeppni á markaðnum er ekki víst að hún náist til baka. Two Birds minnir á Creditinfo á Íslandi sem hefur haft svipaðan starfsmannafjölda í tíu ár þótt tekjurnar aukist yfirleitt um 5-10 prósent á ári. Við stofnendurnir þrjú áttum tvær milljónir þegar Creditinfo var stofnað – það er gaman að taka þátt í þessum sprotafyrirtækjum og hafa meira á milli handanna.“

Creditinfo varð tvítugt árið 2017. Fyrirtæki þurfa að eiga slæm ár og það er nánast óumflýjanlegt. Það gefur þeim tækifæri til að ráðast í endurnýjun, eins og við fengum inn nýjan forstjóra það ár og hann réð nýtt fólk. Árið 2006 reyndist okkur líka erfitt. Það er að mínu mati eðlilegt að fyrirtæki glími við erfiða tíma á um tíu ára fresti og þurfi þá að ákveðnu leyti að endurnýja sig.“

Að sögn Reynis er starfsemi fyrirtækisins rekin með hagnaði í öllum löndunum að undanskildum tveimur, þremur þar sem fjárfestingin sé neikvætt.

Ekki lengur rétti maðurinn í starfið

Við starfi forstjóra tók Ítalinn Stefano M. Stoppani sem búid hefur í tíu löndum. „Hann þekkir bransann vel og hefur unnið hjá tveimur af keppinautum okkar. Það hafa eiginlega allir í efsta lagi stjórnenda Creditinfo verið Íslendingar. Mér þótti það góð skilaboð til starfsmanna að það þyrfti ekki að vera Íslendingur til að ná langt hjá fyrirtækinu. Því var vel tekið. Það var auk þess gott að fá ferskt blóð í starfseminu því flestir stjórnendur hafa alist upp innan veggja fyrirtækisins og höfðu því ekki kynnst því hvernig hlutirnir ganga fyrir sig hjá öðrum fyrirtækjum.

Það var góð ákvörðun að skipta um forstjóra. Ég var búinn að sinna

LÍFIÐ

MIDVIKUDAGUR 13. FEBRÚAR 2019

Tíska



Þessi blómakjöll verður á 20% afslætti yfir afmælishátíðina og er þá verð 4.792 krónur. Sigríður, annar eigandi ZikZak, ber hann glæsilega.

Afmælishátíð í ZikZak

Skokkar og kjólar eru mjög áberandi í nýju vorlínunni sem ZikZak kynnir en afmælishátíð verslana ZikZak byrjar á morgun og stendur fram á mánudag. Í tilefni af afmælinu er mikið húllumhæ fram undan. Bylgjan verður í beinni á morgun ásamt Sigu Kling sem gefur gestum skemmtilegar gjafir. Fyrstu 30 sem versla fá veglegan kaupauka. Þá verður 20-50 prósentu afmælisafsláttur. ➔2

LÍFIÐ ER Á
FRÉTTABLAÐID.IS

Lífið á frettabladid.is
fjallar um fólk, tísku,
menningu, heilsu
og margt fleira.





Hlébardamunstur er alltaf klassískt. Verður á 20% afslætti.

Framhald af forsiðu →

Það stendur mikið til um helgina í ZikZak en blásið verður í afmælishátíðarljóðrana í versluninum. Stutt er síðan verslunin í Kringlunni fékk nýtt og ferskt útlit og er stórglæsileg að sjá. Þá hefur ZikZak breytt áherslum og náð þannig betri hagræðingu svo vöruverð er enn lægra. „Það er okkur hjartans mál að geta boðið viðskiptavininum fallegar vörur í öllum stærðum og á góðu verði, allar konur ættu því að geta fundið sér eitthvað fallegt hjá okkur. Þar sem við erum þekkt fyrir að veita framúrskarandi þjónustu þá erum við dugleg að gera breytingar sem viðskiptavinurinn hagnast á,“ segir Sigríður Ómarsdóttir, annar af eigendum ZikZak.

Það verður brjáluð stemming alla helgina, Bylgjan verður í beinni á morgun ásamt Siggú Kling sem gefur gestum skemmtilegar gjafir. Fyrstu 30 sem versla fá veglegan kaupauka, sem í verður páskaegg frá Nóa Síriusi, bíómiði á The Wife frá Sambíóunum og hlýrabolur í lit að eigin vali. „Þeir sem hafa ekki tók á að nálgast kaupaukann þurfa ekki að órvænta, við ætlum í samstarfi við Sambíóin að bjóða 50% afslátt með kóðanum „ZikZak“ sem hægt verður að nota í afgreiðslu og á netinu, kóðinn gildir til 21. febrúar,“ segir hún.

Á afmælishátíðinni verður kynnt glæný og glæsileg vorlína og býður ZikZak 20-50% afmælisafslátt af öllum vörum. Sigríður segir að skokkar og kjólar séu mjög áberandi í nýju línunni og þá eru falleg og björt munstur einkennandi í ár. ZikZak heldur áfram að bjóða frábært vöruúrval í stærðunum 36-56 á góðu verði. „Verslunin okkar í Kringlunni hefur nýlega fengið nýtt og ferskt útlit og er hreint út sagt stórglæsileg – sjón er sögu ríkari. Við erum afar stolt af útkomunni og einnig viðskiptavinirnir okkar,“ bendir hún á.

ZikZak er einnig á Akureyri en Norðlendingar hafa tekið búðinni opnum örmum. Sú verslun er einmitt tveggja ára og verður

Við erum þekkt fyrir að veita framúrskarandi þjónustu og þá erum við dugleg að gera breytingar sem viðskiptavinurinn hagnast á.

ekki síðri afmælishátíð þar á bæ. „Akureyringar og nærsveitingar hafa kunnað virkilega vel að meta verslunina okkar þar, við ætlum einnig að gleðja gesti þar yfir hátíðina,“ segir Sigríður.

Þá er ár síðan ZikZak opnaði netverslun á www.zikzakverslun.is sem hefur fengið glimrandi góðar viðtökur. Viðbótin hefur mælst vel fyrir og fer netverslunin ört vaxandi milli mánaða. „Þessi viðbót hefur gefið okkur enn betra tækifæri til að veita viðskiptavinum okkar framúrskarandi þjónustu. Það er alveg ofboðslega gaman að sjá hvað margir nýta sér netverslunina. Á www.zikzakverslun.is geta viðskiptavinir okkar séð allt það vöruúrval sem verslunin hefur upp á að bjóða og allar helstu upplýsingar varðandi vörur okkar og þjónustu.“

Sigríður segir að verslunin ætli að gera vel við alla sem versla á www.zikzakverslun.is og bjóða 20-50% afslátt af öllum vörum og ef verslað er yfir sjö þúsund krónur fylgir hlýrabolur með. „Nú geta allir kikið á www.zikzakverslun.is og skoðað og pantað öll okkar flottu afmælistilboð sem verða í boði yfir afmælishátíðina. Annars bjóðum við alla velkomna að kíkja til okkar og fagna afmælinu með okkur og upplifa frábæra stemmingu. Við bjóðum 20-50% afslátt af öllum vörum yfir hátíðina og auðvitað eru afmælistilboðin fánleg í báðum verslunum okkar, í Kringlunni og á Akureyri,“ segir Sigríður.



Kjöll sem hæfir hvaða tilefni sem er. Verður á 20% afmælisafslætti.



Fallegur og töff, sérstaklega með hækkandi sól, á 20% afslætti.



Svarthvítur og sjóðandi og er að sjálfsgöðu á 20% afmælisafslætti.



Grár og geggjáður og að sjálfsgöðu á afmælisafslætti.



Sigríður í litríkum og glæsilegum kjól sem verður á 50% afslætti og mun kosta aðeins 2.490 krónur sem er ekki hátt verð fyrir jafn vandaða flik.



Nýja línin sem ZikZak býður upp á er mögnuð að sjá og ekki skemmir verðið. Þessi verður á 20% afmælisafslætti.

Bílar & Farartæki

Bílar til sölu



YFIRTAKA Á LÁNI.

VW Up árgerð 2014 ekinn 80 þ.km Nýsk. 5/2014 Næsta skoðun 2020 4 manna 5.dyra beinskiptur. Uppl. í síma 8920018

Varahlutir

Startarar & alternatorar

í bíla, báta og vinnuvélur



Bílaraf

Flatahrauni 25 - Hafnarfirði

Sími 564 0400
www.bilaraf.is

Viðgerðir

Almennar bílviðgerðir. Sérgrein bremsuviðgerðir. Renni diska og skálar. Fljót og góð þjónusta. Bergfinnur ehf. 892 7852

Þjónusta

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

VY-ÞRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki o.fl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Pípulagnir

Pípuþingameistari getur bætt við sig verkefnum á viðhaldi og viðgerðum. Uppl. í s. 778 1604.

Húsviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Timavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Keypt & Selt

Til sölu



Humar, Ferskur Lax, Rísarækjur og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW.HUMARSALAN.IS S. 867 6677

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is

Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar jonogoskar.is s.552-4910

Til bygginga



HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS

Vatnasklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolia. Indus ehf, Öseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símunum 660 0230 og 561 1122.

Sérfræðingar í ráðningum

Ánægðir viðskiptavinir eru okkar besta auglýsing

FAST Ráðningar

lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is
www.fastradningar.is

Þú finnur draumastarfið á Job.is



Iðnaðarmenn



Heilbrigðisþjónusta



Verslun og þjónusta



Kennsla



Veitingastaðir



Ferðaþjónusta

GLÆNÝ OG
FERSK STÖRF
Í HVERRI VIKU



Job.is

Húsnæði

Húsnæði í boði

TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM

165 og 285 fm bíl með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464

Parftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

Atvinna

Atvinna í boði

BÍLSTJÓRI ÓSKAST Í SENDIBÍLAAKSTUR.

Hraustur, þjónustulundaður og íslenskumælandi með hreint sakavottorð. Fjölbreytt vinna, góður félagskapur, nóg að gera. Meirapróf ekki nauðsynlegt.

Vinnan er tvískipt. Annars vegar að rúlla stæðum inn í matvörubúðir á höfuðborgarsvæðinu frá ca 6-9 og hins vegar tilfallandi vinna á sendibílastöð. Unnið er frá ca 6-17 og þarf viðkomandi að geta skilað allavega 4 vöktum á viku og þar innifalín er önnur hvor helgi a.m.k. til hádegis.

Tilvalið fyrir ungan mann sem er vill kynnast sendibransanum eða reyndari bílstjóra. Æskilegur aldur ca 25-55 ára. Öllum umsóknum svarað.

PS Að auki kemur til greina að ráða helgar og ihlaupa bílstjóra.

Frekari uppl. í s. 892 6363 og skutlari@gmail.com

Fasteignir

**Breiðavík 21**

112 Reykjavík

OPIÐ HÚS

miðvikudaginn 13. feb. kl. 18:15 - 18:30

Glæsileg 153 fm íbúð á efstu hæð
Bílskúr fylgir sem er á jarðhæð í húsinu
Rúmgott eldhús með útsýni
Suðursvalir



Nánari upplýsingar veitir:
Jason Ólafsson, lögg. fasteignasali
jassi@miklaborg.is sími: 775 1515

Verð: **57,9 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** 569 7000 Lág múla 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

- með þér alla leið -

MIKLABORG leitar að ...

raðhúsi við Otrateig
fyrir ákveðinn viðskiptavin



Nánari upplýsingar veitir:
Jörunn Skúladóttir, lögg. fasteignasali
jorunn@miklaborg.is sími: 845 8958

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** 569 7000 Lág múla 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

- með þér alla leið -

Atvinna

LIND FASTEIGNASALA

Auglýsir eftir fasteignasöllum til starfa.

Reynsla af sölu fasteigna skilyrði.

Áhugasamir sendi tölvupóst og ferilskrá á hannes@fastlind.is



FASTEIGNASALA Hlíðasmára 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is

Uppspretta ánægjulegra viðskipta

FRÉTTABLAÐIÐ.IS

Stendur undir nafni



FRÉTTABLAÐIÐ



FRÉTTABLAÐIÐ APP



FRÉTTABLAÐIÐ.IS

Náðu meiri árangri
í samningaviðræðum

Námskeið í samningatækni

**HAGVANGUR**

hagvangur.is

starfinu í 20 ár. Starfsemin hafði breyst mikið, ég náði að einhverju leyti að breytast með en eftir vill var ég orðinn þreyttur á þessu. Neistinn var farinn. Ég var ekki lengur rétti maðurinn í starfið.“

Þú ert enn þá stjórnarformaður. Er neistinn kominn aftur?

„Nei, ekki að fullu allavega. Ég er stjórnarformaður en sinni ekki daglegum rekstri. Fyrst reyndi starfsfólkið að fara fram hjá forstjóranum og leita til mín ef eitthvað bjátaði á en ég var mjög skýr og sagði: Það þýðir ekkert að tala við mig. Stefano rekur fyrirtækið.“

Ég hélt að það yrði erfitt að sleppa tókum á rekstrinum. Fólk spyr: Er þetta ekki barnið þitt? Nei. Þetta er bara fyrirtæki. Þetta er gott fyrirtæki og starfsfólki liður vel í vinnunni. Creditinfo mun farnast vel hvort sem ég er með puttana í því eða ekki. Ég hef sinnt því í 20 ár og er feginn að það geti staðið á eigin fótum.

Ég passa ekki lengur í menningu fyrirtækisins. Nú þegar fyrirtækið er orðið stórt þarf að fylgja alls kyns gæðastöðlum. Allt fer í ferla, það er nefnd sem forgangsraðar verkefnum, ekki bara innan hvers lands heldur einnig hvort fjármagnið nýtist til dæmis betur í Tansaníu eða Litháen. Þetta er eins og samlíkingin með stóra svifaseina skipið en ég er jet ski maður. Ég vil geta fengið hugmynd um morguninn og fólk hefst handa við að hrinda henni í framkvæmd á hádegi.“

Styttist í sölu Creditinfo

Hvarflar ekkert að þér að selja 78 prósent hlut þinn í Creditinfo?

„Það er ekki komið að því en það stýttist í það. Ég þarf þá að finna betra fjárfestingartækifæri, við munum tvöfalda hagnaðinn á árinu. Reksturinn gengur vel, þetta er ágætis staður fyrir peninginn.“

Það hafa verið töluverð viðskipti með hlutabréf Creditinfo á undanfórnum árum.

„Ég keypti hlut Breta árið 2013 sem vildu selja eftir að fjármagnshöftum var komið á. Við það fór hlutur minn í 93 prósent. Frá þeim tíma hef ég selt starfsmönnum hlutabréf, en þeir eiga um 10 prósent hlut, og breski fjárfestingasjóðurinn Actis keypti 10 prósent hlut árið 2016. Hann er sérhæfur í fjárfestingum í Afríku og minna þróuðum mörkuðum. Ég á um 80 prósent hlut en þarf ekki að eiga svo mikið í fyrirtækinu.“

Er ekki ágætt að fá fjárfesta til liðs við þig í stjórn sem eru áhugasamir um rekstur Creditinfo?

„Jú, því annars ber ég í raun einn endanlega ábyrgðina á rekstrinum. Ég er sá eini sem skipar stjórnarmenn. Mér finnst eins og ég hafi skrifað bókinna en eigi eftir lokaflann og þurfi að fá aðstoð frá einhverjum sem kann að selja fyrirtæki sem þetta og hámarka verðmætin. Við höfum hægt og bitandi verið að innleiða ferla til þess að allt sé 100 prósent þegar kemur að sölu.“

Hefur vaxið um 15 prósent á ári Reynir segir að fyrirtækið hafi vaxið um 15 prósent á ári býsna lengi. Hann bendir á að það taki innan þá voru starfsmenn orðnir 550 og í 27 löndum. Þetta er eins og tré sem spretta hratt – þau verða léleg. Þau líta vel út allt þar til það fer að blása en þá brotna þau.

Þegar vöxturinn er mikill tekst ekki að skipta út fólki nógu hratt. Þetta er eins og að fara upp úr fjórðu deildinni í knattspyrnu í þá þriðju, aðra og fyrstu. Allt í einu er góða og dygga starfsfólkið sem kom þér áfram ekki í stakk búið til að spila í fyrstu deildinni. Hraður vöxtur hefur líka í för með sér að nauðsynlegir innviðir eru ekki til staðar sem geti dregið úr líkum á mistökum og



Þrjár konur stýra fyrirtækjum Reynis. Auður Björk Guðmundsdóttir er framkvæmdastjóri fjártækniyrirtækisins Two Birds, Lilja Þorsteinsdóttir er framkvæmdastjóri stafræna markaðsfyrirtækisins Svartagaldurs og Brynja Baldursdóttir er framkvæmdastjóri Creditinfo á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

í Kenía tók það okkur meira en ár að fá fyrirtækið skráð af því að við vildum ekki greiða mútur.

ef þau verða, að það séu úrræði til staðar til að leysa vandann.

Hraður vöxtur eykur jafnframt þörfina á handbæru fé en okkar stærsti kostnaðarliður er laun og gögn og þetta þarf að borga strax. En tekjurnar berast síðar. Eftir því sem sunnar er farið á hnettinum aukast líkur á því að greiðslur tefjist. Það má rekja til ólíkrar menningar.“

Er Creditinfo í ofmörgum löndum til að hafa yfirsýn?

„Nei. Það verða til miðstöðvar. Eystrasaltslöndunum er til að mynda stjórnad frá Íslandi. Löndunum í Vestur-Afríku er stjórnað frá Marokkó. Þeir þekkja menninguna, tala frönsku og eru nálægt mörkuðum. Það er svæðisstjóri í Mexíkó sem annast Karíbahafið og Suður-Ameríku.“

Reksturinn er flókinn, við erum með fjölda starfsmanna í mörgum löndum en hvert og eitt fyrirtæki er ekki stórt í sniðum. Það er algengt að á hverri skrifstofu séu fjórir, fimm starfsmenn, sem sinna tæknimálum, áhættustýringu og reka starfseminna.

Hjá Creditinfo vinna sérfræðingar miðlægt með þessum minni fyrirtækjum. Í Prag eru flestir starfsmenn en þar rekur við upplýsingatæknimiðstöð. Það þarf að aðstoða minni löndin sem geta ekki búið yfir allri nauðsynlegri þekkingu. Á Íslandi eru til dæmis hámenntaðir stærðfræðingar sem vinna við að smíða mólél – við höfum ekki efni á því í Kenía og þess vegna er leitað til sérfræðinga í Prag.

Á Íslandi vinnum við með 1.500 fyrirtækjum og stofnunum á meðan

í stórum löndum eins og Tansaníu eru 20-30 fjármálastofnanir í viðskiptum við okkur. Það þarf því færri starfsfólk, vöruframboðið er minna og starfsemin er því einfaldari. Þetta virkar.“

Bankar dæmdir af mistökunum Þér verður tíðrætt um mikilvægi öflugrar fyrirtækjamenningar. Er erfitt að halda sömu menningu í 26 löndum?

„Menning er lyklatríði í rekstri. Það liggur við að menningin skipti meira máli en hugmyndin. Það verður alltaf einhver munur á menningunni. Lykilstefið í menningunni okkar er að allt sem er gert verður að hafa tilgang – ekki vera með neitt bull – og að allir séu jafnir og í sama liði. Það er fyrirlíði en hann er ekki yfir aðra hafinn.“

Í mörgum landanna er menningin allt önnur. Í sumum löndum dytti framkvæmdastjóra ekki í hug að sækja kaffið sitt, hann þarf að hafa aðstoðarmann og vera kallaður herra. Við reynum að fara einhvern milliveg með það, höfum yfirleitt heimamann sem framkvæmdastjóra en ætlumst til að hann hafi okkar gildi í heidri.

Það verður líka að hafa gaman af vinnunni, jafnvel þótt við eigum í viðskiptum við ihalðssamar stofnanir eins og opinbera eftirlitsaðila og banka. Bankar haga sér með þessum hætti því þeir eru eins og markmenn í fótbolta. Þeir eru dæmdir af mistökunum sem þeir gera og því skiptir mestu að gera ekki mistök. Á hinn bóginn eru flestir aðrir, eins og við, dæmdir af því hvað þeir gera og þurfa stöðugt að halda áfram og skora mörk. Þetta er dæmi um ólíka menningu. Tek þó fram að með auknu mikilvægi tækni er menningin að breytast hjá fjármálastofnunum og mun þurfa að gera það hratt.“

Reynir segir að stærri keppinautar sem eru með milljarða dollara í veltu geti ekki farið til landa eins og Jamaíka og hafið starfsemi með eins hagkvæmum hætti og Creditinfo. „Þeirra kerfi eru dýrari og stærri, ákvarðanir eru kostnaðarsamar og skipulagið er svifaseint. Við sendum einfaldlega starfsmann sem hefur gert þetta áður. Hann finnur hús-

næði, aflar leyfa og ræður starfsfólk. Hjá okkur lifir að hluta til íslenska menningin. Við förum í verkið og finnum leiðina. Fyrir vikið erum við fyrsti kostur hjá Alþjóðabankanum fyrir lönd sem erfitt er að eiga við eins og Írak og Afganistan.“

Hafið þið oft átt í viðskipti við Alþjóðabankann?

„Já, mjög oft. Í níu af ellefu Afríkulöndum sem við erum í erum við í samstarfi við Alþjóðabankann. Þeir skipulögðu útbod sem við unnum í Afríku og nokkrum löndum fyrir utan Afríku.“

Greiða ekki mútur

Það er athyglisvert að Creditinfo óx um 60 prósent árið 2018 í löndum utan Evrópu.

„Það er frá afar lágum grunni. Eins og í Austur-Afríku, Kenía og Tansaníu, er veltan innan við 100 milljónir króna í hvoru landi en tvöfaldað á milli ára. En það sem er skemmtilegt við þetta er hve erfitt það er að hefja starfsemina. Í Kenía tók það okkur meira en ár að fá fyrirtækið skráð af því að við vildum ekki greiða mútur. Það stríðir gegn stefnu fyrirtækisins. Við þáð vorum við settir aftast í röðina.“

Tiðkast mútur í mörgum löndum sem þið starfið í?

„Já. Vegna þess að við vildum ekki greiða mútur tafðist til dæmis sending af netþjónum endalaust í tolli.“

Af hverju greiðið þið ekki mútur?

„Starfsemi fyrirtækisins snýst um traust. Við erum fengin til að halda utan um viðkvæm gögn og fólk þarf að geta treyst þeim í okkar höndum. Við höfum misst af samningum vegna þessarar stefnu. En Alþjóðabankinn gætir þess í samstarfi okkar að við þurfum ekki að glíma við spillingu í til dæmis löndum í Afríku. Við höfum þurft að kvarta til bankans en löndin treysta á peninga frá honum og þegar hann slær á hendurnar er oftast farið eftir því. En það er oft útilokað að fara til einhvers lands, einn og óstuddur, í því skyni að stofna fyrirtæki frá grunni.“

Það nægir ekki alltaf að eiga í samstarfi við Alþjóðabankann. Fyrir um það bil tveimur árum gerðum við samning við 21 banka í Aserbaidsjan í samstarfi við Alþjóðabankann. Þetta var stór við-

Fyrirtæki þurfa að eiga slæm ár og það er nánast óumflýjanlegt. Það gefur þeim tækifæri til að ráðast í endurnýjun, eins og við fengum inn nýjan forstjóra það ár og hann réð nýtt fólk.

burður og það voru sex myndavélar sem mynduðu undirskriftina. Svo kom á daginn að einhver tengdur forsetanum vildi ekki að verkefnið yrði að veruleika. Mér var sagt að ástæðan væri að sumir pólitíkusar í sumum löndum fá lánað hér og þar og ætla ekki að greiða fjármunina til baka. Þeir kæra sig ekki um að það sé haldið utan um lánið. Hvað þá af einhverjum útlenningi. Það var gert mikið úr þessu verkefni en það var drepið. Okkur var neitað um að skrá fyrirtæki þar í landi. Við reyndum að fá skráninguna í gegn í hálf ár, bentum á að það væri kominn á samningur og Alþjóðabankinn lagði sitt lóð á vogarskálarnar en allt kom fyrir ekki. Spilling. Maður lendir stundum í þessu.“

Tækifærin eru stórkostleg Þú gefst ekkert upp á að starfa í þessum löndum?

„Nei, tækifærið er að það búa nærri 100 milljónir í löndum eins og Tansaníu og Kenía og þeim fjölga hratt, sérstaklega í millistéttinni. Velta fyrirtækisins í þeim löndum mun vaxa hratt í langan tíma. Tækifærin eru stórkostleg ef þú kemst af stað. Við höfum verið að ná föttestu í Afríku og það er að skila mikilli tekjuaukningu og svo mun hagnadurinn fylgja í kjölfarið.“

Íslandsvinurinn lætur gott heita

Bandaríski lögmaðurinn Lee Buchheit, sem er Íslendingum góðkunnur, lætur af störfum í lok næsta mánaðar. Hann hefur á ríflega fjörutíu ára ferli aðstoðað stjórnvöld í skuldugum ríkjum í glímuni við vogunarsjóði. Hugmyndir hans þóttu byltingarkenndar.

Kristinn
Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is



Lögmaðurinn Lee Buchheit, sem vann með íslenskum stjórnvöldum að lausn Icesave-deilunnar og losun fjármagnshafta og er talinn einn fremsti sérfræðingur heims á sviði endurskipulagningar ríkisskuldna, greindi frá því í liðinni viku að hann hygðist láta af störfum í lok næsta mánaðar. Lýkur þar með stórmærkilegum ferli hins 68 ára gamla Bandaríkjamanns.

Buchheit, sem hefur starfað fyrir alþjóðlegu lögmannsstofuna Cleary Gottlieb Steen & Hamilton í ríflega fjörutíu ár, hefur í störfum sínum glímt við marga af þekktustu vogunarsjóðum heims, núna nýlega sem ráðgjafi argentínskra og grískra stjórnvalda. Er það orðað svo í umfjöllun Financial Times að með starfslokum lögmannsins geti nú umræddir sjóðir, sem sérhæfa sig margir hverjir í að kaupa kröfur á hendur skuldsettum ríkjum, andað eilítið léttar.

„Lee er dáður af mörgum og hataður af sumum. Sumir telja að hann sé djöfullinn holdi klæddur,“ segir Whitney Debevoise, einn eigenda lögmannsstofunnar Arnold & Porter og fyrrverandi stjórnarmaður í Alþjóðabankanum, í samtali við Financial Times.

Buchheit tilkynnti um starfslok sín í bréfi sem hann skrifaði viðskiptavinum sínum síðasta miðvikudag. „Ég er að hætta störfum fyrir lögmannsstofuna. Ég er ekki að hætta að lifa lífinu. Ég mun halda áfram að fylgjast náið með þróun mála á alþjóðlegum fjármálamörkuðum,“ skrifaði lögmaðurinn.

Hann hefur skapað sér orðspor sem einn virtasti lögfræðingur í heimi á sviði þjóðarskuldbindinga sem sýnir sig meðal annars í því að á síðastliðnum þremur áratugum hafa stjórnvöld í nær öllum ríkjum – þó fyrst og fremst nýmarkaðsríkjum – sem glímt hafa við meiri-háttar skuldakreppu leitað liðsinnis hans til þess að semja við kröfuhafa um eftirgjöf skulda.

Ný aðferðafræði

Í umfjöllun Financial Times er til að mynda bent á að í kjölfar greiðslufalls argentínska ríkisins árið 2001, og langvarandi deilna ríkisins við bandaríska vogunarsjóðinn Elliott Management sem fylgdu þar á eftir,



Lee Buchheit sagðist í samtali við Viðskiptablaðið sumarið 2015 hafa bundist Íslandi traustum böndum. „Mér þykir orðið mjög vænt um Ísland. Þið eruð búin að ganga í gegnum afskaplega erfitt tímabil, en ég finn það á mér að þið eigið eftir að jafna ykkur betur og hraðar en nokkur hefði getað ímyndað sér í upphafi,“ nefndi hann. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Það er einfaldlega skemmtilegra að starfa fyrir ríkin í þessum málum. Það er blanda af pólitík, fjármálum, lögfræði sem og leikriti.

Lee Buchheit, meðeigandi á lögmannsstofunni Cleary Gottlieb

hafi Buchheit smíðað, ásamt öðrum, tillögur að nýrri aðferðafræði til þess að fást við endurskipulagningu skulda ríkja sem eiga í fjárhagsörðugleikum.

Tillögurnar, sem þóttu á þeim tíma byltingarkenndar, áttu að koma í veg fyrir að minnihluti kröfuhafa gæti tafið eða beinlínis stöðvað samkomulag um niðurfellingu ríkisskuldna ef þeir reyndust ófáanlegir til samninga. Leiddu hugmyndir Buchheits í kjölfarið til þess að ákvæði um að aukinn meirihluti kröfuhafa gæti gert bindandi samkomulag fyrir hönd allra, svo

kölluð CAC-ákvæði (Collective Action Clauses), fóru smám saman að ryðja sér til rúms við skuldaþréfaútgáfu ríkja.

Buchheit aðstoðaði, eins og kunnugt er, grísk stjórnvöld í viðræðum þeirra við kröfuhafa landsins þegar evrukreppan stóð sem hæst í byrjun áratugarins en hann er talinn hafa nýtt sér smugu í lögum landsins til þess að láta CAC-ákvæði gilda með afturvirkum hætti um grísk ríkisskuldabréf.

Áttu þau klókendi lögmannsins stóran þátt í því að sátt náðist um 200 milljarða evra endurskipulagningu á skuldum landsins árið 2012. Síðan þá hefur Evrópusambandið skyldað öll ríki á evrusvæðinu til þess að hafa slík CAC-ákvæði í skilmálum skuldabréfa sem þau gefa út.

Þrátt fyrir að lögmaðurinn hafi öðru hverju starfað fyrir kröfuhafa – nú nýlega fyrir breska vogunarsjóði sem eiga súðanskar ríkisskuldur – þá hefur hann yfirleitt kosið fremur að vinna fyrir stjórnvöld. Hann hefur sagt að það sé einfaldlega „skemmtilegra“. „Það

er blanda af pólitík, fjármálum og lögfræði sem og leikriti,“ sagði hann eitt sinn í samtali við Reuters.

Fyrir vikið hefur hann skapað sér þó nokkrar óvinsældir á meðal margra harðsvíraðra vogunarsjóða sem telja kænskubróð hans við samningsborðið skaðleg fjármálakerfi heimsins.

En starfslok Buchheits þýða ekki að sjóðsstjórar í vogunarsjóðum heimsins geti tekið gleði sína á ný. Nokkrir af færustu lögfræðingum heims á sviði endurskipulagningar ríkisskuldna starfa á áður nefndri lögmannsstofu Buchheits í New York en talið er að einn þeirra, Rich Cooper, muni nú stýra vinnu stofunnar í málum sem varða stórskuldug ríki.

Að sögn kunnugra er talið sennilegt að Buchheit snúi sér að fræðastörfum og láti jafnvel meira í sér heyra um sérsvið sitt á opinberum vettvangi. Hann hefur til að mynda rætt opinberlega á allra síðustu árum um greiðslufall Venesúela sem og skuldavanda Ítalíu.

Góðvinur Íslendinga

Vart þarf að kynna Lee Buchheit fyrir Íslendingum enda hefur hann veitt þjóðinni aðstoð í tveimur veigamiklum málum frá fjármálahruninu fyrir tíu árum.

Lögmaðurinn kom fyrst hingað til lands haustið 2008, aðeins fáeinum dögum eftir hrunið, og var snemma árs 2010 fenginn til þess að leiða samninganeftnd íslenskra stjórnvalda í Icesave-deilunni. Varð niðurstaðan mun betri samningur en fyrri samningar en honum var hins vegar hafnað í þjóðaratkvæðagreiðslu vorið 2011.

Fór málið því fyrir EFTA-dómstóllinn sem sýknaði íslenska ríkið af öllum kröfum eftirlitsstofnunar EFTA, eins og frægt er orðið.

Um mitt ár 2014 mætti Buchheit aftur til Íslands – í það skiptið til þess að vinna með íslenskum stjórnvöldum að viðræðum við kröfuhafa gömlu bankanna.

Kröfuhafarnir, fyrst og fremst erlendir vogunarsjóðir, féllust sem kunnugt er á endanum á stöðugleikaskilyrði sem fólu í sér framsal eigna sem á þeim tíma voru metnar á um 400 milljarða króna auk annarra ráðstafana í því skyni að hægt væri að leysa fjármagnshöftin.

Lét Buchheit hafa eftir sér að niðurstaðan sem náðist hefði verið „fordæmalaus í alþjóðlegri fjármálasögu“.

Það kæmi ekki á óvart ef áætlun íslenskra stjórnvalda yrði notuð í kennslubókum í framtíðinni. Verkefnið hefði enda verið tröllaukið í samhengi við íslenskt hagkerfi.

„Það leiddi af gríðarlegu umfangi fjármálahrunins á Íslandi að höftin þurftu að vara lengur en nokkur hafði reiknað með. Við slíkar aðstæður eru ekki mörg fordæmi fyrir því að höftum sé lyft, það kæmi mér því ekki á óvart ef nemendur í alþjóðafjármálum muni lengi nota þetta sem kennslubókardæmi,“ sagði bandaríski lögmaðurinn.

Euronext hækkar tilboð sitt í kauphöllina í Ósló um 9 prósent

Evrópska kauphallarsamstæðan Euronext hefur hækkað tilboð sitt í kauphöllina í Ósló og yfirboðið þannig bandaríska kauphallarisann Nasdaq.

Nýjasta tilboð Euronext hljóðar upp á 158 norskar krónur á hlut en samkvæmt tilboðinu er norska kauphöllin metin á um 700 milljónir evra, jafnvirði um 95,3 milljarða íslenskra króna. Til samanburðar var fyrra tilboð Euronext, frá því í síðasta mánuði, 145 norskar krónur á hlut en stjórn kauphallarinnar í Ósló hafði áður samþykkt tilboð Nasdaq sem hljóðaði upp á 152 norskar krónur á hlut.

Ríflega helmingur eigenda hlutabréfa í norsku kauphöllinni styður tilboð kauphallarsamstæðunnar en tilboð Nasdaq nýtur aðeins stuðnings hluthafa sem fara með samantlagt um 35 prósent hlut í kauphöllinni. Hins vegar hefur stjórn kauphallarinnar í Ósló sagst styðja

95

milljarða króna er heildarvirði kauphallarinnar í Ósló samkvæmt tilboði Euronext.

tilboð síðarnefnda kauphallarfyrirtækisins.

Forsvarsmenn Euronext, sem rekur meðal annars kauphallir í París, Amsterdam, Brussel og Lissabon, hafa sagst ætla að halda sérkennum norsku kauphallarinnar og styrkja Ósló í sessi sem fjármálamiðstöð, verði tilboði þeirra tekið.

Til viðbótar við kaupverðið hafi bæði Euronext og Nasdaq, sem rekur kauphallir á Norðurlöndunum, þar á meðal á Íslandi, lofað að greiða seljendum um sex prósent árléga vexti þangað til viðskiptin ganga í gegn. – kj

Stórbankinn Deutsche Bank greiðir hæstu vextina

Stórbankinn Deutsche Bank þarf að greiða hæstu vexti allra leiðandi banka á evrópskum skuldabréfamarkaði í ár, samkvæmt upplýsingum frá fréttaveitunni IFR. Greinendur telja að hár fjármögnunarkostnaður þýska bankans geti dregið úr hagnaði hans um allt að 35 prósent.

Athygli vakti í liðinni viku þegar Deutsche Bank seldi skuldabréf fyrir samantlagt 3,6 milljarða evra með 180 punkta álagi ofan á grunnvexti tveggja ára skuldabréfa en það þykir hátt álag fyrir skammtímafjármögnun.

Þá greiddi bankinn auk þess 230 punkta álag ofan á grunnvexti sjö ára skuldabréfa en í frétt Financial Times er bent á að það sé hærra álag en hinn spænski CaixaBank hafi nýlega þurft að greiða fyrir fimm ára skuldabréf.

„Deutsche þarf að greiða töluvert hærra álag en næstum því allir evrópskir stórbankar,“ segir Michael Hünsele, sjóðsstjóri hjá



Deutsche Bank er í erfiðri stöðu þessi misserin. NORDICPHOTOS/GETTY

Assenagon, og bendir á að álagið endurspegli miklar efasemdir fjárfesta um rekstur bankans sem hafi farið versnandi.

Ódýr fjármögnun hefur um áratugaskeið verið eitt aðalsmerki Deutsche Bank og átt stóran þátt í örur vexti bankans. Hins vegar hefur rekstrarumhverfi þýska stórbankans gjörbreytt í kjölfar fjármálahrunins og er hár fjármögnunarkostnaður nú talinn einn hans helsti dragbitur. Greinendur hafa

bent á að hækkandi vaxtagreiðslur bankans geti dregið úr samkeppnisforskoti hans og gert það að verkum að hann geti ekki lengur boðið mikilvægustu viðskiptavinum sínum samkeppnishæf kjör.

Amit Goel, greinandi hjá Barclays, dregur upp dökka sviðsmynd af áhrifum hækkandi fjármögnunarkostnaðar Deutsche Bank í nýlegu minnisblaði og segir að kostnaðurinn geti minnkað hagnað bankans um allt að 35 prósent. – kj



Már Guðmundsson seðlabankastjóri veit að fjármál hafa sínar spaugilegur hliðar. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Jón Þór Sturluson hjá Landsbréfum og Lilja Björk Einarsdóttir, bankastjóri Landsbankans, hlýddu á það sem fram fór á fundinum.



Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka, tók inn efni fundarins.

FME fagnar 20 árum

Fjármálaeftirlitið blés til fundar um samkeppnisumhverfi fjármálakerfisins. Tilfnið var 20 ára afmæli stofnunarinnar. Efni fundarins er valið með hliðsjón af nýlegri Hvítbók um framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið. Framsögumenn voru: Jón Þór Sturluson, aðstoðarforstjóri FME, Gylfi Zoega, prófessor í hagfræði og meðlimur í peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands og Krístrún Tinna Gunnarsdóttir, hagfræðingur hjá Oliver Wyman og einn höfundar Hvítbókar um framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið. Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, tók þátt í pallborðsumræðum.



Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, og Jón Þór Sturluson, aðstoðarforstjóri FME.



Friðrik Sophusson, stjórnarformaður Íslandsbanka, hafði gaman af.

Heilbrigði verður að vera smá nautn

Svipmynd

Unnur Guðrún Pálsdóttir

Nám:
B.Sc. sjúkraþjálfun
MBA

Störf:
Frankvæmdastjóri hjá Happi ehf.
Fyrirlesari og ráðgjafi.

Fjölskylduhagir:
Gift Magnúsi Stefánssyni flugstjóra. Við eigum tvo syni, Pál Stefán háskólanema og Jakob Þór menntaskólanema, hundinn Bjart og köttinn Grímu.

Unnur Guðrún Pálsdóttir, betur þekkt sem Lukka, stofnaði veitingastaðinn Happ í byrjun árs 2009 og hún hefur auk þess skrifað bækur um heilbrigði og hollt mataræði. Lukka segir að fólk sé almennt orðið meðvitað um það að heilsan sé að miklu leyti samlegðaráhrif þeirra ákvarðana sem við tökum á hverjum degi.

Hvernig er morgunrúttin þín?

Ég tek daginn snemma, lauma mér út áður en restin af fjölskyldunni vaknar og drif mig á æfingu. Er svo mætt í vinnuna upp úr kl. 8 og þar byrja ég daginn á góðum kaffibolla. Það er eitthvað við þá stund þegar ég sest niður endurnærð eftir góða æfingu og tek fyrsta sopann af ilmandi kaffinu og skipulegg verkefni dagsins.

Hver eru þín helstu áhugamál?

Ég elska hreyfingu og útveru og allt sem við kemur heilbrigði og hreysti. Úthaldsþróttir og áskoranir eiga hug minn um þessar mundir og ég hef gaman af að læra nýja hluti og taka þátt í viðburðum sem ég er



Lukka segir flesta vilja elda heima en í öðrum dagsins vilji fólk einnig lausnir sem létta lífið. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

jafnvel ekki alveg viss um að ég ráði við. Tilfinningin að sigrast á sjálfum sér og hindrununum sem oftast eru í hausnum er góð.

Hver er bókin sem ert að lesa eða last síðast?

Ég er oftast með tvær eða fleiri í takinu og núna liggja á náttborðinu mínu „The Gene“ eftir merkilegan mann, Siddhartha Mukherjee, og „Mitochondria – the future of medicine“ eftir Lee Know, mögnuð bók og afar fróðleg. Ég nota líka hljóðbækur í auknum mæli og er núna að endurhlusta á Primal Endurance sem er ein af bibliunum

mínum þegar kemur að þjálfun, mataræði og langlífi.

Ef þú þyrftir að velja allt annan starfsframa, hvað yrði fyrir valinu? Mér finnst svo margt spennandi og skemmtilegt og finnst ég í rauninni enn eiga eftir að ákveða hvað ég ætla að gera þegar ég verð stór! Gréta Guðjónsdóttir kemur upp í hugann. Hún er ljósmyndari, með meirapróf og byssuleyfi, ferðast um fjöll og firnindi og heimurinn allur er hennar skrifstofa. Ég gæti hugsað mér að vera Gréta frænka.

Hvað er það áhugaverðasta við það að starfa í atvinnugreininni?

Frá stofnun Happs ehf. hef ég litið svo á að hlutverk okkar sé að aðstoða fólk við að ná bættri heilsu og betri lífsgæðum. Mínar bestu stundir í vinnunni eru því þegar ég fæ heimsóknir frá ánægðum viðskiptavinum sem hafa losnað við lyfin sín, sýna mér betri blóðprufur eða segja mér frá góðum árangri í íþróttagreininni sinni. Það er best í heimi að sjá fólk ná árangri.

Hverjar eru helstu áskoranirnar í starfinu?

Það eru miklar breytingar að verða á viðhorfi fólks til næringar og í því liggja bæði tækifæri og áskor-

Fólk er almennt orðið meðvitað um það að heilsan er að miklu leyti samlegðaráhrif þeirra ákvarðana sem við tökum á hverjum degi.

Unnur Guðrún Pálsdóttir, eigandi Happs.

anir. Innihald matvæla skiptir öllu máli og fólk er almennt orðið meðvitað um það að heilsan er að miklu leyti samlegðaráhrif þeirra ákvarðana sem við tökum á hverjum degi. Matur leikur þar stórt hlutverk og viðskiptavinir okkar eru mjög meðvitaðir og gera kröfur til okkar um að nota fyrsta flokks hráefni, án viðbættis sykurs og aukaefna. Þú ert það sem þú borðar. Við leggjum okkur einnig fram um að vera með sem umhverfisvænastar umbúðir og auðvitað bragðgóðan mat! Heilbrigði verður að vera skemmtilegt líka og svolítill nautn.

Hvaða breytingar sérðu fyrir þér í atvinnugreininni á komandi árum og í hverju felast helstu sóknartækifærin?

Við sjáum sóknarfæri í lausnum sem auðvelda fólk lífið og stefnum á vöxt þar á komandi misserum. Flestir vilja elda heima en í öðrum dagsins viljum við lausnir sem létta okkur lífið svo við getum verið úti að leika okkur á skíðum eða að hjóla og komið heim og skellt matnum í ofninn á mettíma. Það er líka mikil aukning í því að fólk fylgi ákveðnum matarstefnum og við hjá Happi aðstoðum fólk við það með því að vera með rétti sem ýmist eru vegan, ketó eða fylgja öðrum straumum og stefnum sem stuðla að heilbrigði okkar og umhverfisins.

Skotsilfur



Ofsinn

Það er áleitinn spurning hvort þjóðfélagssumræðan – þar sem Heimavöllum er lýst sem glæpa-félagi – hafi fælt fjárfesta, einkum lífeyrissjóðina, frá félaginu. Þessu velti **Ásgeir Jónsson** hagfræðingur fyrir sér á Fésbókarsíðu sinni. Hann nefnir að sé sú raunin megi segja að ofsinn á samfélagsmiðlum leiði til hærri leigu, enda muni framboð á leiguhúsnæði minnka við brott-hvarf Heimavalla. Ásgeir bendir á að Ísland þurfi á sterkum hagnað-arðrífnum leigufélögum að halda. Leigan sé há en það stafi af því að Ísland sé hávaxtaland og framboð á nýjum íbúðum takmarkað.



Líta í eigin barm

Kristín Soffía Jónsdóttir, borgarfulltrúi Samfylkingar, segir að há leiga verslunar-húsnæðis sé vandamálið í mið-bænum en ekki göngugötur. Hún skýtur fram hjá ábyrgð stjórn-málamanna. Fasteignagjöld á höf-uðborgarsvæðinu hafa hækkað um rúmlega 65 prósent 2014 til 2019. Hækkunin er tvímælalást meiri í miðbænum. Rekstrarkostnaður fasteignafélaga er að stórum hluta fasteignagjöld. Arðsemi af rekstri þeirra er ekki mikil og því er eðlilegt að velta auknum kostnaði út í leiguverð. Skatta-stefna borgarinnar er því ljón í vegi líflegrar miðborgar



Rugl Þorsteins

Stjórnmalamenn reyna eitt og annað til að ná eyrum kjósenda. **Þorsteinn Sæmundsson**, þingmaður Miðflokksins, brá á það ráð að veitast að mat-vöruverslun. Hann segir samþjöpp-un of mikla og kallar eftir hertari samkeppnislögum. Hið rétta er að það er sökum stærðarhagkvæmni að hægt er að bjóða neytendum betra verð. Neytendur yrðu verr settir ef verslunarkeðjurnar yrðu brotnar upp. Þorsteinn nefndi að niðurfelling tolla á matvöru myndi litlu skila því verslanir séu svo illa rekna. Það er rugl.



Hlutabréf í Tata Motors hríðfalla í verði



Hlutabréf í indverska bílaframleiðandanum Tata Motors féllu um allt að 30 prósent í verði síðastliðinn föstudag eftir að framleiðandinn sagðist hafa afskrifað 3,1 milljarðs punda fjárfestingu í Jaguar Land Rover. Hafa hlutabréfin ekki lækkað eins mikið í verði á einum degi í 26 ár. Niðurfærslan gerði það að verkum að Tata Motors tapaði 3,8 milljörðum punda á fjórða fjórðungi síðasta árs. NORDICPHOTOS/GETTY

Framboð og eftirspurn áls



Pétur Blöndal framkvæmdastjóri Samáls

Það vakti athygli í haust þegar nýi rafbíllinn I-Pace frá Jagúar var afhjúpaður að búkurinn er nánast alfarið úr áli eða um 94%. Ástæðan fyrir því að rafbílaframleiðendur á borð við Jagúar og Tesla velja áls sem efnivið er að það léttir rafbilana verulega og veldur því að þeir komast mun lengra á hleðslunni. En það sem meira er, í I-Pace leggja Novelis og Land Rover verksmiðjurnar upp úr því að nota eins mikið af endurunnu áli og mögulegt er til þess að minnka kolefnisfótsporid enn meira. Sömu þróunar gætir víða. Til að mynda kynnti Apple „grænustu Mac frá upphafi“ til sögunnar í haust, þar sem kolefnissporid dróst saman um 50%, meðal annars með notkun á endurunnu áli.

Tilfellið er að sá efniviður er vandfundinn sem er endurunninn í meiri mæli en ál. Til marks um það fara yfir 90% áls í farartækjum og byggingum á Vesturlöndum til endurvinnslu. Og stöðugt herra hlutfall áls sem til fellur í heiminum öðlast nýtt líf. Þannig getur gosdós eða bílfelga orðið að tölvu eða geimflug. Það eru auðvitað jákvæð tíðindi, enda er afar loftslagsvænt að endurvinna ál. Staðreyndin er sú að við álframleiðslu á heimsvísu verður almennt mesta losunin við orkuvinnsluna. Til þess að endurvinna ál þarf einungis um 5% af orkunni sem fór í að frumframleiða það. Það hefur því afar jákvæð áhrif á kolefnisfótspor áls hversu stór hluti þess ratar til endurvinnslu og er brýnt að hækka það hlutfall enn meira.

Lykilforsendan fyrir háu endurvinnsluhlutfalli áls er að vegna orkusparnaðarins skapast mikil verðmæti við endurvinnsluna. Þar sem ál má endurvinna aftur og aftur án þess það tapi upprunalegum eiginleikum, þá hefur verið talað um það sem nokkurs konar „orkubanka“. Verðmætasköpunin færir aftur stöðir undir rekstur

Um 75% alls áls sem framleitt hefur verið eru enn í notkun. En þar sem ál er endingargóður málmur, þá er hann notaður í mannvirki og farartæki sem hafa langan líftíma.

endurvinnslugeirans í Evrópu sem eru að miklu leyti lítill og meðalstór fyrirtæki.

En endurvinnsla áls dugur þó hvergi nærri til að mæta eftirspurn eftir áli á heimsvísu. Útlit er fyrir að frumframleiðsla áls fari yfir 70 milljónir tonna á þessu ári, en ofan á það bætist endurvinnsla áls sem nam um 30 milljónum tonna í fyrra. Eftirspurnin hefur farið ört vaxandi á síðustu árum og má rekja það til þess að notkun áls er hluti af lausninni í loftslagsmálum. Þannig er ál notað til að létta bíla og þar með til að draga úr losun CO₂. Gott

dæmi um það er Wrangler jeppinn sem kynntur var til sögunnar í fyrra, en með meiri álnotkun léttist hann um 35 kíló. Samkvæmt tölum frá World Aluminium spara þau 20 milljón tonn af áli sem notuð eru í samgöngutæki í heiminum um 500 milljón tonn af CO₂ eða sem nemur 100 milljörðum tonna af olíu á líftíma farartækjanna.

En álið er til fleiri hluta nýtsamlegt. Það er einnig notað til að einangra byggingar og draga þannig úr orkunotkun þeirra, umbúðir úr áli lengja endingartíma matvæla og ál er notað í orkumannvirki til að tengja nýja endurnýjanlega orkukosti við raforkunetið.

Um 75% alls áls sem framleitt hefur verið eru enn í notkun. En þar sem ál er endingargóður málmur, þá er hann notaður í mannvirki og farartæki sem hafa langan líftíma. Og auðvitað er það jákvætt út frá loftslagssjónarmiðum að bílar hafi langan endingartíma en sé ekki hent eftir ársbrúk. Það getur því liðið langur tími frá notkun álsins þar til það ratar aftur út á markaðinn, en þá eru stöðugt meiri líkur á að það sé gripið af hringrásarhagkerfinu.

Baráttan er eins og að vilja ekki bólusetja börn

SKOÐUN

Helgi Vífill Júlíusson



Líkja má afstöðu forkólfa verkalýðsfélaga sem kalla eftir ríkulegum launahækkunum við foreldra sem neita að bólusetja börn sín. Þessir hópar eiga það sameiginlegt að vera vel meinandi. Foreldrar sem hafa tekið þá afstöðu óska börnum sínum alls hins besta og vilja allt fyrir þau gera. Þeir óttast einfald-

lega að bólusetning geti leitt til einhverfu. Það kann að vera skiljanlegt.

Fengidarnir telja orsakasamhengið skýrt: Ungbarn var bólusettt fyrir alvarlegum sjúkdómum, það veiktist í kjölfarið og skömmu síðar uppgötvað að barnið er einhverft. Vísindamenn hafa blessunarlega hrakið að bólusetningar valdi einhverfu. Staðreynd málsins er að skömmu eftir bólusetningu eru börn á þeim aldri að hægt er að greina einhverfu. Það eru því engin tengsl þar á milli. Langflestir foreldrar skilja og treysta rökum vísindamanna en það er hópur

sem skellir skollaeýrum við staðreyndum málsins.

Fyrirnefndir verkalýðsforingjar eru sama marki brenndir. Þeir vilja launafólki vel og berjast fyrir það með kjafti og klóm. Leiðin er skýr: Til að bæta kjör launafólks þarf að hækka laun verulega. Það er skiljanlegt sjónarmið.

Vandinn er sá að þar er lítið fram hjá samhengi hlutanna. Margir af helstu sérfræðingum landsins, til að mynda úr háskólasamfélaginu og Seðlabankanum, hafa stigið fram og bent á að leiðin að bættum kjörum sé ekki svo einföld. Fyrirtæki geta almennt ekki hækkað

laun verulega umfram verðmætaaukningu án þess að verðbólgan fari á flug og starfsfólki sé sagt upp.

Þessi aðferð stjórnaða verkalýðsfélaga er margreynd og hefur ætíð misheppnast. Hún stefnir velferð flestra launamanna í hættu. Fari verðbólgan á skrið, hækka verðlag og krónan fellur sem dregur enn frekar úr kaupmætti og eykur verðbólgu, stýrivextir hækka og húsnæðis- og bílalan landsmanna rjúka upp.

Veruleg verðbólga dregur einnig úr fjárfestingum fyrirtækja sem bitnar á hagkvæmni í rekstri, samkeppnishæfni þeirra og getu til að


hækka laun þegar fram í sækir. Að ógleymdu því að verðbólga rýrir sparnað. Landsmenn munu því sitja eftir með sárt enníð. Rétt eins og óbólusett barn í mislinga-faraldi.

Landsmenn munu njóta góðs af auknum kaupmætti og til að auka hann þarf stöðugleika í viðum skilningi, eins leiðinlegt og það kann að hljóma í eyrum baráttumanna. Hér er átt við verðlag, launakjör, regluverk og gengi krónu. Það er kjörlendi til að fjárfesta í aukinni hagkvæmni sem stuðlað getur að blómlegu samfélagi og hærri launum.

Markaðurinn ER Á FRETABLADID.IS

Markaðurinn færir þér nýjustu viðskiptafréttirnar og greinargóða umfjöllun um viðskiptalífið.

Fylgstu með á frettabladid.is/markadurinn



Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook

FRETABLADID.IS

Stjórnar- maðurinn



Há laun?

Talsverð læti hafa verið vegna skarpa launahækkana banka- stjóra Landsbankans sem hafa nánast tvöfaldast á átján mánuðum. Þrátt fyrir launahækkarnar er Landsbankastjórnin launalægsti bankastjóri landsins en koll-egi hennar hjá ríkisbankanum Íslandsbanka er með um fjórðungi hærri laun. Höskuldur Ólafsson í Arion er hins vegar í nokkrum sér- flokki með réttar sex milljónir. Sá grundvallarmunur er þó á að síð- astnefndi bankinn er í einkaeigu og því kannski eðlilegt að þar sé málum skipað með nokkuð öðrum hætti en hjá ríkisbönkunum.

Birna Einarsdóttir í Íslandsbanka vakti athygli fyrir að hafa lækkað laun sín að eigin frumkvæði. Popúlískt vafalaust klókt en breytir því ekki að hún er þó með hærri laun en kollegi hennar í Lands- bankanum. Því virðist hafa legið fyrir að Landsbankastjórnin ætti inni leiðréttingu ef hún ætti að vera jafnoki kollega sinna. Prósentu- stökk eru góður fyrirsagnamat, en segja eftir vill ekki alla söguna að gæta á sanngirni. Auðvitað er það svo að skarpar launahækkningar gefa óheppileg skilaboð inn í kjaravið- ræður vetrarins. Það á sérstaklega við hjá hinu opinbera sem þrátt fyrir allt velti þeirri skriðu af stað sem nú er verið að bita úr nálinni með. Ekki skal gert lítið úr því.

Hvernig sem því er snúið er staðreyndin sú að á Íslandi fylgir því mikil ábyrgð að taka að sér stjórnunarstöður, einkum í fjár- málafyrirtækjum. Stjórnendur hafa undanfarinn áratug fengið áralanga fangelsisdóma í bunkum fyrir ákvarðanir sem þeir tóku við störf sína. Í sumum tilfellum virðist þunn lína milli þess hvort verið sé að refsa þeim fyrir efna- hagsglæpi, eða einfaldlega slæmar viðskiptaákvarðanir, sem jafnvel hafa verið teknar undir fordæma- lausri pressu. Í því samhengi er það spurning um sjónarhorn hvort bankastjórnendur teljist hafa of há laun. Hið minnsta er ljóst að afleiðingarnar geta orðið gríðar- legar ef þeim verður á í starfi.

Svo er það önnur umræða hvort ekki sé heilbriggt að árangurstengja laun frekar en nú er gert. Arion banki hefur til að mynda þurft að taka á mörgum vandræðamálum undanfarin misseri, nægir þar að nefna United Silicon, Primera og WOW air og fleiri. Uppgjör hefur enn ekki verið birt fyrir árið 2018, en fróðlegt verður að sjá hvort vandræðin skili sér í heimilisbók- hald stjórnenda.



Icelandair kærir uppbyggingu hótels

Hótelkeðja Icelandair hefur kært ákvörðun borgarráðs Reykjavíkurborgar um samþykkt á deiliskipulagi sem felur í sér uppbyggingu hótels í næsta nágrenni hótels Icelandair.

Kæran er gefin út af Flugleiðahótelum sem reka Hilton Reykjavík Nordica að Suðurlandsbraut 2 sem stendur á næstu lóð við Hallarmúla 2 þar sem uppbyggingin er áformuð. Reykjavíkurborg samdi við HM2 ehf. um uppbyggingu fimm hæða hótels í Hallarmúla þar sem Tölvutek



Magnea Þórey Hjálmarsdóttir, framkvæmdastjóri Icelandair Hotels.

hefur rekið verslun. Áformað er að það verði opnað snemma á næsta áratug.

Segir Icelandair að á Hallarmúla 2 hvíli sú kvöð að húsnæðið verði ekki tekið til annarra nota en almennrar verslunar og verslunar með bifreiðir. Þá eru einnig færð rök fyrir því að breyting deiliskipulagsins hafi neikvæð grenndaráhrif. Fjárfestarnir að baki HM2 eru Stefán Már Stefánsson, Ellert Aðalsteins- son og Elmar Freyr Jensen sem sömdu við Keahótel um rekstur hótelsins. –tfh

08.02.2019

Bæði evrópsku félögin, þessi stóru gömlu, og amer- isku hafa í raun verið, eins og þetta litur út fyrir okkur, að reyna að drepa Norwegian.



Bogi Nils Bogason, forstjóri Icelandair Group



Verðmæti

Hámarkaðu árangurinn þinn og verðmæti með því að nýta þér fjölbreytta þekkingu og víðtæka reynslu PwC á öllum sviðum rekstrar

Hafðu samband því þinn árangur er mikils virði.



PwC | Sími 550 5300 | www.pwc.is

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðipjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavinum sínum við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvalsóllur | Vestmannaeyjar




Ráðgjöf

Fræðsla

Forvarnir

„Doktor.is er ætlað að auðvelda aðgengi almennings að upplýsingum og ráðgjöf um heilsu, lífsstíl og forvarnir.”

Teitur Guðmundsson, læknir og ritstjóri doktor.is




 **Doktor.is**

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Miðvikudagur


Breytileg átt 5-10 fyrir hádegi en snýst í norðan 8-15 síðdegis með éljum á stöku stað. Talsverð slydda um landið SA-vert eftir hádegi, en snjó-koma NA-til undir kvöld. Styttir að mestu upp fyrir austan. Frost 0 til 5 stig, en hiti 0 til 5 stig við S- og SA-ströndina.



Fimmtudagur



Föstudagur



LÉTT

	3		4	7		1	
9		5	1	2		6	7
		7		5		2	
2	8			4	1	7	3
3		9					5
	1				9	8	
4			3	8			
	9		7				
8	1			2			

MIDLUNGS

	9		1			2	
4		6	8				9
	3	7				6	
		8			1	6	
3		9		4		7	
7	2			6			5
	8				2		4
9	7	4			8		
					9	3	

PUNG

		1				6	
	4				9	5	1
8				4		7	9
	5		3				
			8		2		
					6	1	
	6			2		3	5
		4					
3	9						8

Krossgáta

LÁRÉTT

- lögunar
- ái
- tveir eins
- radar
- ónefndur
- sönghús
- rusl
- kofi
- tindur
- læða

LÓDRÉTT

- reiðir af
- niður
- bók
- daufur
- avókadó
- lotu
- drekka
- eldsneyti
- kringum

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
			12		
13	14				
15					16
	17				

LÁRÉTT: 1. forms, 5. atri, 6. ll, 8. ratsla, 10. nn, 11. kór, 12. sorp, 13. skúr, 15. toppur, 17. lauma. LÓDRÉTT: 1. famast, 2. ofan, 3. rit, 4. sljör, 7. læpera, 9. skopun, 12. súpa, 14. kól, 16. um.

Skák Gunnar Björnsson

Simon Þórhallsson (2.064) átti leik gegn Andra Frey Björgvinssyni (2.003) á Skákþingi Akureyrar fyrir skemmstu.

1.... Hxg3! (hótar 2.... Rf2+).
2. Hf1 (2. hxg3 Dh3+ 3. Kg1 Dxc3+ og mát í næsta leik).
2.... Dxf1+! 3. Rxf1 Rf2# 0-1.
Glæsilega eftl. Simon og Rúnar Sigurpálsson urðu efstir og jafnir með 6½ vinning í 7 skákum. Þeir þurfa að hejja aukakeppni um titilinn.

www.skak.is: Skákmót öðlinga hefst í kvöld.

Svartur á leik



6	7	1	4	8	2	5	9	3
3	4	2	6	5	9	8	1	7
5	8	9	7	1	3	2	4	6
7	6	4	8	9	5	3	2	1
2	5	8	1	3	7	4	6	9
9	1	3	2	6	4	7	5	8
1	9	5	3	4	8	6	7	2
8	2	6	5	7	1	9	3	4
4	3	7	9	2	6	1	8	5

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus



Gelgjan



Barnalán



VERKFÖT EHF

ÖLL VERÐ ÁN VSK

- 398 KR
- 50 STK 1.595 KR
- 3.864
- 2.121 KR
- 268 KR
- 2.953
- 785 KR
- BELTI M TEYGJU
- FFP3 413 KR
- 2.304 KR
- 1.363 KR
- 1.428

ÖRYGGIS OG SJÁANLEIKAFATNAÐUR WWW.VERKFOT.IS
SMÍÐSHÖFÐA 7 110 RVK S: 77 200 40/765 5894

FRÉTTABLAÐIÐ IS

Stendur undir nafni

FRÉTTABLAÐIÐ FRÉTTABLAÐIÐ APP FRÉTTABLAÐIÐ IS

GRAL KYNNIR

SVARTLYNG



ÞT. Mbl.



SJ. Frbl.

„Og þær geymdu óvart aurana sína óvart í útlöndum óvart.“

–Elsa Bjarnadóttir Schött, ráðuneytisstjóri

LOKASÝNING

15. febrúar kl. 20:00



TJARNARBÍÓ

Miðasala á [tix.is](https://www.tix.is)

Ævintýralega jákvæð reynsla

Jónína Leósdóttir sendir frá sér nýja bók um hina slyngu Eddu. Segir næstu bók jafnvel geta orðið þá síðustu í bókaflóknum.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Barnið sem hrópaði í hljóði er fjórða bók Jónínu Leósdóttur um Eddu og glímu hennar við hin ýmsu sakamál. Bækurnar hafa notið mikilla vinsælda lesenda. Spurð um efni hinnar nýju bókar segir Jónína: „Sagan gerist um verslunarmanna-helgi þegar Edda er nýorðin au-pair á lækniheimili í Skerjafirði. Hún var orðin leið á hinum helga steini og krækti sér í þessa vinnu eftir að hún gómaði tvo stráka með úðabrúsa og marseraði með þá til síns heima. Annar þeirra reyndist sonur lækni sem réð Eddu snarlega sem heimilishjálp.

Forvitni hennar hefur samt ekkert minnkað og henni finnst eitt-hvað skrytið við andrúmsloftið á heimilinu þar sem hún vinnur. Sömu leiðis vill Edda vita hvers vegna lóunn, dóttir hennar, sem er á ferðalagi úti á landi, lánar kunn- ingjakonu sinni húsnæði og krefst fullkomins trúnaðar um það mál. Eddu grunar að eitthvað hræðilegt hafi komið fyrir þessa konu og fjöl- skyldu hennar.“

Gæti orðið sú síðasta

Þetta er fjórða bókin um Eddu. Hvað gerir að verkum að þú heldur áfram að skrifa um hana – er það karakter hennar eða eitthvað annað?

„Þegar ég skrifaði fyrstu bókina

um Eddu höfðu komið út eftir mig þrettán bækur af allt öðrum toga. En ég hafði þá nýlega sent frá mér ungmennabókina Upp á líf og dauða, þar sem ég fjallaði með svolitlum húmor og spennu um þung- lyndi og sjálfsvígshættu. Sú tilraun kom ágætlega út og upp frá því kitl- aði það mig að skrifa spennusögu í léttum dúr fyrir fulloröna.

Ég ákvað að prófa og skemmti mér strax svo vel með aðalper- sónunni að ég gat ekki hugsað mér að segja skilið við hana eftir eina bók. Fljótlega var ég komin með um það bil fimm ráðgátur sem hentuðu í þetta verkefni og núna er ég einmitt að byrja á fimmtu Eddubókinni. Hún gæti orðið sú síðasta í seríunni, það fer svolítið eftir viðtökunum.“

Norrænar sakamálasögur eru þess eðlis að þar má yfirleitt finna umfjöllun um ýmis samfélagsmei- eins og ofbeldi, eiturflyfjaneyslu og fleira. Finnst þér nauðsynlegt sem rithöfundur að benda á meinsemdir í þjóðfélaginu?

„Það höfðar ekki til mín að skrifa um skipulagða glæpastarf- semi, ofbeldi eða eiturflyfjaneyslu og heldur ekki um lögreglurann- sóknir. Aðrir eru miklu færari í því. Auðvitað hljóta þó einhverjir glæpir að koma við sögu en ég hef meiri áhuga á mildari ráðgátum og persónum sem flækjast inn í þær, annaðhvort sem gerendur eða þolendur. En þar sem bækurnar gerast í nútímanum koma ýmis vandamál samtímans óhjákvæmi- lega við sögu. Í fyrstu þremur bók- unum um Eddu var til dæmis snert á slæmri meðferð á erlendu verka- fólki, einelti, áfallastreituröskun og fleiru í þeim dúr.“

Aldrei fengið meiri viðbrögð

Finnurðu fyrir viðbrögðum lesenda við Eddubókunum?

„Heldur betur. Síðastliðið haust voru liðin þrjátíu ár frá útkomu fyrstu bókarinnar minnar svo þetta hefur verið langt ferli. En ég held, svei mér þá, að ég hafi fengið meiri viðbrögð við fyrstu þremur Eddubókunum en öllum þrettán bókunum þar á undan. Þetta hefur

MÉR HEFUR STUNDUM FUNDIST AGALEGT AÐ GETA EKKI SLEGID Á ÞRÁÐINN TIL EDDU TIL ÞESS AÐ SEGJA HENNI FRÁ SKEMMTILEGUM UMMÆLUM FÓLKS Á FÖRNUM VEGI.

verið ævintýralega jákvæð reynsla. Mér hefur stundum fundist aga- legt að geta ekki slegið á þráðinn til Eddu til þess að segja henni frá skemmtilegum ummælum fólks á förnum vegi.“

Kemur ný Eddubók á næsta ári?

„Ég stefni sannarlega að því.“

Ertu kannski að vinna að ein- hverri annarri bók?

„Ég er aðeins farin að íhuga hvað ég geri eftir þetta ár sem verður helgað fimmtu Eddubókinni. Mig langar að halda áfram að skrifa spennusögur en meira hef ég ekki ákveðið.“

Dickens bestur allra

Lestu mikið af sakamálasögum?

„Ég las yfir mig af Agóthu Christie og félögum þegar ég var rúmlega tvítug og bjó í Bretlandi. Þá fóru allt að fjórar klukkustundir á hverjum degi í ferðalög milli heimil- is og vinnu og við slíkar aðstæður er gott að gleyma sér í spennubókum. Síðan liðu nokkrir áratugir þar sem ég las alls kyns skáldsögur, meðal annars klassík eins og Dickens sem mér finnst einfaldlega bestur allra. Mest las ég þó breskar nútímabók- menntir. Alan Bennett er til dæmis í þvilíku uppáhaldi að ég fór í helgar- ferð til London síðastliðið haust, bara til þess að sjá nýjasta leikritið hans á sviði. Og ég sá sko ekki eftir því. En eftir að ég fór sjálf að skrifa spennubækur hef ég verið mjög iðin við að lesa krimma, aðallega breska. Einnig er ég hrifin af norskum höf- undum á borð við Karin Fossum og Gunnar Staalesen.“



„Ég gat ekki hugsað mér að segja skilið við hana eftir eina bók,“ segir Jónína um sögupersónu sína, hina vinsælu Eddu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sjö börn á landi og sjö börn í sjó

TÓNLIST

Óperusýning

★★★★★

Konan og selshamurinn, barna- ópera.

Kaldalón í Hörpu

sunnudagurinn 10. febrúar

Tónlist eftir Hröðmar I. Sigur- björnsson, texti eftir Ragnheiði Erlu Björnsdóttur. Caputhópurinn lék, Skólakór Kársness söng.

Aðalhlutverk: Björk Nielsdóttir og Pétur Oddbergur Heimisson.

Leikstjórn: Helgi Grímur Her- mansson.

Körstjórn: Álfheiður Björgvins- dóttir.

Myndlist: Freydis Kristjánsdóttir.

„Einu sinni var maður nokkur aust- ur í Myrdal, sem gekk hjá klettum við sjó fram að morgni dags fyrir fötaferð; hann kom að hellisdyrum einum; heyrði hann glaum og dans- læti inn í hellinn, en sá mjög marga selshami fyrir utan. Hann tók einn

selshaminn með sér, þar hann heim og læsti hann ofan í kistu.“

Á þessum orðum hefst þjóðsagan Selshamurinn, sem nú er orðin að barnaóperu eftir Hröðmar Inga Sigurbjörnsson og Ragnheiði Erlu Björnsdóttur. Óperan var frumflutt í Kaldalóni í Hörpu á sunnudaginn. Uppfærslan var hluti af verkaröðinni „Gamalt en glænýtt“, þar sem þjóð- sögum er miðlað til barna með hjálp tónskálda og textahöfunda. Röðin er undir merkjum Töfrahurðar, félags um starfsemi sem er helguð tónleik- um og útgáfu og hefur að markmiði að opna heim tónlistarinnar, bæði ný verk og gömul, fyrir börnum.

Sagan fjallar um unga konu sem er hálfur selur. Hún á sjö börn í sjönun en þegar selshamurinn er horfinn getur hún ekki lengur farið heim til sín. Hún giftist manningum en veit ekki að það var hann sem tók haminn. Þau eignast sjö börn. Fyrir tilviljun finnur hún haminn og hverfur burt. Sagan eins og hún birtist í óperunni endar þó vel

Björk Nielsdóttir sópran var í



Tónlist Hröðmars Inga var frábær, segir Jónas Sen í dómi sínum.

hlutverki konunnar, og það var unaður að hlusta á hana syngja. Hún hefur bjarta og hljómmikla rödd, einkar fagra, þrýðilega tækni og heillandi sviðsframkomu. Túlkun hennar einkennist af ríkulegri til- finningu og fólksvalausri einlægni. Er ekki kominn tími á að hún fái að spreyta sig á fjöllum Íslensku óper- unnar?

Pétur Oddbergur Heimisson barítón var í hlutverki mannsins.

Frammistaða hans var nokkuð síðri. Hann hefur vissulega ómþýða rödd og leikur hans var sannfærandi, en söngurinn sjálfur var dálítið var- færnislegur og náði því aldrei flugi. Kannski spilaði taugaóstyrkur þar inn í.

Tónlist Hröðmars Inga var frábær. Hún var lagræn og byggðist á hefð- bundnum dúr og moll, en var samt ávallt fersk. Laglínurnar voru frum- legar og skemmtilega rytmskar.

Stígandinn grundvallaðist á því að tónlistin var brotakennd í upphafi, en smám saman runnu hending- arnar saman svo úr varð grípandi söngur. Texti Ragnheiðar Erlu var líka hrifandi, blátt áfram og laus við alla tilgerð.

Skólakór Kársness lék börnin fjór- tán. Kórsöngurinn var ríkulegur hluti af tónlistinni, hann var tær og fullkomlega samtaka undir stjórn Álfheiðar Björgvinsdóttur. Sömu sögu er að segja um leik Caputhóps- ins, sem var fagaður og fagmann- legur.

Leikmyndin samanstóð af röð mynda sem varpað var á vegginn fyrir ofan sviðið. Málverkin voru eftir Freydisi Kristjánsdóttur, þau voru litrík og falleg. Sýningin í heild var það líka, leikurinn var eðlilegur og flæðið í sýningunni gott undir leikstjórn Helga Gríms Hermanns- sonar. Bravo! Jónas Sen

NIÐURSTADA: Afar skemmtileg ópera og vönduð uppfærsla þar sem nánast allt var á sínum stað.

Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

13. FEBRÚAR 2019

Viðburðir

Hvað? Flóttafólk mótmælir brottvísunum

Hvenær? 15.00

Hvar? Hallgrímskirkja
Flóttamenn á Íslandi hafa boðað til mótmæla í dag, miðvikudaginn 13. febrúar, kl. 15.00. Mæting er við Hallgrímskirkju og gengið verður þaðan á Austurvöll. Helstu kröfur eru ekki fleiri brottvísanir, sanngjörn málsmeðferð, og niðurlagning Dublinar-reglugerðarinnar og hinna einangruðu flóttamannabúða á Ásbrú. Kveikur mótmælanna eru sá fjöldi brottvísana sem blasir við flóttafólki á Íslandi í hverri viku og það andlega og líkamlega ofbeldi sem hælisleitendakerfið er.

Hvað? Hverju ráða Reykvíkingar?

Hvenær? 17.30

Hvar? Ármúli 32

Hanna Katrín Friðriksson, þingmaður Reykjavíkurborgar, borgarfulltrúi Viðreisnar, bjóða áhugasömu fólki í kaffispjall á miðvikudaginn. Tílefi fundarins er staða borgarmála og valdskipting milli ríkis og borgar. Hverju ráða Reykvíkingar í raun um veggjöld, staðsetningu flugvallarins og önnur málefni sem hafa verið í deiglu? Lenda málefni sem varða hagsmuni borgarbúa í sjálfheldu vegna pólitískrar togstreitu? Hvernig upplifa Reykvíkingar áhrif sín?

Hvað? Vísindin bak við loftslagsbreytingar

Hvenær? 20.00

Hvar? Bankastræti 7, Loft

Ungir umhverfissinnar standa fyrir fræðslu- og spjallkvöldi á Lofti Hosteli í kvöld, 13. febrúar. Sigurður Thorlacius, umhverfisverkfræðingur og ritari Ungra umhverfissinna, mun fara yfir orsakir og afleiðingar loftslagsbreytinga og vísindin sem liggja þar að baki. Útskýrt verður hvernig gróðurhúsáhrifin virka og hvernig vísindamenn hafa metið þróun gróðurhúsalofttegunda



Gerður Huld Arinbjarnardóttir hjá Blush. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

aftur í aldir. Einnig verður farið yfir losun Íslendinga og hvaða þættir eru veigamestir í kolefnisþroski Íslands.

Hvað? Konukvöld Blush

Hvenær? 20.00

Hvar? Hamraborg 1

Í kvöld, miðvikudaginn 13. febrúar, kl. 20.00-22.00 ætlum við hjá Blush að gera okkur glaðan dag og vera með konukvöld. Kynningar á öllum nýjustu vörum okkar. Léttar veitingar. Gerðu þér glaðan dag og kíktu með vinkonum þínum á konukvöld Blush.

Hvað? Sýning á tillögum fyrir Ártúnsholt, Árbæ og Selás

Hvenær? 10.00

Hvar? Borgarbókasafn, Árbæ
HverfisSKIPulag Reykjavíkur er nýtt skipulags sem tekur mið af óskum íbúa og er ætlað að gera hverfin sjálfbærari, vistvænni og meira heilsueflandi. Tillögur að hverfisSKIPulagsáætlunum fyrir Ártúnsholt, Árbæ og Selás eru til sýnis í Borgarbókasafni Árbæjar, þar sem hægt verður að skoða tillögur og leggja inn athugasemdir.

Hvað? Vinsmökkun á náttúrvinum á Hótel Holti

Hvenær? 17.00-21.00

Hvar? Hótel Holt

Vínbóndinn Arnar Bjarnason verður á barnum á Hótel Holti í dag, miðvikudaginn 13. febrúar, frá kl. 17.00 til 21.00. Hann mun kynna fyrir áhugasömum náttúruvín frá Ítalíu, en hægt er að smakka vínin og fræðast um þau á meðan hann verður á staðnum.



Flóttafólk ætlar að mótmæla við Hallgrímskirkju í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

BIRTA
LÍFEYRISSJÓÐUR

Fulltrúar launamanna í stjórn Birtu lífeyrissjóðs

Valnefnd Birtu lífeyrissjóðs auglýsir eftir fulltrúum til þess að taka sæti í stjórn sjóðsins kjörtímabilið 2019–2021. Samkvæmt samþykktum Birtu lífeyrissjóðs (gr. 5.8) hefur valnefnd m.a. þann yfirlýsta tilgang að tryggja að stjórn sjóðsins endurspegli fjölbreytni og breidd í hæfni, reynslu og þekkingu stjórnarmanna sem og að tryggja gagnsæi í málum um tilnefningu stjórnarmanna.

Fulltrúaráð launamanna Birtu kys tvo stjórnarmenn og einn varamann til tveggja ára í stjórn sjóðsins.

Áhugasamir geta gefið kost á sér með því að senda inn umsókn í formi útfyllts framboðseyðublaðs, sem er að finna á vefnum birta.is, á netfangið valnefnd@birta.is fyrir kl. 16.00 fimmtudaginn 28. febrúar 2019.

ÞEIR SEM GEFA KOST Á SÉR SKULU

- vera launamenn sem greiða iðgjald í Birtu lífeyrissjóð
- ekki vera sjálfstætt starfandi atvinnurekendur/einrykjar
- vera fjárhagslega sjálfstæðir og búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu skv. 31. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og 6. gr. reglna FME nr. 180/2013 og fullnægja að öðru leyti þeim kröfum sem gerðar eru um hæfi og hæfni stjórnarmanna skv. framangreindum lögum, reglum FME, samþykktum sjóðsins og starfsreglum valnefndar.
- Skila inn útfylltu framboðseyðublaði með drengskaparyfirlýsingu um að þeir uppfylli skilyrði til slíkrar stjórnarsetu

Allar nánari upplýsingar um stjórnarkjörið, framboðseyðublaðið/yfirlýsinguna og sjóðinn má finna á vefnum birta.is

BIRTA LÍFEYRISSJÓÐUR er fjórði stærsti lífeyrissjóður landsins. Hann varð til við sameiningu Sameinaða lífeyrissjóðsins og Stafa lífeyrissjóðs í desember 2016.

Birta lífeyrissjóður | Sundagörðum 2 | 104 Reykjavík | 480 7000 | birta@birta.is | birta.is

FRANZ ROGOVSKI
PAULA BEER
TRANSIT

GOTT KVÖLD Í BÍÓ PARADÍS

HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

NÁNAR Á BIOPARADIS.IS

Roma (SPANISH W/ENG SUB)	17:30	National Theatre Live - Breska Þjóðleikhúsið
Shoplifters//Búðapjófur (ICE SUB)	17:40	NTL: Antony & Cleopatra (NO SUB) 20:00
Tryggð // The Deposit (ENG SUB)	18:00	Heavy Trip // Hevi Reissu (ENG SUB) 22:00
Transit (GERMAN & FRENCH W/ICE SUB)	20:00	One Cut of the Dead (ENG SUB) 22:15
Damsel (ENGLISH-NO SUB)	20:00	

National Theatre Live
Antony & Cleopatra
by William Shakespeare



Virkir dagar á Rás 2



Morgunútvarpið kl. 6.50

Sigmar, Hulda og Helgi vekja hlustendur með glóðvolgum fréttum og snarpri umfjöllun um samfélagsmál.



Morgunverkin kl. 9

Þórður Helgi spilar allt það besta sem heimurinn hefur alið af sér og hlustendur geta verið með.




Poppland kl. 12.45

Án allra landamæra. Einn elsti og virtasti tónlistarpáttur landsins. Umsjónarmenn: Possi, Ólafur Páll og Karítas.



Síðdegisútvarpið kl. 16

Guðmundur, Hafdís Helga og Andri Freyr halda ykkur vel upplýstum um menn og málefni á leið úr vinnu og spilar nóg af góðri tónlist.



Hvar og hvenær sem þér hentar

Þú finnur uppáhaldsbættina þína í spilara RÚV, á ruv.is eða í nýjum öppum RÚV fyrir snjalltæki.

Miðvikudagur

RÚV SJÓNVARP

- 13.00 Úr Gullkistu RÚV. Útsvar 2012-2013 Kópavogur - Snæfellsbær
- 13.55 Úr Gullkistu RÚV. Mósaík
- 14.30 Úr Gullkistu RÚV. Með okkar augum
- 15.00 Síammyndasmiðir
- 15.30 Úr Gullkistu RÚV. Á tali hjá Hemma Gunn 1987-1988
- 16.40 Úr Gullkistu RÚV. Átjándi öldin með Péttri Gunnarssyni
- 17.15 Paradísarheimt
- 17.45 Tákn málsfréttir
- 17.55 Disneystundin
- 17.56 Nýi skólinn keisarans
- 18.17 Sigildar teiknimyndir
- 18.25 Gullbrá og Björn
- 18.50 Krakkafréttir Fréttapáttur fyrir börn á aldrinum 8-12 ára. Umsjón: Ísgerður Elfa Gunnarsdóttir og Sævar Helgi Bragason.
- 18.54 Vikinglotto
- 19.00 Fréttir Helstu fréttir dagsins af innlendum og erlendum vettvangi. Beinar innkomur frá vettvangi og viðtöl í myndverki þar sem kafað er ofan í hin ýmsu fréttamál.
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 19.50 Menningin Menningarþáttur þar sem fjallað er á snarpan og líflegan hátt um það sem efst er á baugi hverju sinni í menningar- og listalífnu, jafnt með innslögum, fréttaskýringum, gagnrýni, pistlum og umræðu.
- 20.00 Kiljan Þáttur sem er löngu orðinn ómissandi í bókmennta- umræðunni í landinu. Egill og bókelskir félagar hans fjalla sem fyrr um forvitnilegar bækur af ýmsum toga og úr öllum áttum.
- 20.40 Nálspor tímans A Stitch in Time
- 21.10 Nútímafjölskyldan Sænsk þáttaröð um flækjurnar sem geta komið upp í samsettum fjölskyldum. Lisa og Patrik eiga bæði börn úr fyrri samböndum og gera sitt besta til að fjölskyldulífið gangi vel fyrir sig. Það gerir þeim þó erfitt fyrir að börnin eru ekkert sérlega spennt fyrir nýju stjúppforeldrunum sínum, fyrrverandi eiginmaður Lisu hefur ekki enn sætt sig við að hjónabandinu sé lokið og fyrrverandi konu Patriks finnst þau öll vera alveg vonlaus.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veður
- 22.20 Draumafangari Heimildarmynd um Brendu Myers-Powell, sem var vændiskona í Chicago í 25 ár. Hún stýrir nú góðgerðarsamtökum sem aðstoða unga þolendur vændis að losna úr klóm iðnaðarins og fóta sig að nýju.
- 00.00 Kveikur Vikulegur fréttaskýringarþáttur sem tekur á málum bæði innan lands og utan. Þátturinn er í anda klassískra fréttaskýringarþátta með áherslu á rannsóknarblaðamennsku. Ritstjóri er Þóra Arnórsdóttir en ritstjórnina skipa Ingólfur Bjarni Sigfússon, Sigríður Halldórsdóttir og Lára Ómarsdóttir.
- 00.35 Kastljós
- 00.50 Menningin
- 01.00 Dagskrárlök

GOLFSTÖÐIN

- 08.00 AT&T Pebble Beach
- 13.00 PGA Highlights
- 13.55 Golfing World
- 14.45 AT&T Pebble Beach
- 20.15 Golfing World
- 21.05 Champions Tour Highlights
- 22.00 Waste Management Phoenix Open

ÚTVARP

- FM 88,5 XA-Radíó
- FM 89,5 Retro
- FM 90,1 Rás 2
- FM 90,9 Gullbylgjan
- FM 93,5 Rás 1
- FM 95,7 FM957

SJÓNVARP SÍMANS

- 08.00 Dr. Phil
- 08.45 The Tonight Show
- 09.30 The Late Late Show
- 10.15 Síminn + Spotify
- 12.00 Everybody Loves Raymond
- 12.20 King of Queens
- 12.40 How I Met Your Mother
- 13.05 Dr. Phil
- 13.50 The Kids Are Alright
- 14.15 A Million Little Things
- 15.05 Ally McBeal
- 16.00 Malcolm in the Middle
- 16.20 Everybody Loves Raymond
- 16.45 King of Queens
- 17.05 How I Met Your Mother
- 17.30 Dr. Phil
- 18.15 The Tonight Show
- 19.00 The Late Late Show
- 19.45 Life in Pieces
- 20.10 Charmed
- 21.50 Bull
- 22.35 Elementary
- 23.20 The Tonight Show
- 00.05 The Late Late Show
- 00.50 NCIS
- 01.35 NCIS Los Angeles
- 02.20 A Million Little Things
- 03.10 The Resident
- 03.55 How to Get Away with Murder
- 04.40 Síminn + Spotify
- 06.00 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

- 06.45 Morgunbæn og orð dagsins
- 06.50 Morgunvaktin
- 07.00 Fréttir
- 07.30 Fréttayfirlit
- 08.00 Morgunfréttir
- 08.30 Fréttayfirlit
- 09.00 Fréttir
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.00 Fréttir
- 10.03 Veðurfregnir
- 10.13 Á reki með KK
- 11.00 Fréttir
- 11.03 Mannlegi þátturinn
- 12.00 Fréttir
- 12.02 Hádegisútvarp
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.40 Veðurfregnir
- 12.50 Dánarfregnir
- 12.55 Samfélagið
- 14.00 Fréttir
- 14.03 Tónlist frá A til Ö
- 15.00 Fréttir
- 15.03 Samtal Samtal um ríkisvald og trúarbrögð – Davíð Þór Björgvinsson
- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.05 Viðsjá
- 17.00 Fréttir
- 17.03 Lestin
- 18.00 Spegillinn
- 18.30 Útvarp Krakka RÚV
- 18.50 Veðurfregnir
- 18.53 Dánarfregnir
- 19.00 Endurómur úr Evrópu
- 20.35 Mannlegi þátturinn
- 21.35 Kvöldsagan. Ör Sjötti lestur
- 22.00 Fréttir
- 22.05 Veðurfregnir
- 22.10 Samfélagið
- 23.05 Lestin
- 00.00 Fréttir
- 00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

- 12.55 Batman and Harley Quinn
- 14.10 Gifted
- 15.50 She's Funny That Way
- 17.25 Batman and Harley Quinn
- 18.40 Gifted
- 20.20 She's Funny That Way
- 22.00 Page Eight
- 23.45 The Mountain Between Us
- 01.40 American Honey
- 04.20 Page Eight

STÖÐ 2

- 07.00 The Simpsons
- 07.25 Ævintýri Tinna
- 07.50 Friends
- 08.10 The Middle
- 08.30 Ellen
- 09.15 Bold and the Beautiful
- 09.35 The Newsroom
- 10.30 Enlightened
- 11.00 The Big Bang Theory
- 11.20 Bomban
- 12.10 Fósturbörn
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 Masterchef The Professionals Australia
- 14.30 Margra barna mæður
- 15.00 Dýraspítalinn
- 15.30 Tveir á teini
- 16.05 Svörum saman
- 16.35 Kevin Can Wait
- 17.00 Bold and the Beautiful
- 17.20 Nágrannar
- 17.45 Ellen
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.55 Ísland í dag
- 19.10 Sportpakinn
- 19.20 Veður
- 19.25 Vikingalottó
- 19.30 Mom
- 19.50 Jamie's Quick and Easy Food
- 20.15 Heimsókn
- 20.35 Grey's Anatomy
- 21.20 The Good Doctor
- 22.05 Lovleg
- 22.30 Suits
- 23.15 NCIS
- 00.00 The Blacklist
- 00.45 Magnum P.I
- 01.30 Counterpart
- 02.25 Room 104
- 02.55 Six Feet Under
- 03.55 Six Feet Under
- 04.50 Six Feet Under
- 05.50 Camping

STÖÐ 3

- 19.05 Modern Family
- 19.30 Silicon Valley
- 20.00 Seinfeld
- 20.25 Friends
- 20.50 Man Seeking Woman
- 21.15 All American
- 22.00 The New Girl
- 22.25 Game of Thrones
- 23.20 Supergirl
- 00.05 Arrow
- 00.50 Silicon Valley
- 01.20 Seinfeld
- 01.45 Tónlist

STÖÐ 2 SPORT

- 08.15 Spænsku mörkin
- 08.45 Ítölsku mörkin
- 09.15 Meistaradeildarmörkin
- 09.45 Huddersfield - Arsenal
- 11.25 Crystal Palace - West Ham
- 13.05 Fulham - Manchester United
- 14.45 Premier League Review
- 15.40 Roma - Porto
- 17.20 Manchester United - PSG
- 19.00 Meistaradeildarmörkin
- 19.30 Meistaradeildin - upphitun
- 19.50 Tottenham - Dortmund Bein útsending.
- 22.00 Meistaradeildarmörkin

STÖÐ 2 SPORT 2

- 07.45 Brighton - Burnley
- 09.25 Watford - Everton
- 11.05 Southampton - Cardiff
- 12.45 Messan
- 13.50 Evrópudeildin - fréttapáttur
- 14.40 Alaves - Levante
- 16.20 Super Bowl LIII. LA Rams - New England Patriots
- 19.20 NFL Gameday
- 19.50 Ajax - Real Madrid Bein útsending.
- 22.00 Tottenham - Dortmund
- 23.50 Atletico Madrid - Real Madrid

- FM 96,3 FM Suðurland
- FM 96,7 Létt Bylgjan
- FM 97,7 X-ið
- FM 98,9 Bylgjan
- FM 99,4 Útvarp Saga
- FM 100,5 K100

- FM 102,9 Lindin

Söngleikurinn

XANNAÐI



NEMENDAMÓTSNEFND VÍ 2018-2019

Jógahúð stærsta förðunartrendið

Förðunartískan er sjaldan byltingarkennd en okkur þykir engu að síður einstaklega gaman að skyggjast baksviðs hjá stærstu tískuhúsum heims og fá innblástur.

Vortrendin í ár snúast að mestu leyti um náttúrulega og ljómandi húð sem tískuspekúlantarnir vestanhafs vilja lýsa sem jógahúð, það er að þú glansir eins og þú sért nýkomin úr jógatíma. Í öðrum fréttum þá á rauði varaliturinn upp á pallborðið eins og svo oft áður og hlýir litatónar í augnförðun halda vinsældum sínum áfram. Helga Kristjáns, blaðamaður og förðunarfræðingur, tekur á næstunni við sem förðunarritstjóri tímaritsins Glamour. Helga er enginn nýgræðingur í bransanum en hún hefur bæði starfað sem förðunarritstjóri Nýs lífs og skrifað um tísku og förðun í Vikuna í mörg ár. Við gripum tækifærið og fengum hana til þess að segja okkur frá því helsta í förðunartískunni í vor og mæla með réttu snyrtivörum í verkið. bjork@frettabladid.is



Helga Kristjáns tekur við sem förðunarritstjóri Glamour en hún er með áralanga reynslu í bransanum.



Sumarleg og frískleg förðun þar sem blautur kinnaliturfur leikur stórt hlutverk.

BLAUTUR KINNALITUR

Við kolféllum fyrir útlitinu hjá Alberta Ferretti. Húðin einstaklega glansandi og frísklegur litur notaður á epli kinnanna. Blautir kinnaliturfur gera heilmikið fyrir heildarútlitið. Þeir eru sérstaklega vinsælir á vorin og sumrin, vegna þess hversu náttúrulegir þeir eru og blandast vel inn í húðina. Við mælum með Blush Subtil-kinnalitunum frá Lancôme, sem koma í svampformi. Beach Tint frá Becca er einnig einstaklega falleg snyrtivara sem hægt er að nota á kinnar jafnt og varir.

Við mælum með Blush Subtil-kinnalitunum frá Lancôme, sem koma í svampformi.




GLOSSÍ

Glossi er lýsingarorð sem var gjarnan notað fyrir húðfyrirsætanna á vortískusýningarþöllum stærstu tískuhúsanna.

Notaðu Skin Love Glaze-highlighterinn frá Becca í stiftformi efst á kinnbeinin til að framkalla náttúrulegan ljóma.

JÓGAHÚÐ

Nú vilja tískuspekúlantar hvíla áberandi highlightera og gefa húðinni náttúrulegri ljóma, líkt og þú hafir verið að koma úr jógatíma. Við mælum með því að þú leitir í raka-gefandi serum eða farðagrunna með ljómaögnum í, sem grunna húðina einstaklega fallega. Við elskum Becca Backlight Priming Filter.



Fyrirsæta hjá Badgley Mischka með sjúklega sexí húð.

LÍFRÆN VOTTUN

Fréttablaðið vinnur í samstarfi við Vottunarstofuna Tún að sérblaði í tilefni 25 ára afmælis þeirra. Blaðið mun innihalda allskyns fróðleik um lífrænar afurðir, ásamt viðtölum og umfjöllunum. Blaðið kemur út 21. febrúar nk.

Vertu viss um að tryggja þér gott auglýsingapláss í langmest selda blaði landsins.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir

Jón Ívar Vilhelmsson markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 550 5654 / jonivar@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Ragnar Ebba er yngsti kvikmyndaleikari sögunnar

Fréttablaðið sagði í byrjun janúar frá leit að konu sem væri komin á steypirinn og gæti hugsað sér að leyfa leikstjóranum Rúnari Rúnarsyni að kvikmynda fæðinguna fyrir atriði í kvikmyndini, Echo.

Sara Benediktsdóttir gaf sig fram á elleftu stundu eftir að hafa lesið fréttina og skömmu síðar ól hún dreng, sem hefur fengið nafnið Ragnar Ebba, á meðan Rúnar festi dýrmæt augnablikin á filmu.

„Ég hélt að þetta yrði skrytið, að hafa kameruna þarna inni í her-

berginu en svo var ég náttúrliga í einhverjum allt öðrum þælingum þegar á hólminn var komið og var ekkert að þæla í þeim þegar fæðingin var í gangi,“ segir Sara í samtali við Fréttablaðið.

Hún segir næsta víst að frumburður hennar sé yngsti kvikmyndaleikari Íslandssögunnar. Hann er alger kvikmyndastjarna,“ segir stolt móðirin sem sér ekki eftir því að hafa ákveðið að varðveita fæðingu sonarins í bíómynd.

– þþ



Porkell Emilsson og Sara Benediktsdóttir eru stoltir foreldrar yngsta kvikmyndaleikara landsins, Ragnar Ebba, sem dregur andann í fyrsta sinn í næstu bíómynd Rúnars Rúnarsónar. MYND/ELLI CASSATA

FERSKJU-OG APPELS- ÍNUTÓNAR Á AUGU

Nú hafa kaldir litatónar í augnskuggum verið úti í kuldanum síðustu árin, svo miklum kulda að hætt verður að framleiða upprunalegu Naked-augnskuggapallettuna frá Urban Decay. Það er engum blöðum um það að fletta að heitir augnskuggar eru einmitt það – sjóðheitir. Í vor verða ferskjulitir og appelsínutónar áberandi og þá jafnvel á augum og vörum á sama tíma. On the Run Mini-pallettan frá Urban Decay í litnum Detour er ágætis millilending og inniheldur nokkuð klæðilega skugga sem dýfa tánni ofan í þetta ferska trend.



Dýfðu tánni ofan í trendið með þessari klæðilegu augnskuggapallettu frá Urban Decay.



Feriskjultuð augu og varir baksviðs hjá Antonio Marras.



AÐALFUNDUR MAREL HF. 2019

Aðalfundur Marel hf. verður haldinn í höfuðstöðvum félagsins að Austurhrauni 9, 210 Garðabæ, miðvikudaginn 6. mars nk., kl. 16:00.

Dagskrá:

- Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt grein 4.13 í samþykktum félagsins.
- Skýrsla um framkvæmd starfskjarastefnu.
- Tillaga um kaupréttarkerfi.
- Tillaga um lækun hlutafjár.
 - Lækun á eigin hlutum félagsins vegna undirbúnings mögulegrar tvíhliða skráningar félagsins.
- Breytingar á samþykktum félagsins:
 - Grein 15.1 – heimild stjórnar til útgáfu nýrra hlutabréfa í tengslum við kaupréttarsamninga starfsmanna að nafnverði allt að kr. 35.000.000 endurnýjuð til fimm ára;
 - Grein 15.2. – heimild stjórnar til útgáfu nýrra hlutabréfa í tengslum við möguleg fyrirtækjakaup félagsins að nafnverði allt að kr. 100.000.000 endurnýjuð til fimm ára;
 - Nýrri grein 15.3. verði bætt við samþykktir félagsins þess efnis að stjórn félagsins hafi heimild til útgáfu nýrra hlutabréfa að nafnverði allt að kr. 100.000.000 í tengslum við mögulega tvíhliða skráningu félagsins. Hluthafar falli frá forkaupsrétti vegna útgáfunnar.
- Tillaga um að heimila félaginu að kaupa eigin hlutabréf.
- Önnur mál, löglega borin fram.

Fundarstörf munu fara fram á ensku.

Sérstaklega er bent á að þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn skulu tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins að minnsta kosti fimm sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar, þ.e. fyrir kl. 16:00 föstudaginn 1. mars.

Hluthafar eiga rétt á að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á hluthafafundi og skal kröfu þar um fylgja rökstuðningur eða drög að ályktun til stjórnar. Til þess að tillögur frá hluthöfum sem leggja á fyrir á fundinum verði teknar þar til umræðu verður að skila þeim til stjórnar félagsins eigi síðar en tíu dögum fyrir fundinn, þ.e. fyrir kl. 16:00 sunnudaginn 24. febrúar. Hafi hluthafar krafist þess að tiltekið mál eða ályktun verði tekin fyrir verða endanleg dagskrá og tillögur uppfærðar á vefsvæði félagsins eigi síðar en þremur dögum fyrir hluthafafundinn.

Á aðalfundarvef félagsins, www.marel.com/agm, er að finna allar frekari upplýsingar í tengslum við aðalfundinn, þ.m.t. frekari upplýsingar um rétt hluthafa til að fá mál sett á dagskrá hluthafafundar og leggja fram ályktunartillögur fyrir fundinn, drög að dagskrá fundarins, tillögur stjórnar félagsins, ársreikning félagsins fyrir árið 2018, upplýsingar um heildarfjölda hluta og atkvæðafjölda í félaginu m.v. 12. febrúar 2018, umboðsform auk upplýsinga um skjöl sem lögð verða fyrir fundinn.

Ekki er gert ráð fyrir að atkvæðagreiðslur á aðalfundinum verði skriflegar nema einhver fundarmanna krefjist þess eða fundarstjóri úrskurði um annað. Ekki verður hægt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum. Óski hluthafi að taka fyrirfram þátt í atkvæðagreiðslu bréflaga eru atkvæðaseðlar aðgengilegir á framangreindri vefsíðu aðalfundarins ásamt nánari upplýsingum um framkvæmd bréflugar atkvæðagreiðslu. Atkvæði þurfa að berast á skrifstofu félagsins að Austurhrauni 9, 210 Garðabæ fyrir kl. 15:30 á aðalfundardag 6. mars.

Endanleg dagskrá fundarins og tillögur verða gerðar aðgengilegar hluthöfum sjö dögum fyrir fundinn á framangreindum vef félagsins sem og á skrifstofu félagsins að Austurhrauni 9, 210 Garðabæ.

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja aðalfund fyrir sína hönd. Umboðsmenn hluthafa skulu framvísa skriflegum umboðum við inngang. Atkvæðaseðlar og önnur gögn verða aðgengileg á fundarstað frá kl. 15:30.

Stjórn Marel hf.

ADVANCING
FOOD PROCESSING

ENDURNÝJUN OG VIÐHALD

Löggiltur rafverktaki

Sími:

696 5600

rafsol@rafsol.is



Síðumúla 34 • 108 Reykjavík
Sími 696 5600 • rafsol@rafsol.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



SAFT

DORMA

Láttu drauminn ræstast

FIMMTUD. 14. FEBRÚAR
LOKAÐ Á SMÁRATORGI
VEGNA VÖRUTALNINGAR
OPIÐ Í DORMA HOLTAGÖRÐUM

FÖSTUD. 15. TIL SUNNUD. 17. FEBRÚAR
LOKAÐ Í HOLTAGÖRÐUM VEGNA
ÁRSHÁTÍÐAR STARFSMANNA
**OPIÐ Í DORMA Á SMÁRATORGI
ALLA HELGINA**

HEFÐBUNDINN OPNUNARTÍMI
DORMA Á AKUREYRI OG ÍSAFIRÐI



Almennur afgreiðslutími Rvk
Mán. til föst. kl. 10-18 (Holtagörðum)
Mán. til föst. kl. 11-18:30 (Smáratorgi)
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorgi)

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Láttu drauminn ræstast

Lætur versta óvin sinn ekki aftra sér

Lagið Sideways kom út á dögunum, það fyrsta sem **Tómas Welding**, 20 ára Hafnfirðingur, gefur út. Tómas lætur sinn versta óvin, sjúkdóminn Tourette, ekki aftra sér frá að sækja fram á tónlistarsviðinu.

Tómas samdi texta lagsins og syngur það ásamt Tobbu systur sinni. Þetta eru þó ekki hans fyrstu skref inn í tónlistarheiminn því Tómas er vanur að vera á bak við myndavélina að taka upp tónlistarmyndbönd fyrir meðal annars JóaPé og Króla, Chase, YXY og fleiri tónlistarmenn. Tómas hefur starfað sem kvikmyndagerðarmaður undanfarin þrjú ár en starfar nú hjá stafrænu auglýsingastofunni KIWI og lá því leiðin ekki beint inn í lagasmíði og söng. Hann man þó eftir sér ungum að syngja mikið en hefur verið feimin við að syngja fyrir aðra. Tómas þakkar Benna vini sínum, sem er meðlimur í teyminu Séra Bjössu, fyrir það hvernig hann tók sín fyrstu skref í að gefa út sitt fyrsta lag. „Það var ekki fyrr en félagi minn Benni, sem er í Séra Bjössu hópnunum, fékk mig til sín í stúdíó að búa til takta þegar ég lét bara á það reyna að syngja fyrir framan hann. Það gekk bara eins og í sögu og við erum langt komnir með albúm eins og er.“

Verst að fara í bió með Tourette Þeir sem þekkja Tómas vita að hann er ófeiminn við að tala um sjúkdóminn sem hann hefur þjáðst af í 13 ár, Tourette. Sjúkdómurinn er stór partur af lífi hans en Tómas kallar hann sinn versta óvin. „Verst er að fara í bió með Tourette, því kippirnir og hljóðin eiga það til að koma fram og öðrum biógestum er ekki skemmt, halda jafnvel að ég sé með stæla. Ég fór til dæmis fyrir svona fjórum árum í bió á frekar rólega mynd. Sat þarna á meðan spennan í myndinni var að byggjast upp hægt og rólega. Það var þá sem Tourette ákvað að láta vita af sér og ég fékk ákveðið Tourettekast. Það leið ekki á löngu þar til ung kona stóð upp fyrir framan mig og sagði í frekar hvössum tón: „Ertu til í að halda kjafti?“ En ég sá strax á andlitinu á stráknunum sem hún var þarna með að hann þekkti Tourette, enda dró hann hana með sér út í hléinu. Svona hlutir hafa oft skeð og það er líka oft sem fólk heldur að ég sé að hlæja að einhverju sem



Tómas Welding ásamt systur sinni Tobbu sem syngur með honum í laginu Sideways sem er fyrsta lagið á væntanlegri plötu. MYND/TARA TJÖRVADÓTTIR

ÞAD LEIÐ EKKI Á LÖNGU ÞAR TIL UNG KONA STÓÐ UPP FYRIR FRAMAN MIG OG SAGÐI Í FREKAR HVÖSSUM TÓN „ERTU TIL Í AÐ HALDA KJAFTI?“



kannski á ekki við.“

Tómas segir að Tourette-einkennin eigi eftir að verða áberandi þegar hann fer að færa sig upp á svið að flytja tónlist sína fyrir framan áhorfendur enda verða einkennin meiri undir álagi og spennu. Hann segist þó ekki velja sér upp úr því eins og staðan er. „Tourette á ekki að vera eitthvað sem heldur aftur af manni, þó svo það geti oft látið frekar mikið fyrir sér fara. Þetta verður bara hluti af persónunni sem maður er og fólk venst því alveg að umgangast þetta. En eins og með þessa hugsun, að fara upp á svið og fá kækja þar, það

er kannski ógnandi en alls enginn heimsendir.“

Lagið Sideways er fyrsta lag plötu sem Tómas er með í bígerð og ætlar sér að gefa út á næstu misserum. Aðspurður segir Tómas að hann hafi stax fílað lagið og söngnum hafi verið náð í einni töku en textinn var þá enn óformaður og Tómas söng einfaldlega það sem kom til hans í upptökunni í takt við lagið.

Hefur gert fjölmörg tónlistarmyndbönd

Tómas hefur mikla ástríðu fyrir kvikmyndagerð og byrjaði boltinn að rúlla þegar hann tók upp lítið tónlistarmyndband fyrir vini sína, þá JóaPé og Króla, fyrir lagið Spreða. Eftir það opnuðust margar dyr og fólk víðs vegar fór að biðja hann um myndbandsgerð af ýmsu tagi. Þá gerði hann einnig tónlistarmyndbandið við lagið „Ég vil það“ með JóaPé og Chase. Tómas hóf nám við Kvikmyndaskóla Íslands aðeins 17 ára en varð fljótlega eftirsóttur í ýmis verkefni og lagði því náníð á hilluna eftir aðeins eina önn en útilokar ekki frekara nám. Tómas hafði ekki mikið hugað að lagasmíði áður, en hafði leikið sér við að búa til takta eða „beats“. Hann segist ekki fókusa mikið á textagerð en hún fæðist í lok ferlisins þegar takturinn er tilbúinn. Hann er þó spenntur yfir lagi sem kemur út seinna á árinu þar sem hann á heidurinn af textagerð, það lag er unnið með JóaPé og finnst honum ekki ólíklegt að það verði sumar-smellur. bjork@frettabladid.is

HVER VANN?

Sportíð á frettabladid.is færir þér allar nýjustu fréttirnar úr heimi íþróttanna.



f Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook

SÍMAR AUGLÝSINGAÐELDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jóhanna Helga Viðardóttir johannahelga@frettabladid.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Gústaf Bjarnason gustaf@frettabladid.is, Hjördís Zoëga Hjördís hjordis@frettabladid.is, Sigfús Örn Einarsson sigfus@frettabladid.is, Svava O'Brien svava@frettabladid.is, Örn Geirsson orn.geirsson@frettabladid.is, **FÓLK/SERBLÓÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann atli@frettabladid.is, Arnar Magnússon arnar@frettabladid.is, Jóhann Waage johannwaage@frettabladid.is, Jón Ivar Vilhelmsson jonivar@frettabladid.is, Ruth Bergsdóttir ruth@frettabladid.is, **FÓLK OG SERBLÓÐ EFNÍ:** Benedikt Boas Hinriksson benediktboas@frettabladid.is, **RADAUGLÝSINGAR / FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason hrannar@frettabladid.is, Viðar Ingi Pétursson vidar@frettabladid.is, **ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@frettabladid.is, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@frettabladid.is



.....
 Þú getur
 horft á fyrri
 þáttaraðir á

2 MARAÞON

Í KVÖLD

Heimsókn

Heimsókn snýr aftur á Stöð 2. Sindri Sindrason heimsækir sannkallaða fagurkera, sem hafa einstakan áhuga fyrir heimili sínu og húsmunum. Heimilin eru jafn ólík og þau eru mörg en eiga það þó sameiginlegt að vera sett saman af alúð og smekklegheitum.

Tryggðu þér áskrift
stod2.is | 1817



BAKÞANKAR

Davíðs
Þorlákssonar



Kjósa að kjósa ekki

Meirihlutinn í Reykjavík ákvað að nota skattpeninga til að hvetja tryggustu kjósendahöpa sína til að mæta á kjörstað í síðustu kosningum. Fyrir utan hinn augljósa dómgreindarrest sem felst í því vekur það upp spurningar um hlutverk hins opinbera og hvaða sýn stjórn mála- og embættismenn hafa á það. Þeim hættir nefnilega til þess að breytast í samfélagsverkfræðinga sem telja að hlutverk sitt sé að gera alla mögulega þætti samfélagsins betri, að þeirra mati. Þetta gildir bæði um stjórn málamenn á vinstri og hægri vængnum.

Vandamálin við þetta eru margvísleg. Í fyrsta lagi vilja fæstir að hið opinbera sé allt um lykandi í öllum mannlegum þáttum daglegs lífs. Fólk greinir vissulega á um hvert umfang hins opinbera ætti að vera, en flest erum við sammála um að því ættu að vera einhver takmörk sett. Í öðru lagi erum við ekki öll sammála um það hvað gerir samfélagið betra. Í þriðja lagi kostar þetta allt peninga. Það eru peningar sem eru teknir úr vösum skattgreiðenda og gera það að verkum að þeir hafa minna á milli handanna.

Fyrir sveitarstjórnarmenn er nærtækt að einbeita sér að lögbundnum hlutverkum sínum. Aukin kosningabátttaka er það ekki og ætti ekki að vera markmið í sjálfu sér. Það er hrokafullt viðhorf að fólk sem kys ekki sé ekki að sinna samfélagslegri skyldu sinni og þurfi bara meiri fræðslu til að skilja það. Að kjósa að kjósa ekki er líka ákveðin afstaða. Sú afstaða er meiri áfellsdómur yfir stjórn málamönnum en kjósendum.

FYRIR SVANGA
FERÐALANGA

Kvikk
ON THE GO

FYRIR SVANGA
FERÐALANGA

TORTILLA
OG GOS*
COMBO VERÐ:
499 KR



*0.5 l gos í plasti frá Ölgerðinni. Tilbúin vara, ekki hægt að breyta.

Kvikk
ON THE GO

VORIÐ KALLAR Á ÞIG!

LONDON FRÁ
4.999 kr.*

Ferðatímabil: apríl - maí 2019

KAUPMANNAHÖFN FRÁ
4.999 kr.*

Ferðatímabil: febrúar - maí 2019

DUBLIN FRÁ
6.999 kr.*

Ferðatímabil: febrúar - maí 2019

FRANKFURT FRÁ
6.999 kr.*

Ferðatímabil: febrúar - maí 2019

PARÍS FRÁ
6.999 kr.*

Ferðatímabil: febrúar - maí 2019

AMSTERDAM FRÁ
6.999 kr.*

Ferðatímabil: febrúar - maí 2019



Vorið er rétt handan við hornið og WOW air býður betra verð til flottustu borganna. Hvernig hljómar Goethe og gott vín í Frankfurt, skrall og skemmtun í Dublin eða túlúpanar og tréklossar í Amsterdam? Vel, ekki satt! Svo má ekki gleyma því að lífið er ljúft í London, elsku París er ávallt á la mode, oui, oui, og það er alltaf hægt að hafa það WOW í Köben.

WOW
air